




FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Gæði og Gestrisni



Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum
í uppsveitum Árnessýslu

2004-2008

Gæði og Gestrisni

stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008

Unnið fyrir Grímsnes-og Grafningshrepp, Bláskógabyggð,
Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp

október 2003

Verkefnisstjórn

Ásborg Arnþórsdóttir

Rögnvaldur Guðmundsson

Sigurður Bjarnason

Umsjón og samantekt

Rögnvaldur Guðmundsson

Efnisyfirlit

Samantekt	3
1.0 Inngangur	7
1.1 Vinnulag	7
1.2 Markmið og uppbygging	9
2.0 Ferðaþjónusta á alþjóðavísu, á Íslandi og í uppsveitunum	10
2.1 <i>Ferðaþjónusta á alþjóðavísu</i>	10
2.1.1 Þróunin frá 1950	10
2.1.2 Staðan 2002	11
2.1.2 Fram til 2020	12
2.2 <i>Ferðaþjónusta á Íslandi</i>	13
2.2.1 Þróunin frá 1950	13
2.2.2 Vaxtarmöguleikar í afþreyingu	14
2.2.3 Fram til 2020	18
2.3 <i>Íslendingar í Árnassýslu og uppsveitunum 2002</i>	19
2.3.1 Fjöldi gesta, gistinguátta og heimsókna	19
2.4 <i>Erlendir ferðamenn á Suðurlandi og í uppsveitunum 2003</i>	24
2.4.1 Gistinguætur	24
2.4.2 Fjöldi gesta	25
2.5 <i>Allir ferðamenn í uppsveitunum 2002-2003</i>	27
3.0 Ferðaþjónusta í uppsveitum Árnassýslu - stöðumat og aðgerðir eftir málaflokkum	30
3.1 <i>Þróun ferðamála í uppsveitum 1997-2003</i>	30
3.2 <i>Skipulag og stjórnun ferðamála</i>	31
3.2.1 Stöðumat	31
3.2.2 Aðgerðir og nýbreytni	34
3.3 <i>Samvinna</i>	36
3.3.1 Stöðumat	36
3.3.2 Aðgerðir og nýbreytni	37
3.4 <i>Gisting, veitingar og verslun</i>	41
3.4.1 Stöðumat	41
3.4.2 Aðgerðir og nýbreytni	43
3.5 <i>Handverk og listir</i>	45
3.5.1 Stöðumat	45
3.5.2 Aðgerðir og nýbreytni	46
3.6 <i>Samgöngur og fjarskipti</i>	47
3.6.1 Stöðumat	47
3.6.2 Aðgerðir og nýbreytni	47

3.7	<i>Merkingar, fræðsluskilti og aðgengi</i>	53
3.7.1	Stöðumat	53
3.7.2	Aðgerðir og nýbreytni	54
3.8	<i>Útgáfa og markaðssetning</i>	55
3.8.1	Stöðumat	55
3.8.2	Aðgerðir og nýbreytni	57
3.9	<i>Upplýsingagjöf</i>	60
3.9.1	Stöðumat	60
3.9.2	Aðgerðir og nýbreytni	61
3.10	<i>Afbreyting og viðburðir</i>	63
3.10.1	Stöðumat	64
3.10.2	Aðgerðir og nýbreytni	66
3.11	<i>Gæðamál og menntun</i>	75
3.11.1	Stöðumat	75
3.11.2	Aðgerðir og nýbreytni	76
3.12	<i>Umhverfismál</i>	78
3.12.1	Stöðumat	78
3.12.2	Aðgerðir og nýbreytni	78
3.13	<i>Menningar- og heilsuferðapjónusta</i>	80
3.13.1	Stöðumat	81
3.13.2	Aðgerðir og nýbreytni	83
3.14	<i>Nýting hálandisins fyrir ferðapjónustu og útivist</i>	85
3.14.1	Skipulag hálandisins	85
3.14.2	Stöðumat	89
3.14.3	Aðgerðir og nýbreytni	90
4.0	Stöðumat og aðgerðir eftir hreppum	91
4.1	<i>Grímsnes- og Grafningshreppur</i>	91
4.1.1	Stöðumat	91
4.1.2	Aðgerðir og nýbreytni	92
4.2	<i>Bláskógabyggð</i>	94
4.2.1	Stöðumat	94
4.2.2	Aðgerðir og nýbreytni	95
4.3	<i>Hrunamannahreppur</i>	99
4.3.1	Stöðumat	99
4.3.2	Aðgerðir og nýbreytni	100
4.4	<i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>	103
4.4.1	Stöðumat	103
4.4.2	Aðgerðir og nýbreytni	104
	Heimildir	108
	Viðauki	109

Samantekt

Ferðapjónusta á alþjóðavísu, á Íslandi og í uppsveitunum

Ferðapjónustan er stærsta atvinnugrein veraldar. World Tourism Organization (WTO) spáir því að árið 2020 muni ferðir fólks á milli landa í heiminum verða um 1,6 milljarðar talsins en þær eru nú 0,7 milljarðar. Ferðamenn til Íslandi árið 1950 voru 4 þúsund en árið 2003 er líklegt að þeir verði um 320 þúsund, auk um 30 þúsund farþega með skemmtiferðaskipum. Talið er raunhæft að ferðamenn til Íslands verði orðnir ein milljón árið 2020 og að gjaldeyristekjur af þeim verði þá nálægt 100 milljarðar króna á núvirði .

Um eða yfir 80% erlendra ferðamanna heimsækja uppsveitir Árnassýslu, en flestir fara að Gullfossi, Geysi og Þingvöllum en síðan að Laugarvatni, Skálholti og Flúðum. Minnihluti þeirra gistir á svæðinu. Miðað við sama hlutfall árið 2020 gætu erlendir ferðamenn í uppsveitunum verið orðnir um 800 þúsund. Íslendingar eru enn mun mikilvægari fyrir ferðapjónustu í uppsveitunum en erlendir ferðamenn og þeir dreifast betur um svæðið. Áætlað er að um 150 þúsund Íslendingar hafi komið í nálægt 700 þúsund heimsóknum í uppsveitirnar árið 2020, að jafnaði í 4-5 skipti hver, og að gistinætur þeirra hafi verið álíka margar. A.m.k. 70% gistinátta Íslendinga í uppsveitunum eru í sumarhúsum.

Mikill vöxtur hefur einkennt ferðapjónustu í uppsveitum Árnassýslu frá því að fyrsta stefnumótun í ferðamálum þar var unnin. Á tímabilinu 1997-2003 er þannig áætlað að störfum þar sem að miklu eða öllu leyti snúa að ferðapjónustu hafi fjölgað um 70 og að þau séu nú 230-240 talsins. Það bendir því flest til að ferðapjónusta sé nú stærsta atvinnugreinin í uppsveitunum í störfum talið. Þá hefur sumarhúsum (hjólhýsi meðtalin) fjölgað um 20% á sama tímabili, úr 3400 í 4100. Gististöðum fjölgaði á tímabilinu um rúmlega 50% og gistiherbergjum um 18%. Þá hefur afþreying aukist umtalsvert. Ferðamannatíminn í uppsveitum hefur heldur verið að lengjast í báðar áttir en betur má ef duga skal. Allt bendir til þess að vöxtur ferðapjónustu í uppsveitum Árnassýslu haldi áfram og er full ástæða til bjartsýni í þeim efnum, ekki síst ef ferðapjónustuaðilar, sveitarfélög og þeirra samvinnuaðilar héraendis og erlendis taka höndum saman með Gæði og Gestrisni að leiðarljósi.

Ferðapjónusta í uppsveitunum, aðgerðir eftir málaflokkum

Helstu markmið með stefnumótun og aðgerðum í ferðamálum fyrir uppsveitir Árnassýslu 2004-2008 eru af þrjú:

- Fjölga ársverkum í ferðapjónustu
- Auka tekjur af ferðamönnum
- Styrkja jákvæða ímynd uppsveitanna

Í greinargerðinni, kafla 3, eru styrkleikar og veikleikar uppsveitanna metnir eftir málaflokkum er tengjast ferðaþjónustu. Jafnframt eru sett fram fjölmörg undirmarkmið og tillögur um aðgerðir til að ná þeim. Hér verður aðeins stikað á stóru og nefndar helstu aðgerðir sem lagt er til að framkvæmdar verði á næstu árum.

Í stjórnun ferðamála og samvinnu er lagt til að samvinnufundir ferðaþjónustuaðila verði haldnir á hverju ári og samvinna og virkni ferðamálanefnda verði eflað. Einnig að aukin áhersla verði lögð á samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og félög og á þátttöku í evrópskum samstarfsverkefnum á sviði ferðamála.

Hvatt er til aukinnar áherslu á nýtingu staðareinkennandi hráefna í veitingum og að hafa í boði íslenskan skyndibita auk þess hefðbunda. Verslunarfolk er hvatt til að skoða möguleika á að stofna þematengdar sérsverlanir með skýra sérstöðu.

Á sviði handverks og lista er m.a. lagt til að Listahátíð uppsveitanna verði haldin reglulega og að kannaðir verði möguleikar á að koma á fót handverks- og listasmíðju í uppsveitunum.

Í samgöngumálum er höfuðáhersla lögð á nýjan Gjabakkaveg, Hvítárbrú, bætt innansveitar- og tengivegi, bætt reiðvegi og endurbætur á hálendisleiðunum um Kjalveg og Sprengisand. Þá er lagt til að tilraun verði gerð með að efla almennings-samgöngur innan uppsveitanna með svokallaðri Uppsveitarútu. Jafnframt er lögð áhersla á bætt GSM og tölvusamband.

Lagt er til að fleiri fræðsluskilti um ferðaþjónustu í uppsveitunum verði sett upp á fjölförnum ferðamannastöðum til að dreifa ferðamönnum betur um svæðið. Jafnframt að auknar verði merkingar og fræðsla um sérstæð náttúruvyrirbrigði, sögustaði og þjóðsagnastaði.

Í útgáfu og markaðsmálum er lagt til að stutt verði við bakið á því að stofna Markaðsstofu Suðurlands. Uppsveitirnar taki þátt í að koma út Sögukorti Suðurlands, og hafi sameiginlega internetgátt þar sem ferðamálum verði gerð góð skil. Lagt er til að slagorðin *Gæði* og *Gestrisni* verði notuð áfram fyrir ferðaþjónustu í uppsveitunum en að samkeppni verði um slagorð fyrir einstaka þéttbýlisstaði /svæði.

Í upplýsingamálum er lagt til að góð upplýsingamiðstöð verði rekin að Geysi, sem einnig kynni vel vestanvert hálendið, en að einnig verði upplýsingamiðstöðvar á Laugarvatni og Flúðum. Þá verði upplýsingagjöf á Þingvöllum eflað og auk þess verði helstu ferðabæklingar um Suðurland og uppsveitirnar fáanlegir víðar á svæðinu.

Í afþreyingu verði lögð áhersla á að ferðamennirnir fái að gera og læra. Lagt er til að efla afþreyingu á öllum sviðum með sértakri áherslu á ungu kynslóðina. M.a. auka afþreyingu er tengist jarðhita (sundlaugar, böð o.fl.), söfnum og sýningum, göngu- og skoðunarferðum. Þá er lagt til að hestasýningar verði í uppsveitunum og aukin áhersla lögð á að gera veiðileyfi sem aðgengilegust. Lögð áhersla á að íþróttatengd ferðaþjónusta verði eflað.

Í gæðamálum er lagt til að Gæða- og gestrisniverðlaunin Uppsveitabrosið (farandgripur) verði veitt árlega til ferðaþjónustuaðila er það teljast verðskulda. Auk þess er lagt til að stuðlað verði að aukinni símenntun ferðaþjónustufólks og að ferðaþjónustu verði gerð skil í grunnskólum uppsveitanna (þemadagar o.fl.) til að tryggja gæðin til frambúðar.

Í umhverfismálum er lagt til að fylgt verði eftir umbótum í frárennslismálum og meðferð sorps og að ferðaþjónusta í uppsveitunum verði umhverfisvæn í hvívetna.

Lagt er til að gerð verði sérstök úttekt á möguleikum uppsveitanna í heilsuferðaþjónustu, einkum með áherslu á almenna heilsuefningu, vellíðan og bætt lífsgæði.

Á sviði menningarferðaþjónustu verði haldið áfram að gera sögu, sérstöðu svæðisins og einstakra staða sýnilega ferðamönnum á fjölbreytilegan og lifandi hátt.

Lagt er til að svo kölluð jadarsetur verði á einum til tveimur stöðum í uppsveitunum og verði þeim ætlað að þjónusta sérstaklega ferðamenn sem eru á leið á hálendið um Kjalveg, Sprengisandsveg o.fl. leiðir. Þá verði lögð áhersla á að koma skipulagsmálum á hálendi uppsveitanna í gott lag og móta framtíðarstefnu um nýtingu þess í ferðamálum, s.s. með endurbótum á skálum og gististöðum og frekari kortlagningu gönguleiða.

Ferðaþjónusta í uppsveitunum, aðgerðir eftir hreppum

Hvert sveitarfélag í uppsveitunum hefur sína sérstöðu m.a. á sviði náttúru, sögu og atvinnulífs og er mikilvægt að nota þá sérstöðu til að efla ferðaþjónustu á hverjum stað. Í kafla 4 eru settar fram ýmsar tillögur um þróun og nýsköpun á sviði ferðamála eftir hreppum.

Í Grímsnes- og Grafningshreppi er lagt til að komið verði upp myndarlegri þjónustumiðstöð að Borg þar sem einnig verði afþreying fyrir börn. Þá er lagt til að ferðaþjónusta á Nesjavöllum verði eflað og áttak gert í merkingum gönguleiða og útgáfu göngukorta.

Í Bláskógabyggð er lagt til að Skálholt verði styrkt í sessi sem helsta menningarsetur Suðurlands og að þar verði fræðsla til ferðamanna eflað. Þá er lagt til að sérstöku þróunarverkefni um Kóningsveginn frá 1907 verði hrint af stökkunum með það fyrir augum að endurbæta hann, kynna og að lokum endurvígja á aldarafmælinu árið 2007. Fagnað er áformum um miklar endurbætur á gufubaðinu á Laugarvatni og umhverfi þess sem sérstaklega er ætlað að mæta þörfum barna og fjölskyldufólks. Þá er jafnframt fagnað hugmyndum um að lýsa Gullfoss upp eftir að dimma tekur og áformum staðarhaldara ferðamiðstöðvarinnar á Geysi um bætt aðgengi að hverasvæðinu með göngum undir þjóðveginn. Hvatt er til þess að aðstaða og upplýsingagjöf við hverasvæðið verði bætt með það fyrir augum að forða svæðinu frá frekari skemmdum.

Í Hrunamannahreppi er m.a. lagt til að reist verði Fjalla-Eyvindarsetur að Flúðum er einnig geti þjónað hlutverki menningarhúss fyrir íbúana. Jafnframt er lagt til að þar verði árlega haldnir svo kallaðir Jarðarberjadagar, skemmtun sem jafnframt er ætlað að vekja

athygli á fjölbreyttu atvinnulífi og framleiðslu (jarðarber, rósir, sveppir, landbúnaðar-
afurði o.fl.) í sveitarfélaginu. Þá er sett fram hugmynd um að skipulagt verði nýtt svæði
á Flúðum þar sem bæði verður gert ráð fyrir fyrsta flokks tjaldsvæði með aðstöðu fyrir
húsbíla, myndarlegri sundlaug og sundlaugagarði (afþreyingargarði) til að efla þjónustu
við ferðamenn.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er lagt til að reist verði myndarleg gestastofa í Þjórsárdal
eða þar í nágrenninu og jafnframt er því velt upp hvort jaðarmiðstöð fyrir Sprengisand
og Torfajökulssvæðið gæti verið þar staðsett (fræðsla um það svæði). Lagt er til að árlega
verði efnt til Landnámsdags Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem landnámsmenn
svæðisins verða heiðraðir með viðburðum, m.a. í Þjórsárdal, Árnesi og á helstu
landnámsbæjum. Þá er lagt til að Sveitasælusetur verði á Skeiðunum og kynni
sveitasæluna öllum þeim sem fara á mis við hana.

1.0 Inngangur

1.1 Vinnulag

Árið 1998 kom út stefnumótun í ferðapjónustu fyrir uppsveitir Árnessýslu, svæðið frá Þingvöllum að Þjórsá. Á þeim tíma voru í uppsveitunum átta sveitarfélög sem unnu saman að verkefninu, en þau eru nú fjögur á sama svæði eftir sameiningar: Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Í stefnumótunarskýrslunni *Gæði og Gestrisni 1998-2002* var gert ráð fyrir endurskoðun hennar við lok tímabilsins. Sú vinna hófst síðla árs 2002 og afraksturinn lítur nú dagsins ljós. Ákveðið var að hafa þriggja manna verkefnisstjórn sem eftirtaldir skipa:

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu
Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknum og ráðgjöf ferðapjónustunnar
Sigurður Bjarnason, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands lagði til vinnu Sigurðar en Rögnvaldur var fenginn að verkinu sem ráðgjafi. Verkefnisstjórn ákvað að boða til hugmyndafunda meðal íbúa á svæðinu, einn fund í hverjum hreppi, og voru þeir haldnir dagana 25. og 26. nóvember 2002. Fyrri daginn var fundað í Aratungu og í félagsheimilinu að Borg en síðari daginn í Árnesi og að Efra-Seli í Hrunamannahreppi. Fundirnir voru vel sóttir af forsvarsmönnum sveitarfélaganna, ferðapjónustuaðilum og áhugafólki. Þar var lögð áhersla á að heimamenn kæmu fram með tillögur að þróun og nýsköpun í eftirtöldum málaflokkum:

Afþreying: þróun núverandi afþreyingar og tillögur að nýsköpun.
Kynning: útgáfumál, merkingar og auglýsingar.
Samvinna: samstarfsaðilar og samvinnuverkefni.

Ýmsar tillögur sem þar komu fram skila sér í þessari samantekt, einkum þar sem fjallað er um markmið og aðgerðir eftir málaflokkum og einnig einstök sérverkefni. Niðurstöður hugmyndafundanna eru auk þess birtar í heild sinni í viðauka.

Auk hugmyndafundanna var íbúum boðið að hitta verkefnisstjórnina í Skálholti 25. júní 2003 (tveir fundartímar) til að kynna sér stöðu stefnumótunarinnar og til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Jafnframt var fundað með forsvarsmönnum hestamannafélaga í uppsveitunum um þeirra helstu hagsmunamál, þ.e. uppbyggingu reiðvega og bættu aðstöðu og þjónustu við hestamenn sem leið eiga um. Þá hefur verið leitað eftir upplýsingum frá ýmsum aðilum, s.s. aðila er koma á einn eða annan hátt að byggingar- og skipulagsmálum í uppsveitunum.

Peir sem hafa komið að stefnumótunarvinnunni á einn eða annan hátt á fundum eða með upplýsingagjöf eru eftirtaldir:

Agnar Guðlaugsson	Sólheimum
Anna Margrét Bjarnadóttir	Sólheimum
Arinbjörn Vilhjálmsson	skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Arnór Karlsson	Arnarholti
Ágúst Kr. Björnsson	sveitarstjóri Hrunamannahreppi
Ágústa Ólafsdóttir	Úthlíð
Árni Hjaltason	veitingahúsinu Útlananum
Ástrún Davíðson	Hestakránni
Baldur Öxndal	veitingahúsinu Lindinni
Bergleif Joensen	Árnesi
Bjarni Þorkelsson	Hestamannafélaginu Trausta
Björg Ingvarsdóttir	Efstadal
Björn Sigurðsson	Úthlíð
Brynjar Sigurðsson	atvinnu- og samgöngunefnd Bláskógabyggðar
Böðvar Pálsson	sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreppi
Eiríkur Ágústsson	sveitarstjórn Hrunamannahreppi
Guðbjörg Jóhannsdóttir	Hestamannafélaginu Smára
Guðfinna Jóhannsdóttir	Kaffi Kletti
Guðlaugur Kristmundsson	starfmaður Þjóðveldisbæ
Guðmundur Rúnar Svavarsson	sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshreppi
Guðrún Kristinsdóttir	Þjóðgarðinum Þingvöllum
Gunnar Örn Steinsson	atvinnuálanefnd Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Gunnar Þorgeirsson	oddviti Grímsnes- og Grafningshreppi
Halldór Guðnason	Efra-Seli
Halldóra Hjörleifsdóttir	sveitarstjórn Hrunamannahreppi
Helga Gústafsdóttir	ferðamálanefnd Grímsnes- og Grafningshreppi
Hilmar Einarsson	byggingarfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Hólmar Bragi Pálsson	Minni-Borg
Hrafnhildur Ágústsdóttir	sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Hrafnhildur Jónsdóttir	Syðra-Langholti
Ingunn Guðmundsdóttir	sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Jakob Narfi Hjaltason	Lyngbrekku
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti
Knútur Rafn Ármann	Hestamannafélaginu Loga
Kristín Erna Hólmgeirsdóttir	Tjaldmiðstöðinni Laugarvatni
Lára Ágústsdóttir	Brattholti
Lísa Thomsen	Gömlu-Borg
Loftur Erlingsson	atvinnuálanefnd Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Mábil Másdóttir	Hótel Geysi
Magnús Jónsson	Svínavatni
Margrét Runólfsson	Hótel Flúðum
Margrét Gunnarsdóttir	Hótel Geysi
Pálmar K. Sigurjónsson	Borgarbraut 6
Pétur H. Jónsson	arkitekt

Ragnar Sær Ragnarsson	sveitarstjóri Bláskógabyggð
Sigríður Pétursdóttir	Ólafsvöllum
Sigurður Ingi Jóhannsson	oddviti Hrunamannahreppi
Snæbjörn Magnússon	Iðufelli
Sveinn A. Sæland	oddviti Bláskógabyggð
Svavar Sveinsson	Gilbrún
Trausti Grétarsson	Tjaldmiðstöðinni Laugarvatni
Unnsteinn Eggertsson	ferðamálanefnd Hrunamannahreppi
Pórunn Árnadóttir	Seli
Práinn Hauksson	landslagsarkitekt, Landslagi ehf
Prándur Ingvarsson	sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Puríður Steinþórsdóttir	Handverksgalleríinu Laugarvatni

Öllu þessu fólki eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

1.2 Markmið og uppbygging

Helstu markmið með þessari greinargerð um stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum fyrir uppsveitir Árnessýslu 2004-2008 er þrjú:

- **Fjölga ársverkum í ferðaþjónustu**
- **Auka tekjur af ferðamönnum**
- **Styrkja jákvæða ímynd uppsveitanna**

Fjöldi undirmarkmiða er ætlað er að skjóta stöðum undir yfirmarkmiðin. Gerð verður nánari grein fyrir þeim í köflum 3 og 4.

Greinargerðin skiptist í meginatriðum í þrjá hluta. Í 2. kafla er fjallað um þróun ferðaþjónustu í heiminum og á Íslandi frá árinu 1950 og til nútímans og spár um þróun atvinnugreinarinnar til 2020. Þar er þó lögð mest áhersla á að skoða núverandi þróun ferðaþjónustu í uppsveitunum frá 1997 þegar unnið var að fyrstu stefnumótuninni og stöðu ferðamála þar, s.s. fjölda ferðamanna og gistinátta. Í þeim kafla er m.a. stuðst við gögn frá World Tourism Organization, úttekt ferðamálafulltrúa uppsveitanna, símakönnun RRF um ferðir Íslendinga innanlands árið 2002 og kannanir RRF meðal erlendra brottfarargesta í Leifsstöð og á Seyðisfirði sumarið 2003 og árið 2001.¹ Auk þess er stuðst við upplýsingar byggingarfulltrúa uppsveitanna, kannanir Ferðamálaráðs o.fl.

Í 3. kafla er fjallað um stöðu ferðamála í uppsveitunum eftir málaflokkum og jafnframt sett fram markmið og tillögur að aðgerðum fyrir tímabilið 2004-2008.

Í 4. kafla er síðan fjallað um stöðu ferðamála í sveitarfélögunum hverju fyrir sig og gerð nánari grein fyrir verkefnum sem lagt er til að þar verði ráðist í á sviði ferðaþjónustu á næstu árum.

¹. Í könnuninni *Góðir Íslendingar 2002 var úrtakið 1100 manns og var svörun um 72%. Í könnuninni Dear Visitors meðal erlendra ferðamanna í Leifsstöð og á Seyðisfirði sumarið 2003 tóku þátt 1662 ferðamenn.*


2.0 Ferðapjónusta á alþjóðavísu, á Íslandi og í uppsveitunum

2.1 Ferðapjónusta á alþjóðavísu

2.1.1 Þróunin frá 1950

Síðustu hálfa öldina hefur ferðapjónustan fyrst og fremst einkennst af mjög miklum vexti. Frá 1950 til 2000 varð bylting í ferðalögum fólks, einkum í iðnvæddum löndum, og á tímabilinu jukust ferðalög fólks á milli landa úr 25 í 696 milljónir heimsóknna, sem samsvarar rúmlega 7% árlegum meðalvexti.²

1. mynd Þróun í fjölda alþjóðlegra heimsóknna ferðamanna eftir heimshlutum 1950 til 2000



Heimild: World Tourism Organization (WTO)

Árið 2000 fengu um 70 lönd yfir eina milljón heimsóknir erlendra gesta og 15 helstu ferðamannalöndin fá nú innan við 2/3 af öllum heimsóknunum. Þannig hafa hefðbundnir áfangastaðir orðið að láta undan, m.a. vegna aukinnar ásóknar í ferðir til Asíu, Mið - og Austur-Evrópu.

². Á sama tímabili var árleg meðalfjölgun erlendra ferðamanna til Íslands um 8,6%.


2.1.2 Staðan 2002

Umfang alþjóðlegrar ferðaþjónustu er oftast mælt í fjölda heimsókna alþjóðlegra ferðamanna (*international tourist arrivals*) og í tekjum af þeim (*international tourist receipts*), að fargjaldatekjum undanskyldum. Þannig voru heimsóknir ferðamanna á alþjóðavísu áætlaðar 703 milljónir árið 2002 og tekjur af alþjóðlegum ferðamönnum voru taldar vera um 474 milljarðar US \$, auk um 100 milljarða US \$ vegna fargjaldatekna.

Vegna hryðjuverkaárásanna í New York 11. september 2001 drógust alþjóðleg ferðalög saman um rúmlega 9% á síðasta þriðjungi ársins, en fram að þeim tíma (janúar – ágúst) var vöxturinn um 3%. Þegar árið 2001 var gert upp höfðu heimsóknir alþjóðlegra ferðamanna dregist saman um 0,5% miðað við árið 2000 en tekjurnar minnkuðu um 2,6%.

Samkvæmt upplýsingum WTO fyrir árið 2002 hafa þau tíðindi gerst að alþjóðlegum heimsóknum ferðamanna fjölgaði um 2,7% frá árinu 2001 og tekjurnar jukust um 3,2%.

2. mynd Hlutfallslegar breytingar á tekjum og heimsóknum í alþjóðlegri ferðaþjónustu 1996 til 2002 ³



Heimild: World Tourism Organization (WTO)

Þegar á heildina er litið var árið 2002 betra ferðaár en búist var við og endurspeglar styrk og stöðugleika alheimsferðaþjónustunnar. Til samanburðar má geta þess að í kjölfar Persaflóastríðsins árið 1991 var vöxtur í alþjóðlegri ferðaþjónustu einungis 1,2% en strax árið 1992 var hann 8,5%.

Eins og sjá má af næstu töflu er Evrópa með sterkasta stöðu af heimshlutunum (ferðir innan Bandaríkjanna eru ekki taldar til alþjóðlegra ferðalaga) með um 57% af alþjóðlegum heimsóknum og rúmlega helming af tekjum í alþjóðlegri ferðaþjónustu árið 2002. Næst koma Asía/Kyrrahaf og Ameríka (bæði suður og norður).

³. Fargjaldatekjur ekki meðtaldar.

1. tafla Alþjóðleg ferðaþjónusta, áætlaðar heimsóknir og tekjur ⁴

	Alþjóðlegar heimsóknir		Tekjur án flugfargjalda	
	milljónir	% hlutfall	milljarðar \$	% hlutfall
Evrópa	400	56,9	240	50,7
Asía og Kyrrahaf	131	18,7	95	20,0
Ameríka (N og S)	115	16,4	114	24,1
Afríka	29	4,1	12	2,5
Mið-Austurlönd	28	3,9	13	2,7
ALLS	703	100,0	474	100,0

2.1.3 Fram til 2020

Bjartsýni ríkir um vöxt alheimsferðaþjónustunnar á næstu árum. Neikvæðar afleiðingar hryðjuverkaógnar vofa þó enn yfir og gætu haft verulega neikvæð áhrif, einkum á ferðalög Bandaríkjamanna. Bein áhrif af stríðinu í Írak voru fremur lítil og svæðisbundin og sömuleiðis áhrif af kínverska lungnabólguferaldrinum sem bitnaði til skamms tíma harkalega á ferðaþjónustu í Suður- og Austur-Asíu. Þannig geta ýmsir utanaðkomandi þættir haft tímabundin áhrif á vöxt ferðaþjónustunnar.

WTO hefur gefið út langtímaspá um þróun ferðaþjónustu í heiminum fyrstu tvo áratugi 21. aldar. Viðmiðunarárið er 1995, þannig að spáin spannar aldarfjórðung. ⁵ Samtökin spá því að árlegur meðalvöxtur á heimsóknum ferðamanna til Evrópu verði 3,0% fram til ársins 2020, talvert lægri en á heimsvísu (4.1%). Í því samhengi má geta þess að meðalvöxtur í Norður-Evrópu, sem Ísland tilheyrir, var að jafnaði 5,3% frá 1990 til 1998 en 3,9% í allri álfunni. ⁶ Samkvæmt þessu mun alþjóðlegum heimsóknum fjölga úr 0,7 milljörðum árið 2000 í nær 1,6 milljarða árið 2020, þ.e. um 140%..

Árið 2000 komu 45 milljónir ferðamanna til Norður-Evrópu og er spáð að þeim muni fjölga um 3,9% á ári fram til 2020 og verði þá 97 milljónir. Til samanburðar komu 303 þúsund gestir til Íslands árið 2000. Ef miðað er við 6% árlega meðalfjölgun ferðamanna hérlendis þá verða þeir tæplega ein milljón talsins árið 2020.

Sé fjöldi ferðamanna til Íslands frá 1985 til 2000 borinn saman við fjölda ferðamanna til Norður-Evrópu kemur í ljós að við jukum hlutdeild okkar í heimsóknum alþjóðlegra ferðamanna til Norður-Evrópu úr 0,4% í 0,68% á þessu tímabili, eða um 70%. Miðað við þennan góða árangur má færa rök fyrir því að áætlun um eina milljón ferðamanna til Íslands árið 2020, af 97 milljónum ferðamanna til Norður-Evrópu, sé raunsæ. Það þýðir í raun að Ísland stefni á að ná 1% ferðamanna sem koma til Norður-Evrópu eftir 17 ár.

⁴ . Heimild: *Tourism Highlights. Edition 2003. WTO, 2003.*

⁵ . *World Tourism Organization (WTO), Tourism 2020, Vision Europe, WTO 2000.*

⁶ . *Norðurlöndin, Bretlandseyjar og Írland tilheyra Norður-Evrópu, samkvæmt skilgreiningu WTO.*

2. tafla Fjöldi ferðamanna til Norður-Evrópu og Íslands 1985 til 2000 og spá um þróunina 2001 til 2020 (milljónir) - hlutdeild Íslendinga

Ár	Norður Evrópa	Ísland	Hluttur Íslands
1985	24.2	0.097	0.40%
1990	29.1	0.142	0.49%
1995	37.6	0.178	0.47%
2000	44.8	0.303	0.68%
2010	65.1	0.542	0.77%
2020	96.6	0.971	1.00%

WTO/Rögnvaldur Guðmundsson 2001

2.2 Ferðaþjónusta á Íslandi

2.2.1 Þróunin frá 1950

Ferðaþjónustan er lifandi og margslungin atvinnugrein sem hefur tekið örum breytingum hér á landi síðustu 20 ár. Nýir afþreyingarmöguleikar skjóta upp kollinum og ná vinsældum á skömmum tíma, s.s. hestaferðir, hvalaskoðun, bátsferðir, fljótasiglingar, snjósleðaferðir, jeppaferðir, kajakferðir og þematengdar sýningar. Því er erfitt að spá um framtíðina en víst er að vaxtarmöguleikar íslenskrar ferðaþjónustu liggja víða.

Erlendir ferðamenn

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið jafnt og þétt síðustu áratugin. Árið 1950 komu um fjögur þúsund erlendir ferðamenn til landsins, 66 þúsund árið 1980 og 303 þúsund árið 2000. Árleg meðaltalsfjöldun ferðamanna frá 1950 til ársins 2000 var því 8,6%. Þá var fjöldun ferðamanna mjög mikil á árabílinu 1997 til 2000, um 12% að meðaltali. Ferðamönnum til Íslands fækkaði lítillega á árunum 2001 og 2002. Settu hryðjuverkin í Bandaríkjunum einkum strík í reikninginn. Þessi neikvæða þróun hefur nú snúist við og margt bendir til þess að fjöldun á ferðamönnum til Íslands árið 2003 verði 12-14% og að ferðamenn verði á nálægt 320 þúsund talsins. Ástæðan er m.a. verulega aukin framlög hins opinbera til markaðssetningar á Íslandi, aukið sætaframboð með tilkomu lággjaldaflugfélagsins Iceland Express og tíðari leigufluga frá meginlandi Evrópu, m.a. á vegum ferðskrifstofanna Terra Nova Sól og Katla Travel.⁷ Þá er samgönguráðuneytið með í undirbúningi að lækka farþegaskatta í flugi sem ætti að örva ferðalög til Íslands

7. Eftir að Schengen samningurinn gekk í gildi í ársbyrjun 2001 og fram til 1. mars árið 2002 voru erlendir ferðamenn á Íslandi í Leifsstöð ekki taldir og því er fjöldi þeirra ekki þekktur á því tímabili þó reynt hafi verið að geta í eyðurnar. Þá komu upp ákveðnir hnökkrar í talningunni árið 2002. Þannig má segja að árið 2003 verði í fyrsta sinn hægt að gera nákvæman samanburð við árið 2000 hvað varðar fjölda og samsetningu (þjóðerni) erlendra gesta til Íslands.

enn frekar. Margt bendir því til verulegs vaxtar í fjölda ferðamanna til Íslands á næstu misserum og árum ef ekkert óvænt kemur upp á.

Á Íslandi voru gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum um 37 milljarðar króna árið 2002, þar af 21-23 milljarðar vegna útgjalda ferðamanna á Íslandi en 14-16 milljarðar vegna flugfargjalda. Heildarveltu í ferðaþjónustu á Íslandi má áætla um 100 milljarða króna árið 2002.

Mikil breyting hefur orðið á atferli erlendra ferðamanna hérlendis á undanförunum árum. Það sem vekur einna mesta eftirtekt er nú eru um 35% ferðamanna í hópferð en voru 48% árið 1996 samkvæmt rannsóknum. Að sama skapi nýttu um 40% erlendra ferðamanna sér bílaleigubíl á Íslandi sumarið 2003 í stað 22% ferðamanna sumarið 1996.⁸ Af þessu leiðir að sumarferðamenn dreifast nú betur um landið en áður. Áfram er þó áhyggjuefni hve fáir leggja leið sína út á landsbyggðina utan sumartíma. Er brýnt að efla markaðssetningu landsbyggðarinnar og afþreyingarmöguleika þar utan sumartíma til að lengja ferðamannatímann þar, eins og á suðvesturhorni landsins. Meðaldvöl erlendra ferðamanna á Íslandi hefur heldur verið að styttest en er þó samt sem áður 7-8 nætur að jafnaði, 10-11 nætur yfir sumartímenn (júní-ágúst) og um 5 nætur utan sumartíma.

Innlendir ferðamenn

Helsta breytingin á ferðum Íslendinga innanlands er sú að nú er algengara að fólk fari í fleiri en styttri ferðir um landið. Ferðaþjónusta utan sumartíma hefur aukist umtalsvert, sem einkum tengist aukinni sumarhúsa- og jeppaeign landsmanna. Jeppaeignin hefur jafnframt stuðlað að því að Íslendingar fara nú meira um hálendið en áður. Þá hefur fellihýsaeign Íslendinga aukist svo að líkja má við sprengingu. Á móti hafa vinsældir tjaldgistingar minnkað. Þó langflestir Íslendingar kjósi að ferðast á eigin vegum þá hafa vinsældir skipulagðra gönguferða t.a.m. aukist umtalsvert. Ýmsar aðrar vísendingar eru um að Íslendingar séu nú viljugri til að kaupa ýmsa þjónustu og afþreyingu á ferðum sínum innanlands en áður var. Vetrarfrí í skólum landsins skapa auk þess sóknarfæri gagnvart innlenda markaðinum.

2.2.2 Vaxtarmöguleikar í afþreyingu⁹

Hvalaskoðun

Ævintýrleg fjölgun hefur orðið á fjölda farþega í hvalaskoðunarferðum á síðustu árum. Þannig fóru um 2 þúsund manns í hvalaskoðunarferðir árið 1995, 20 þúsund árið 1997, 44 þúsund árið 2000 og 62 þúsund árið 2002, mikill meirihluti erlendir

⁸ Heimildir: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar. *Dear Visitors* 1996 og *Dear Visitors* 2003.

⁹ Tölfræðilegar upplýsingar í þessum kafla eru að mestu fengnar úr könnunum RRF: a) *Dear Visitors* 2001, b) *Saga og menning Íslendinga (erlendir ferðamenn árið 2000)*, c) *Góðir Íslendingar* 1996, d) *Saga og menning Íslendinga (símakönnun árið 2000)*. *Upplýsingar um fjölda fólks í hvalaskoðunarferðum eru fengnar frá Hvalamiðstöðinni á Húsavík.*

ferðamenn. Flest bendir til þess að aukningin haldi áfram þó talsvert muni hægja á henni.

Hestaferðir

Samkvæmt könnunum má áætla að 40-50 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið í skipulagðar hestaferðir hér á landi árið 2001, auk fjölda Íslendinga. Skipulagðar hestaferðir hófust að marki upp úr 1980 og var mjög ör vöxtur í þeim fram undir 1995 en síðan hefur hlutfall erlendra gesta sem fer í hestaferðir haldist svipað. Þjónusta við gesti hefur aukist verulega og aðbúnaður batnað. Með auknu fjármagni til gerðar reiðvega virðist framtíð skipulagðra hestaferða björt hér á landi.

Menning og saga

Kannanir sýna að yfir 80% erlendra ferðamanna hér á landi hafa áhuga á sögu og menningu Íslendinga. Um 60% þeirra heimsækja sögulega staði og um helmingur þeirra skoðar kirkjur eða söfn. Stór hluti landsmanna eru einnig áhugasamir um sögu og sérstöðu einstakra staða og svæða enda má segja að sagan sé hér við hvert fótstígi. Menningarferðaþjónusta hefur fengið verulega aukna athygli ráðamanna hin síðustu ár og ýmsir viðburðir, söfn og sýningar hafa litið dagsins ljós og enn fleiri eru í undirbúningi. Þannig renna umtalsverðir fjármunir á fjárlögum ársins 2003 til uppbyggingar safna og sýninga sem beinlínis er ætlað að efla ferðaþjónustu, einkum á landsbyggðinni og auk þess hafa Samgönguráðuneytið og Iðnaðarráðuneytið ákveðið að leggja verulegt fé í eflingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni, einkum til menningarferðaþjónustu. Aukin framlög til fornleifarannsókna renna enn frekari stöðum undir þessa þróun og verður spennandi að sjá hvernig tekst að þróa menningarferðaþjónustu á Íslandi næsta áratuginn.

Listir

Lista- og menningarlíf Íslendinga er afar blómlegt og í því felast fjölmörg vannýtt tækifæri í menningarferðaþjónustu framtíðarinnar. Áætla má að um þriðjungur erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2001 hafi komið í listagallerí/listsýningar á ferð sinni hér á landi. Verulegir möguleikar felast í því að gera menningu heimamanna sýnilegri ferðamönnum allan ársins hring. Þá hafa ýmsir listamenn gert garðinn frægan erlendis sem og íslenskar kvikmyndir og verið öflugir kynningarfulltrúar lands og þjóðar.

Bátsferðir og siglingar

Rúmlega 20% erlendra sumargesta árið 2001 fóru í skipulagðar bátsferðir hér á landi, um 30 þúsund manns, og um 10% gesta um haustið. Einnig er talsvert um að Íslendingar fari slíkar ferðir, t.d. er áætlað að um 40% þeirra sem fara í skipulagðar bátsferðir um Breiðafjörð séu Íslendingar. Slíkar ferðir eru mest stundaðar á Breiðafirði (frá Stykkishólmi) en einnig á Ísafjarðardjúpi, Skagafirði, Skjálfaflóa við Vestmannaeyjar og víðar um landið. Ýmis tækifæri eru til vaxtar í þessum efninum og má þar nefna nýlegt dæmi um skútusiglingar á Skjálfaflóa.

Jeppaferðir

Vinsældir skipulagðra jeppaferða, á breyttum jeppum, hafa aukist mjög á síðustu árum og tengjast þær oft hvatarferðum og ráðstefnum. Oft er um að ræða samsettar

ferðir þar sem m.a. er boðið upp á snjósleðaakstur, skíðaiðkun, hundasleðaferð o.fl. Í sumum af þessum ferðum er ekið yfir jökul, s.s. sunnanverðan Langjökul. Þá eru uppi hugmyndir um nýjungar á þessu sviði s.s. jeppaferðir yfir Vatnajökul, milli Hafnar í Hornafirði og Egilsstaða.

Klifur og fjallaskíði

Með tilkomu klifurveggja og Klifurhússins í Reykjavík hefur áhugi á klifri vaxið mikið hérlendis. Þannig býður Íslenski Alpaklúbburinn m.a. upp á námskeið í klifri og fjallaskíðamennsku. Erlendis eru mikill fjöldi fólks sem stundar þessar íþróttir og leitar sífellt að nýjum og spennandi áfangastöðum. Ferðaskrifstofum sem bjóða m.a. upp á fjallaskíðaferðir, ísklifur og klettaklifur hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Margt bendir til að þessi tegund ferðamennsku geti vaxið umtalsvert á komandi árum enda aðstæður á Íslandi víða góðar til að iðka sport af þessu tagi.

Gönguferðir

Gönguferðir, styttri sem lengri, eru ein vinsælasta afþreying erlendra ferðamanna á Íslandi. Um eða yfir helmingur þeirra fer í styttri gönguferðir og um þriðjungur erlendra ferðamanna og fimmtungur Íslendinga í lengri gönguferðir (>4 klst). Fjölmörg göngusvæði á hálendinu og víðar bíða þess að verða uppgötvuð af almenningi og er brýnt að vinna að undirbúningi að komu ferðamanna þangað með viðunandi aðstöðu, eftir því sem við á. Mikill og stöðugur vöxtur hefur verið í skipulögðum gönguferðum hérlendis á síðasta áratug og bendir ekkert til annars en að hann haldi áfram. Þannig fjölgar þeim Íslendingum ár frá ári sem koma sér upp góðum göngubúnaði og láta á hann reyna. Nægir þar að nefna gönguleiðina um Laugavegin s.k. (milli Landmannalauga og Þórsmerkur), leiðina um Fimmvörðuháls, gönguleiðina frá Langasjó um Eldgjá í Hólaskjól og gönguleiðir um Hornstrandir og um Snæfellsöræfi. Ferðaskrifstofum sem sérhæfa sig í lengri gönguferðum fjölgar að sama skapi og má þar nefna Fjallabak, Íslenska Fjallaleiðsögumenn og Ultima Thule. Margt bendir því til þess að skipulagðar gönguferðir verði einn helsti vaxtarbroddur í afþreyingu í ferðaþjónustu á næstu árum og áratugum.

Fljótasiðlingar

Mjög ör vöxtur hefur verið í fljótasiðlingum á gúmbátum í Skagafirði (Vestari-og Austari-Jökulsá og á Suðurlandi (mest í Hvítá en einnig í Þjórsá, Markarfljóti og Hólmsá). Allt að 15 þúsund manns fóru í fljótasiðlingu árið 2001, þar af um 40% erlendir gestir. Má búast við áframhaldandi aukningu í slíkum ferðum, einkum meðal erlendra ferðamanna.

Stangveiði

21% Íslendinga á ferð um Ísland sumarið 1996 kváðust fara í silungsveiði í ferðinni. Markaðssetningu á silungsveiði erlendis hefur hins vegar ekki verið sinnt sem skyldi og þannig stunduðu einungis 1,5% erlendra ferðamanna silungsveiði á Íslandi sumarið 2001. Þá stunda fjölmargir laxveiði, bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn, og skilar hún umtalsverðum gjaldeyrstekjum í þjóðarbúið. Veltan af laxveiðum er reiknuð í milljörðum. Í ljósi mikils fjölda frístundaveiðimanna víða á okkar helstu

markaðssvæðum erlendis felast ýmis vannýtt tækifæri í að markaðssetja stangveiði á Íslandi, ekki síst silungsveiðina sem er á flestra færi.

Böð og sund

Ein vinsælasta afþreying ferðamanna á Íslandi er að fara í sund eða baða sig í náttúrulegum laugum, hvar sem því verður við komið. Þannig fara um eða yfir 60% erlendra sem innlendra ferðamanna í sundlaugar þegar þeir ferðast um Ísland, 70% erlendra ferðamanna fer í náttúrulegt bað (Bláa Lónið meðtalið) en um þriðjungur Íslendinga. Sundlaugar hafa sýnt sig að vera lyftistöng fyrir ferðaþjónustu á ýmsum þéttbýlisstöðum og víst má telja að mun færri ferðamenn kæmu t.d. í Landmanna-laugar ef ekki væri þar náttúrulegt bað. Mikið verk er þó enn óunnið að nýta náttúrulega baðstaði betur í þessu skyni án þess að raska um of umhverfi þeirra og tengja uppbygginguna markvisst við almenna heilsueflingu og heilsuferðaþjónustu.

Golf

Mjög hraður vöxtur hefur verið í golfiðkun Íslendinga á síðustu áratugum og eru golfvellir hér ótrúlega margir miðað við höfðatölu. 10-15% Íslendinga stunda eitthvað golf í ferðum sínum um landið. Aftur á móti sýna niðurstöður könnunar frá 2001 að einungis 1,7% erlendra sumarferðamanna reyndu fyrir sér á golfvöllum landsins. Á allra síðustu árum hefur kynning á golfvöllum landsins aukist í markaðssetningu á Íslandi erlendis sem hefur m.a. skilað sér í alþjóðlegum golfmótum hér á landi. Líklegt má því telja að erlendum ferðamönnum sem iðka golf í Íslandsferðum sínum muni fara fjölgandi í framtíðinni.

Kajaksiglingar með ströndinni

Kajaksiglingar með strönd landsins hafa aukist mjög á síðustu árum og vaxandi fjöldi Íslendinga eiga kajak og annan þann útbúnað sem við á. Kajaksiglingar eru nú mest stundaðar við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og Hornströndum en góð skilyrði eru einnig til kajaksiglingar á Austfjörðum og víðar. Nokkrar ferðaskrifstofur bjóða kajaksiglingar og eru talsverðir möguleikar á frekari vexti þeirra hérlendis.


Á öllum þessum sviðum, nema hvalaskoðun og siglingum með ströndinni eiga upp-sveitirnar mikla vaxtarmöguleika á komandi árum.

2.2.3 Fram til 2020

Línuritíð hér að neðan sýnir framreikning á fjölgun ferðamanna frá 2000 til 2020 miðað við þrjár mismunandi fortíðarforsendur um fjölgun ferðamanna á Íslandi. Í fjórða lagi er síðan tekið mið af spá WTO um áætlaða 3,8% meðaltalsaukningu ferðalaga til Norður-Evrópu fram til ársins 2020.¹⁰

3. mynd

Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi til ársins 2020 - framreikningur miðað við fjórar mismunandi forsendur



Líkur eru taldar á að fjöldi ferðamanna til Íslands verði nálægt einni milljón árið 2020 og gjaldeyrstekjur vegna þeirra um 100 milljarðar króna á núvirði og að veltan í greininni verði nálægt 300 milljörðum króna. Þannig er reiknað með að það muni hægja talsvert á fjölgun ferðamanna til landsins frá því sem verið hefur frá 1980 en að vöxturinn verði áfram verulegur og vel yfir heimsmeðaltali.

¹⁰. Heimild: World Tourism Organization (WTO). *Tourism 2020, Vision Europe*, WTO 2000.


2.3 Íslendingar í Árnessýslu og uppsveitunum 2002

2.3.1 Fjöldi gesta, gistinguátta og heimsóknna

76% Íslendinga í símakönnun kváðust hafa komið í Árnessýslu árið 2002. Þar af höfðu 32% gisti en 44% komu í dagsferð.

4. mynd

Hlutfall Íslendinga í Árnessýslu árið 2002



Með því að yfirfæra þessar niðurstöður á alla Íslendinga má áætla að um 190 þúsund Íslendingar hafi komið í Árnessýslu árið 2002.¹¹ Þar af hafi 80 þúsund gisti þar í 10,9 nætur að jafnaði eða alls í um 870 þúsund gistinguátta, eða 22-24% af öllum gistinguátta Íslendinga á ferð um Ísland.¹² Þá má jafnframt áætla að um 110 þúsund Íslendingar hafi komið í Árnessýslu árið 2003 án þess að gista.

Þeir sem höfðu aðgengi að sumarhúsi í Árnessýslu gistu þar að jafnaði 25 nætur en alls 29 nætur í Árnessýslu (4 nætur utan bústaðar).¹³ Næturgestir í Árnessýslu sem ekki höfðu fast aðgengi að bústað gistu þar að jafnaði í 6,3 nætur árið 2002. Svo virðist sem a.m.k. 80% af þessum gistinguátta séu í uppsveitunum, rúmlega 700 þúsund, þ.e. 17-19% af gistinguátta Íslendinga á ferðum innanlands 2002. Þar af hafi nálægt 70% gistinguátta verið meðal sumarhúsafólks, sumarhúsaeigenda (langstærsti hlutinn) og þeirra sem leigja félagabústaði, síðan á tjaldsvæðum en minna á gistinguátta í uppsveitunum.

Samkvæmt könnuninni *Góðir Íslendingar* komu gestir í Árnessýslu þangað að jafnaði 7,6 sinnum árið 2002 (þ.e. þegar þeir eru skoðaðir sem komu þangað sjaldnar en 50 sinnum).

¹¹. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru Íslendingar 18-75 ára um 193.000 talsins 1. desember árið 2002. Hér eru niðurstöðurnar yfirfærðar á 250.000 Íslendinga til að forðast ofátælanir og eru þá íbúar í Árnessýslu frátaldir.

¹². Hér er miðað við að heildarfjöldi gistinguátta Íslendinga á ferð um Ísland árið 2002 hafi verið 3,7-4 milljónir. Er þá bæði miðað við niðurstöður símakönnunar Hagstofunnar frá árinu 1996 þar sem gistinguátta Íslendinga 75 ára og yngri voru áætlaðar 3,4 milljónir og síðari athuganir RRF.


¹³. 19% þeirra sem höfðu fast aðgengi að bústað í uppsveitunum gistu þar ekkert árið 2003. Séu þeir frátaldir var meðalfjöldi gistinga í bústöðunum 29 nætur.

Það jafngildir því að þeir Íslendingar hafi komið þangað í nær 1,4 til 1,5 milljón skipti árið 2002.¹⁴

56% komu á einhvern þeirra staða í uppsveitunum sem spurt var um. Auk þess er nokkuð um að fólk fari í bústaði í Grímsnesinu eða í heimsóknir á einstaka bæi án þess að fara á staði sem um var getið í könnuninni. Því er vart ofáttað að reikna með að um 60% Íslendinga hafi komið í uppsveitirnar árið 2002, um 150 þúsund manns. Erfiðara er að áætla hlutfall uppsveitanna í heildarfjölda heimsókna Íslendinga í Árnassýslu en líklega er varlega áætlað að miða við um 50% hlutfall, a.m.k. 700 þúsund heimsóknir, sem þýðir að þeir sem komu í uppsveitirnar hafi að jafnaði komið í 4 til 5 skipti árið 2002.

Af einstökum stöðum heimsóttu flestir Þingvelli en litlu færri komu að Laugarvatni. Síðan koma Geysir, Gullfoss og Flúðir. Þeir sem komi að Þingvöllum, Laugarvatni og Flúðum gerðu það að jafnaði í 2,4-2,6 skipti en þeir ferðamenn sem komu að Geysi, Gullfossi og Skálholti komu þangað að jafnaði í 1,6-1,7 skipti árið 2002.

5. mynd Hlutfall Íslendinga og tíðni heimsókna þeirra í Árnassýslu, uppsveitirnar og staði innan uppsveitanna árið 2002




Rúmlega 40% þeirra sem komu í Árnassýslu árið 2002 gistu þar einhvern tímann en um helmingur þeirra sem komu í uppsveitirnar. Nær 40% gesta á Flúðum gistu þar, 20-25% þeirra sem komu að Laugarvatni eða Þjórsárdal en hlutfall næturgesta á Þingvöllum var einungis um 7% af þeim sem þangað komu.

¹⁴. Hér við bætast um 3% svarenda sem sögðust hafa komið þangað oftar en 50 sinnum, vegna vinnu og annarra þátta. Þessir "fastagestir" geta auðveldlega hækkað heildarfjölda skipta um 3-400 þúsund heimsóknir þannig að þær gætu verið á bilinu 1,7-1,9 milljónir árið 2003 (erfitt að áætla). Hér á eftir verður þó miðað við alls um 1,4 milljónir heimsókna Íslendinga í Árnassýslu árið 2003 til að forðast ofátlanir en þó er rétt að lesendur hafi það í huga að líkur eru á að heimsóknir Íslendinga í Árnassýslu hafi verið enn fleiri.

6. mynd

Hlutfall innlendra dags-og næturgesta í Árnassýslu, uppsveitunum og stöðum innan uppsveitanna árið 2002



Hlutfall næturgesta segir einungis hluta gistináttasögunnar, því ekki er síður mikilvægt hve lengi næturgestirnir dvelja. Samkvæmt könnuninni var meðaldvöl næturgesta uppsveitunum 10,9 nætur árið 2002, meðaldvöl næturgesta á Laugarvatni 8,1 nótt (mörg sumarhús), Þingvöllum í 5,9 nætur, Flúðum í 2,7 nætur og í Þjórsárdal 3,7 nætur. Sumarhúsafólk á viðkomandi stöðum er hér meðtalið.

3. tafla Áætlaður fjöldi Íslendinga, gistinátta þeirra og heimsókna í Árnassýslu, uppsveitirnar og nokkra staði innan uppsveitanna árið 2002¹⁵

	FJÖLDI GESTA			FJÖLDI NÁTTA / HEIMSÓKNA	
	Dagsgestir	Næturgestir	Gestir alls	Gistinætur	Fjöldi heimsókna
Árnassýsla	110.000	80.000	190.000	870.000	(1.440.000)
Uppsveitirnar	75.000	75.000	150.000	(700.000)	(700.000)
Þingvellir	86.000	6.000	92.000	35.000	240.000
Laugarvatn	65.000	17.000	85.000	138.000	213.000
Geysir			75.000		128.000
Gullfoss			70.000		112.000
Flúðir	38.000	22.000	60.000	60.000	144.000
Skálholt			45.000		76.000
Þjórsárdalur	22.000	8.000	30.000	30.000	36.000
Þjóðveldisbær			13.000		14.000

15. Þessum tölum ber að taka með verulegri varúð enda eru skekkjumörk að jafnaði a.m.k. +/- 10-15% og jafnvel meiri þegar heildarfjöldi heimsókna í Árnassýslu er áætlaður. Þær tölur sem eru lauslega áætlaðar eru hafðar innan sviga. Hvað Þjóðveldisbæinn varðar er mikilvægt að hafa í huga að þessi áætlun nær til allra sem koma að bænum, en margir þeirra borga sig ekki inn eða koma utan opnunartíma sem er einungis þrjú mánuðir á ári. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni í Þjóðveldisbæ komu þangað um 7.500 borgandi gestir sumarið 2003 en líklega um 10.000 manns ef börn undir 12 ára aldri og skólaheimsóknir eru meðtaldar.

Þannig má lauslega áætla að gistinætur Íslendinga á Þingvöllum, Laugarvatni, Flúðum og í Þjórsárdal hafi verið nær 40% af gisinóttum Íslendinga í uppsveitunum árið 2002 (um 20% á Laugarvatni), en a.m.k. 60% hafi verið annars staðar á svæðinu, mest í sumarhúsum í Grímsnesinu, í Bláskógabyggð, á tjaldsvæðum (s.s. við Faxa, Úthlíð, Álfaskeiði, Árnesi og Brautarholti) og á ýmsum gististöðum utan staðanna fjögurra.^{16 17}

Að jafnaði höfðu karlar komið heldur meira á staðina en konur. Fólk á aldrinum 56-65 ára fer að öllu samanlögðu mest um þá staði sem spurt var um, síðan fólk 36-45 ára og þá þeir sem eru 46-55 ára. Hins vegar fór unga fólk 16-25 ára, minnst um flesta þessara staða en síðan fólk á aldrinum 26-36 ára og eldra en 65 ára. Aldursdreifing komugesta á Laugarvatni var jafnari en að öðrum stöðum í uppsveitunum.

Íbúar á suðvesturhorninu komu hlutfallslega tvöfalt meira í uppsveitirnar en fólk af landsbyggðinni.

4. tafla Hlutfall Íslendinga sem komu í Árnessýslu, í uppsveitirnar og á staði innan uppsveitanna 2002 eftir kyni, aldurshópum og búsetu

%	KYN		ALDURSHÓPAR						BÚSETA	
	Karl	Kona	16-25	26-35	36-45	46-55	56-65	>65	SV	LB
Árnessýsla	78	75	74	74	83	75	78	66	90	51
Uppsveitirnar	63	58	52	56	65	61	64	58	74	37
Þingvellir	40	34	23	32	44	38	39	33	47	20
Laugarvatn	35	33	29	28	35	39	35	31	41	22
Geysir	33	27	17	29	31	30	39	24	35	21
Gullfoss	30	26	16	26	30	26	37	26	33	19
Flúðir	28	21	12	21	29	26	34	16	28	19
Skálholt	20	17	12	15	17	21	25	16	21	12
Þjórsárdalur	14	10	10	7	10	10	19	16	14	8
Þjóðveldisbær	6	5	2	4	7	6	6	4	7	2

^{16.} Því má bæta við að samkvæmt niðurstöðum úr þessari sömu símakönnun fóru um 7% svarenda yfir Kjöl og um 4% yfir Sprengisand árið 2002. Er það umtalsverð breyting frá því í símakönnun fyrir ferðaárið 2001, þar sem 14% þátttakenda kváðust þá hafa farið Kjöl en 6% um Sprengisand. Jafnframt kváðust um 23% Íslendinga hafa farið eitthvað um hálendið árið 2002 á móti 30% landsmanna árið áður. Það er vel mögulegt að þessar niðurstöður endurspegli minni ferðalög Íslendinga um eigið land árið 2002 miðað við árið 2001, enda vitað að utanlandsferðir Íslendinga jukust talsvert milli árána. A.m.k. er ekki hægt að skýra breytinguna á umferð um hálendið eða Kjöl eingöngu með sveiflum innan skekkjumarka því hún er of mikil til að svo geti verið.

^{17.} Í Þjórsárdal er lauslega áætlað að 18-20 þúsund gistináttanna hafi verið meðal fólks á tjaldstæðum og 10-12 þúsund meðal fólks í sumarhúsum. (Um 120 sumarhús og hjólhúsi. Gert ráð fyrir um 25 daga meðalnýtingu á hús og að jafnaði fjórum í hverju húsi).

Miðaldra fólk, 36-55 ára, gisti hlutfallslega mest í uppsveitunum en yngsta og elsta fólkið síst. Hins vegar gisti unga fólkið til jafns við aðra aldurshópa og í Þjórsárdal en síður á Flúðum eða á Þingvöllum.

Íbúar á suðvesturhorninu gistu hlutfallslega nær þrefalt meira í uppsveitunum en fólk af landsbyggðinni.

5. tafla Hlutfall Íslendinga sem gistu í Árnassýslu, uppsveitunum og nokkrum stöðum innan uppsveitanna 2002
eftir kyni, aldurshópum og búsetu

%	KYN		ALDURSHÓPAR						BÚSETA	
	Karl	Kona	16-25	26-35	36-45	46-55	56-65	>65	SV	LB
Árnassýsla	35	30	27	29	40	37	31	19	40	18
Uppsveitirnar	32	28	22	28	39	35	30	21	38	16
Þingvellir	3	2	1	4	4	2	3	1	4	1
Laugarvatn	6	7	7	7	9	7	6	5	9	3
Flúðir	11	7	3	10	10	11	11	3	11	5
Þjórsárdalur	4	3	3	3	6	2	2	2	4	2

2.4 Erlendir ferðamenn á Suðurlandi og í uppsveitunum 2003

2.4.1 Gistinætur

90% sumargesta í *Dear Visitors 2003* komu eitthvað í Árnes- og Rangárvallasýslur og 39% gistu á láglendi sýslanna að jafnaði í 2,2 nætur hver.¹⁸ Þannig má áætla að 144 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið þangað sumarið 2003 og 63 þúsund hafi gist í alls 140 þúsund nætur.¹⁹ Samkvæmt þessu voru 8,5% gistinátta erlendra ferðamanna sumarið 2003 á láglendi Árnes- og Rangárvallasýslna.

Svo virðist sem sýslurnar, þ.e. láglendið, hafi tapað hlutdeild í gistinóttum erlendra sumarferðamanna á síðustu sjö árum. Samkvæmt *Dear Visitors* könnunum RRF sumarið 2001 voru 10,5% gistinátta erlendra sumarferðamanna í Árnes- og Rangárvallasýslum, 11,1% árið 1998 og 12,4% árið 1996. Þessi þróun á sér einkum tvær skýringar. Miðað við kannanir gista hlutfallslega færri af þeim sem koma í Árnes- og Rangárvallasýslur þar nú en áður og þeir sem gista dvelja skemur. Með öðrum orðum, svæðið heldur háu hlutfalli komugesta en dagsferðamönnum hefur fjölgað á kostnað næturgesta. Til marks um þetta gistu 47% erlendra sumargesta í Árnes- og Rangárvallasýslum sumarið 1996 í 3,2 nætur að jafnaði. Sumarið 2003 gistu hins vegar 39% sumargesta að jafnaði í 2,2 nætur. Ýmislegt bendir þó til þess, m.a. gistinátatölur Hagstofunnar, að uppsveitir Árnessýslu hafi haldið hlut sínum af gistinóttum erlendra ferðamanna betur en önnur svæði í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Þetta þarf þó ekki að þýða minni gistitekjur á svæðinu. Vitað er að tjaldgestum hefur fækkað á þessu tímabili en að þeim sem borga hærra verð fyrir gistingu hefur fjölgað. Þá mælir þessi niðurstaða einungis sumargesti en ekki ferðamenn á jaðartímum eða að vetri til en þar eru vísbendingar um að svæðið hafi sótt í sig veðrið, einkum að hausti til. Þróunin að sumarlagi kallar hins vegar á áætlanir og aðgerðir til að fá fleiri til að gista og dvelja lengur. Markviss markaðssetning og fjölbreytt afþreying skiptir þar miklu máli.

Hins ber að geta að á vestanverðu hálendinu hefur hlutfalli gistinátta erlendra sumargesta fjölgað úr um 7,5% í um 9% á tímabilinu 1996-2003. Landmannalaugar og Þórsmörk eru helstu gististaðirnir á þessu svæði og auk þess fleiri staðir á hálendi

¹⁸ . Hér er gengið úr frá því að allir sem komu í Árnes- og Rangárvallasýslur hafi komið í Árnessýslu, enda komu nær allir sem heimsóttu staði í Rangárvallasýslu á einhvern af stöðunum í Árnessýslu. Hins vegar er stór hluti af ferðamönnum í Árnessýslu sem ekki leggur leið sína austur yfir Þjórsá.


¹⁹ . Þessar fjöldaáætlanir miða við að 160 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið til Íslands sumarið 2003 (júní, júlí og ágúst), þar af 145 þúsund um Leifsstöð, 11.500 með Norrönu á Seyðisfjörð og 3-4 þúsund um Reykjavíkflugvöll (Færeyjar og Grænland), með LTU á Egilsstaði og Greenlandair á Akureyri. Auk þess komu um 30 þúsund erlendir ferðamenn hingað með skemmtiferðaskipum. Samkvæmt *Dear Visitors 2003* var meðaldvöl erlendra ferðamanna 10,4 nætur um sumarið og þannig má áætla gistinætur þeirra um tæplega 1650 þúsund sumarið 2003.

Árnes- og Rangárvallasýslna, s.s. Hólaskjól, Hrauneyjar, Kerlingarfjöll, ýmsir skálar á Torfajökulssvæðinu og víðar. Þannig má áætla að 70-80% af gistinóttum á vestanverðu hálendinu tilheyri þessum sýslum.

2.4.2 Fjöldi gesta

90% þátttakenda í Dear Visitors sumarið 2003 komu eitthvað í Árnessýslu eins og áður er getið og 80% á einhvern af eftirtöldum stöðum í uppsveitunum: Þingvelli, Laugarvatn, Gullfoss, Geysi, Flúðir eða Kjöl. Af einstökum stöðum heimsóttu flestir Gullfoss og Geysi, síðan Þingvelli og þá Laugarvatn.

7. mynd Hlutfall og áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sumarið 2003 ²⁰



Um 30.000 erlendir ferðamenn komu til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum. A.m.k. helmingur þeirra fer Gullna hringinn, um Þingvöll, Geysi og Gullfoss og allmargir með viðkomu á Laugarvatni og/eða Skálholti. Þannig má áætla heildarfjölda erlendra ferðamanna að Þingvöllum um 115 þúsund og Geysi og Gullfossi nálægt 140 þúsund sumarið 2001, auk þess sem ætla má að fjöldi erlendra gesta að Laugarvatni og Skálholti sé nokkuð vanáætlaður. Þá má geta þess að um 30% komu í Landmannalaugar en flestir þeirra fara um uppsveitir Árnessýslu og Þjórsárdal á leið þangað.

²⁰. Brúnu súlurnar við Skálholt, Nesjavelli, Stöng og Þjóðveldisbæinn gilda fyrir sumarið 2001 (Dear Visitors 2001) en hér er miðað við að hlutfall erlendra ferðamanna sem komu þangað sumarið 2003 hafi haldist óbreytt. Þannig er ónákvæmni í áætluðum gestafjölda fyrir þessa fjóra staði meiri en fyrir hina. Þó má telja ólíklegt að hlutfall erlendra ferðamanna sem heimsóttu þessa staði hafi breyst verulega á toggja ára bili. Ekki verður farið út í frekari greiningu ferðamanna á þessum stöðum hér á eftir heldur einungis á þeim sem spurt var um árið 2003.

6. tafla Hlutfall erlendra gesta í Árnessýslu, í uppsveitirnar og á staði í uppsveitunum sumarið 2003 eftir kyni, aldri, búsetu o.fl.

%	Árnes-sýsla	Upp-sveitir	Geysir	Gull-foss	Þing-vellir	Laugar-vatn	Kjölur	Flúðir
Allir	90	80	76	76	62	31	16	13
Kyn								
Karl	89	78	73	73	58	31	16	14
Kona	91	81	78	78	65	32	15	12
Farart. til Ísl.								
Flugvél	89	78	75	75	62	30	15	12
Norröna	94	93	85	84	63	45	28	20
Ferðamáti								
Eigin vegum	90	80	77	76	63	36	15	16
Hópförð	89	79	73	74	59	21	16	6
Áður á Ísl.								
Fyrsta skipti	92	83	80	80	63	32	15	14
Komið áður	78	62	53	54	54	30	21	9
Aldurshópar								
16-25 ára	89	84	73	73	59	27	10	15
26-35 ára	91	86	82	80	62	34	16	14
36-45 ára	89	74	72	74	61	28	20	12
46-55 ára	88	77	73	73	62	36	16	15
56-65 ára	90	73	74	76	64	27	19	11
> 65 ára	91	82	75	72	63	29	9	7
Búseta								
Norðurlönd	87	77	75	74	65	43	13	18
Mið-Evrópa	93	82	80	78	65	36	16	13
Benelux lönd	96	96	87	89	74	37	32	14
Stóra Bretl	84	78	72	72	58	22	11	9
S-Evrópa	96	83	77	79	63	31	21	14
N-Ameríka	80	64	63	63	49	18	5	10

Minna er vitað um erlenda ferðamenn í uppsveitunum utan sumartíma en þó er ljóst að verulegur meirihluti þeirra leggur þangað leið sína. Meðal þátttakenda í Dear Visitors haustið 2001 (september og október) komu nær 70% eitthvað í Árnessýslu, þar af 62% að Gullfossi og Geysi, 49% á Þingvöllum og 17% á Nesjavelli. Miðað við könnun Ferðamálaráðs síðastliðinn vetur (sept. 2001 til maí 2002) komu 65% erlendra ferðamanna að Þingvöllum og 89% að Geysi á því tímabili. Hlutfallið að Geysi virðist í fljótu bragði afar hátt í ljósi þess að yfir vetrartímam koma hingað fleiri ferðamenn sem hafa komið áður til Íslands. Í ljósi þessa munar er fleiri samanburðarathugana þörf til að áætla betur hlutfall erlendra ferðamanna í uppsveitirnar og á helstu staði þar utan sumartíma.

Hér mun farið milliveginn og reiknað með að um 80% erlendra vetrarferðamanna fari í uppsveitirnar utan sumartíma árið 2003, um 75% að Geysi og Gullfossi og 55% að Þingvöllum. Miðað við það má áætla að um 260 þúsund erlendir ferðamenn fari um uppsveitirnar árið 2003 og um 245 þúsund manns að Gullfossi og Geysi og rúmlega 200 þúsund að Þingvöllum.²¹

Samkvæmt könnun RRF gistu um 16% ferðamanna haustið 2001 í Árnes- eða Rangárvallasýslum (24% í sept og 10% í okt). Í september má því áætla að 9,3% gistinátta erlendra gesta hafi verið á svæðinu en aðeins 3,8% í október. Í könnun Ferðamálaráðs gistu 9,5% erlendra ferðamanna eitthvað á Suðurlandi utan háannatíma árið 1999 til 2000 (september til maí) og 10,5% utan háannar 2001 til 2002. Þannig virðist gisting erlendra ferðamanna á Suðurlandi utan sumartíma hafa aukist. Ef gert er ráð fyrir að hver gestur hafi dvalið þar að jafnaði í tvær nætur má áætla gistinætur þeirra 30-35 þúsund á Suðurlandi utan háannar 2001 til 2002, að líkindum langflestar í Árnes- og Rangárvallasýslum. Ef þessar niðurstöður eru yfirfærðar á árið 2003 má lauslega áætla gistinætur erlendra ferðamanna á láglandi í Árnes- og Rangárvallasýslum nálægt 160 þúsund árið 2003, auk gistinátta á hálendi sýslanna.

Erfitt er að áætla hlutfall gistinátta í uppsveitunum af öllum gistinóttum í Árnes- og Rangárvallasýslum en ef miðað er við 35-40% þá verður áætlaðu fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna í uppsveitunum á bilinu 55-65 þúsund árið 2003. Langflestar gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi sýslanna, sem hér eru ekki meðtaldar, eru á hálendi Rangárvallasýslu (mest Landmannalaugar og síðan Þórsmörk).

2.5 Allir ferðamenn í uppsveitunum 2002-2003

Innlendir ferðamenn eru enn sem komið er mun mikilvægari markhópur en erlendir ferðamenn fyrir ferðaþjónustu víðast hvar í uppsveitum Árnessýslu og á Suðurlandi. Samkvæmt áðursögðu má t.d. áætla að Íslendingar standi fyrir 92-93% af gistinóttum ferðamanna í uppsveitunum en erlendir ferðamenn 7-8%. Hins vegar greiða Íslendingar mun minna fyrr hverja gistinótt sökum þess hve hátt hlutfall af gistingu þeirra er í eigin bústað, í leigðu sumarhúsi eða á tjaldsvæði. Þannig má búast við að erlendir ferðamenn séu með allt s.s. 20-30% hlutfall af útgjöldum ferðamanna í uppsveitunum. Þá má reikna með að Íslendingar standi nú fyrir um þremur fjórðu hlutum af ferðum um uppsveitirnar en erlendir ferðamenn um fjórðungi. Orsakast það fyrst og fremst af tíðum heimsóknum margra Íslendinga á svæðið.

²¹. Þessar áætlanir eru settar fram með fyrirvara um veruleg skekkjumörk.

7. tafla **Áætlaður fjöldi gesta, heimsóknna og gistinátta í uppsveitunum 2002-2003** ²²

	Íslendingar	Útlendingar	Alls
Fjöldi gesta	150.000	265.000	415.000
Fjöldi heimsóknna	(700.000)	260.000	(960.000)
Fjöldi gistinátta	(700.000)	60.000	(760.000)

Þegar rýnt er í niðurstöður um fjölda heimsóknna ferðamanna í uppsveitum og eftir stöðum þar og hlutfall Íslendinga og erlendra ferðamanna kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Þannig er áætlað að um tveir þriðju hlutar heimsóknna að Gullfossi og Geysi árið 2002-2003 hafi verið meðal erlendra ferðamanna en einungis 16% á Flúðum. Endurspeglar þetta einkum hve erlendir ferðamenn dreifast takmarkað út fyrir Gullna hringinn.

8. tafla **Áætlaður fjöldi og hlutfall heimsóknna innlendra og erlendra ferðamanna í uppsveitirnar og staði árið 2002-2003** ²³

	FJÖLDI		HLUTFALL		Fjöldi alls
	Íslendingar	Útlendingar	Íslendingar	Útlendingar	
Uppsveitirnar	(700.000)	260.000	73%	27%	(960.000)
Þingvellir	240.000	200.000	55%	45%	430.000
Laugarvatn	213.000	70.000	75%	25%	283.000
Geysir	128.000	245.000	34%	66%	373.000
Gullfoss	112.000	245.000	31%	69%	357.000
Flúðir	144.000	28.000	84%	16%	172.000
Skálholt	76.000	50.000	60%	40%	126.000
Þjórsárdalur	36.000	20.000	64%	36%	56.000
Þjóðveldisbær	14.000	13.000	52%	48%	27.000

Reiknað má með að útgjöld innlendra og erlendra ferðamanna á ferð um Ísland árið 2003 verði a.m.k. 35 milljarðar. Þá er allt meðtalið, s.s. matvara, veitingar, eldsneyti, gisting, afþreying, fasteignagjöld, leigugjöld o.fl.

Erfitt er að áætla útgjöld ferðamanna í uppsveitum Árnassýslu en þó má leika sér með tölur. Ef útgjöld eru að jafnaði 1000 kr á hverja heimsókn, sem áætlaðar eru um 965 þúsund árið 2003, eru þau um einn milljarður króna en tæplega tveir milljarðar ef

²². Tölur í sviga eru lauslega áætlaðar út frá könnunum á ferðamönnum í Árnassýslu.

²³. Hér er áætlað að 50% af ferðamönnum með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur sumarið 2003 hafi farið að Þingvöllum, Gullfossi og Geysi (15 þúsund á hvern stað) og 20% að Laugarvatni og Skálholti (6 þúsund). Þá er sett fram tilgáta um að 10% erlendra ferðamanna utan sumartíma hafi komið að Laugarvatni og Skálholti en 5% að Flúðum. Reynt er að áætla varlega til að forðast ofáætlanir.

Útgjöldin eru 2000 kr á hverja heimsókn. Þá eru útgjöld ferðamanna sem heimsækja uppsveitirnar veruleg í lágsvæitum Árnessýslu, einkum á Selfossi en einnig í Hveragerði og víðar. Ef t.d. er miðað við að útgjöld ferðamanna í uppsveitunum hafi verið um 2 milljarðar króna þýðir það að um 6% af útgjöldum ferðamanna á Íslandi árið 2003 hafi verið í uppsveitunum. Nánari kannana er þörf til að áætla þetta nánar.

Ýmislegt bendir til þess að Vesturland sé að sækja í sig veðrið, m.a. á kostnað Suðurlands, einkum hvað varðar styttri ferðir erlendra ferðamanna frá Reykjavík, þ.e. dags- og 2-3 daga ferðir. Ástæður þess kunna m.a. að vera tilkoma Hvalfjarðarganganna, ör uppbygging ferðaþjónustu á Snæfellsnesi, þjóðgarðurinn Snæfellsjökull o.fl. Þrátt fyrir vaxandi samkeppni heldur Suðurland þó ótvírætt forskoti sínu á önnur landsbyggðarkjördæmi og eru þrír mest sóttu ferðamannastaðir á landinu í uppsveitunum. Full ástæða er þó fyrir uppsveitamenn og aðra Sunnlendinga að halda vöku sinni og stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna um kjördæmið.

Markmiðið hlýtur að vera að uppsveitirnar haldi a.m.k. sínum hlut í fjölda erlendra ferðamanna sem þangað koma, um 80% af heildinni. Ef spár ganga eftir um að ein milljón ferðamanna komi til Íslands í kringum árið 2020 þá þýðir það að um 800 þúsund ferðamenn koma í uppsveitirnar, rúmlega þrefalt fleiri en nú. Lykilatriði er hins vegar að þeir gisti í auknum mæli í uppsveitunum og skilji þannig eftir meiri fjármuni og stuðli að áframhaldandi fjölgun starfa.

9. tafla

Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands og í uppsveitirnar 1950-2003 og áætlun til 2020 ²⁴

	Ísland	Uppsveitir
1950	4.000	3.000
1980	70.000	55.000
2003	315.000	260.000
2020	1.000.000	800.000

²⁴. Hér er gengið út frá því að 75-80% erlendra ferðamanna árið 1950 og 1980 hafi komið í uppsveitirnar en um það er ekkert vitað með vissu.


3.0 Ferðapjónusta í uppsveitunum - stöðumat og aðgerðir eftir málaflokkum

3.1 Þróun ferðamála í uppsveitunum 1997-2003

Það er erfitt að skilgreina störf í ferðapjónustu og aðgreina frá þjónustu almennt. Þjónusta við ferðamenn er jafnframt þjónusta við heimamenn. Ýmis fleiri störf tengjast ferðapjónustu og ferðamönnum þó ekki flokkist þau beint sem störf í ferðapjónustu t.d. þjónusta iðnaðarmanna við sumarhúsaeigendur, bifreiðaverkstæði, garðyrkjubændur, þjónusta heilsugæslustöðva, lögreglu, banka, pósthúsa, opinberra stofnana o.s.frv. Í fyrstu stefnumótunarskýrslunni voru störf í þjónustu/ferðapjónustu í uppsveitunum árið 1997 áætluð 160-170 og voru þá meðtalin störf í gistingu, veitingum, á tjaldsvæðum, afþreyingu, verslunum og sundlaugum. Þegar sama viðmið er notað árið 2003 eru þjónustu/ferðapjónustustörf í uppsveitunum áætluð 230-240. Samkvæmt því hefur störfum sem að öllu eða miklu leyti snúast um ferðamenn fjölgað um 70 á sex ára tímabili eða um nær 40%.²⁵

Frá ársbyrjun 1997 hefur sumarhúsum í uppsveitunum (hjólhýsi meðtalin) fjölgað um rúmlega 20%, úr 3.400 í um 4.100 haustið 2003. Ef miðað er við að í hverjum bústað séu að jafnaði 4 rúm þá eru alls 16 þúsund gistirúm í bústöðum í uppsveitunum og hefur fjölgað um rúmlega 2000 frá 1997! Hér að neðan má síðan sjá þróun rúmafjölda á Íslandi á Suðurlandi og í uppsveitunum á árabílinu 1998-2002 samkvæmt tölum Hagstofunnar (gistiheimili og hótél).

8. mynd Framboð gistirýmis - fjöldi rúma. Breytingar milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands

²⁵. Í þessum tölum eru þó ekki meðtaldir allir iðnaðarmennirnir sem þjónusta bústaðina, ekki bankafólk og starfsfólk pósthúsa, ekki lækarnir sem þjóna öllum sem koma, ekki hreppsskrifstofunnar sem þjóna sumarhúsafólki á ýmsan hátt, byggingarfulltrúinn og svo mætti lengi telja. Þá eru ekki meðtalin starfsmenn virkjana sem taka þátt í að taka á móti ferðamönnum, ekki starfsfólk sem afhendir lykla í sumarhús utan háannar o.fl.

Gististöðum uppsveitunum hefur á þessu sex ára tímabili, 1997-2003, fjölgað úr 19 í 30 og herbergjum úr 411 í 483 (sjá 11. töflu í kafla 3.4.1). Þá er ekki meðtalin gisting í Hólaskógi sem er rétt ofan hálendisbrúnar og rúmar um 80 manns í gistingu.

10. tafla **Þróun ferðaþjónustu í uppsveitunum 1997-2003**

	1997	2003	Aukning
Fjöldi starfa	170	235	38%
Fjöldi sumarhúsa	3.400	4.100	20%
Fjöldi gististaða	19	30	58%
Fjöldi herbergja	411	483	18%

Ferðaþjónustuaðilar í uppsveitum fullyrða að ferðamannatíminn sé að lengjast í báða enda og er það mjög ánægjulegt því altalað er að sú fjölgun sem orðið hefur á ferðamönnum til landsins utan háannar hafi ekki skilað sér í dreifbýlið. Með auknu framboði afþreyingar fylgir í kjölfarið að gestir dvelja lengur og eyða meiru.

Ljóst er að sú mikla fólksfjölgun sem verður á svæðinu, sérstaklega yfir sumartímann, hefur víðtæk áhrif á svæðinu, umferð er gífurleg og oft miklar annir hjá læknum, lögreglu og víðar. Taka þarf tillit til þessarar miklu fólksfjölgunar á svæðinu í öllu skipulagi, vegagerð og uppbyggingu opinberrar þjónustu.

3.2 Skipulag og stjórnun ferðamála

3.2.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Öflugt embætti ferðamálafulltrúa. Góður skilningur meðal sveitarstjórna á mikilvægi ferðaþjónustunnar. Stefnumótun í ferðamálum 1998-2002 og nú 2004-2008. Nefndir í öllum hreppum er sinna ferðamálum 	<ul style="list-style-type: none"> Ferðamálanefndir mismunandi virkar og takmarkað samráð þeirra á milli. Eitt stöðugildi ferðamálafulltrúa er lítið miðað við sívaxandi umfang ferðaþjónustu á svæðinu. Engin samtök ferðaþjónustuaðila

Embætti ferðamálafulltrúa

Embætti ferðamálafulltrúa uppsveitanna hefur verið starfrækt frá árinu 1996. Upphafleg ráðning fulltrúans tók til tveggja ára og miðaðist fyrst og fremst við stefnumótunavinnu og eftirfylgi hennar. Í lok þess tímabils var staðan endurskoðuð og í ljósi fjölda verkefna var ákveðið að framlengja ráðninguna um tvö ár. Árið 2000 var embætti ferðamálafulltrúa uppsveitanna skilgreint sem fast embætti á vegum sveitarfélaganna. Embættið heyrir beint undir oddvitanevnd sveitarfélaganna fjögurra .

Ljóst er að ráðamenn í uppsveitum voru mjög framsýnir þegar þeir réðust í það umfangsmikla verkefni að móta stefnu í ferðamálum fyrir svæðið í heild og ráða sameiginlegan starfsmann. Fjöldmörg sveitarfélög og svæði hafa tekið sér þetta fyrirkomulag til fyrirmyndar. Með því að vera með þeim fyrstu á landsvísu í þessum efnum hafa ferðamálafulltrúa uppsveitanna verið falin ýmis trúnaðarstörf og þátttaka í verkefnum. Þá sýnir það jafnframt áhuga forystumanna í hreppunum að í þeim öllum eru nefndir sem sinna þróun og uppbyggingu í ferðaþjónustu. Hins vegar er samvinna þeirra á milli af skornum skammti. Nefndirnar eru:

- Atvinnu- og ferðamálanefnd í Grímsnes- og Grafningshreppi
- Atvinnu- og samgöngunefnd í Bláskógabyggð
- Ferðamálanefnd í Hrunamannahreppi
- Atvinnumálanefnd í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Verkefni ferðamálafulltrúa uppsveitanna eru fjölbreytt og yfirgripsmikil eins og sjá má af eftirfarandi starfslýsingu:



Starfslýsing ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu

- Vinna að alsherjar stefnumótun í ferðamálum á svæðinu.
- Vinna að því að stefnumótun sé framfylgt.
- Efla samvinnu ferðaþjónustuaðila innan svæðis og út á við.
- Hafa umsjón með sameiginlegri bæklingaútgáfu.
- Veita ferðaþjónustuaðilum á svæðinu ráðgjöf og aðstoð s.s. varðandi auglýsingar, kynningarmál og bæklingaútgáfu, verðlagningu, vöruþróun og nýsköpun.
- Svара fyrirspurnum og bréfum erlendis frá, sem berast frá einstaklingum, hópum, ferðaskrifstofum og landkynningarskrifstofum.
- Svара innlendum fyrirspurnum um þjónustu og aðstöðu á svæðinu frá stofnunum, félögum, einstaklingum, fyrirtækjum og ferðaskrifstofum.
- Taka þátt í samstarfi við Ferðamálaráð og svара erindum frá þeim.
- Senda upplýsingar til fjölmiðla og ferðaskrifstofa.
- Sitja ráðstefnur og fundi um ferðamál og miðla þeim upplýsingum heim í hérað.
- Taka þátt í samstarfi ferðamálafulltrúa á landsvísu, samstarfi landshlutasamtaka og Evrópusamstarfi.
- Stuðla að námskeiðahaldi og fræðslu fyrir fólk sem starfar við ferðaþjónustu.
- Stuðla að fjölþættum kynningarheimsóknum.
- Taka á móti gestum sem vilja kynna sér aðstæður á svæðinu. Taka á móti hópum.
- Reyna á sem víðtækastan hátt að vekja athygli á svæðinu.
- Taka þátt í verkefnum.
- Í starfi sínu skal ferðamálafulltrúi gæta fyllsta trúnaðar við viðskiptavinum og ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Starf ferðamálafulltrúa er því einkum fjórþætt þ.e.:

- *Stefnumótun og eftirfylgni.*
- *Upplýsingamiðlun, út á við sem inn á við.*
- *Ráðgjöf við ferðaþjónustuaðila o.fl.*
- *Þátttaka í verkefnum.*

Auk þess á ferðamálafulltrúi uppsveitanna nú (2003) sæti í stjórn samtaka ferðamálafulltrúa á Íslandi og er jafnframt kominn í stjórn Evrópusamtaka ferðamálafulltrúa (EUTO) og hefur þar haft forgöngu um að næsta Evrópuþing þeirra, árið 2004, verður haldið á Íslandi. Á þeim vettvangi hefur einnig verið sótt um styrk í Evrópuverkefni á sviði starfsþjálfunar og símenntunar í ferðaþjónustu. Ferðamálafulltrúinn starfar með stjórn Ferðamálasamtaka Suðurlands og er jafnframt í góðum tengslum við aðra embættismenn í uppsveitunum, s.s. skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa.

Ferðamálafulltrúi aðstoðar gjarnan við kynningu og undirbúning viðburða á svæðinu. Af föstum viðburðum í uppsveitum má nefna: sumartónleika í Skálholti, Undir Bláhimni, Iðandi daga, Bláskógablíðu, Grímsævintýri, ýmsar uppákomur hjá félögum og fyrirtækjum s.s. markaði, tónleika, helgarviðburðir o.fl. Ákveðin virkni er á hverjum stað og hlutaðeigandi aðilar þar sem stýra viðburðum, en ferðamálafulltrúi aðstoðar á ýmsa vegu og kynnir reglulega framboð og nýjungar í ferðaþjónustu á svæðinu svo og menningarviðburði.

Ýmsa gesti ber að garði formlega sem óformlega. Fjölmargir hafa samband varðandi heimsóknir einstaklinga og hópa og þeim er vísað áfram miðað við óskir hverju sinni. Ferðamálafulltrúi hefur tekið á móti fjölmörgum hópum beint og óbeint.

Fáein dæmi:

- Heimsóknir ýmissa ráðamanna og föruneypa, innlendra og erlendra.
- Erlendir skólanemar.
- Erlendir blaðamenn og sjónvarpsmenn.
- Hópar ferðaskrifstofufólks innlendir og erlendir.
- Innlendir þáttagerðarmenn og fréttamenn.
- Hólanemendur, nemar frá Hvanneyri, nemar í ferðamálafræðum við HÍ o.fl.

Þá er nokkuð um að óskað sé eftir heimsókn ferðamálafulltrúa á fundi til kynningar og upplýsingamiðlunar.

Ferðamálafulltrúi hefur á umliðnum misserum tekið þátt í ýmsum verkefnum.

Fáein dæmi:

- Hugmyndasamkeppni um minjagrip uppsveitanna.
- Biskupaleið milli Þingvalla og Skálholts.
- Þjóðlendugöngur og Heimahagagöngur.
- Þjóðfræði kirkjustaða og samvinna sögustaða.
- Samvinna vegna Geysisstofu og gestastofu í Þjórsárdal.
- Hugmyndavinna um Fjalla-Eyvindastofu.
- Markviss upplýsingamiðlun og net upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi.

- NERP, norrænt verkefni um umhverfisvæn ferðaþjónusta í dreifbýli.
- Kultur og Ungdom, nordisk festival.
- Dagur dreifbýliskvenna og listahátíð.
- Evrópuverkefnið Destination Viking Sagalands.
- Leonardo mannaskiptaverkefni (námsferð).

Mikilvægur þáttur í störfum ferðamálafulltrúa er að afla fjár til ýmiss konar verkefna og aðstoðar hann bæði einstaklinga og félög við styrkumsóknir. Árlega hefur verið sótt styrki um til ýmissa verkefna og oft hafa fengist jákvæð viðbrögð. Tilvist markvissrar stefnumótun á svæðinu á án efa sinn þátt í því.

Mikil aukning hefur orðið á fyrirspurnum milli ára og sífellt fleiri nota netpóstinn. Flestar fyrirspurnir varða þjónustu, ferðamöguleika og ýmsar upplýsingar um hvað svæðið hefur að bjóða. Fyrirspurnir berast frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum hér á landi og erlendis. Ljóst er af þessu að ferðamálafulltrúar og upplýsingamiðstöðvar eru orðin þekkt fyrirbæri bæði meðal erlendra gesta og landans og menn kunna að meta og nýta sér þessa þjónustu í vaxandi mæli. Þetta endurspeglar einnig breytingar á ferðamynstri, þar sem æ fleiri ferðast nú á eigin vegum (allt að 70% erlendra ferðamanna 2003) og leita sér sjálfir upplýsinga um áfangastað.

Stór hluti starfs ferðamálafulltrúa er ráðgjöf við ferðaþjónustuaðila, handverksfólk o.fl. sem felst í margbreytilegri aðstoð. Nauðsynlegt er í flóknu umhverfi örra breytinga að hafa faglegan ráðgjafa sem getur fylgst með, aflað upplýsinga og þekkingar og miðlað áfram til þessara aðila og á það jafnt við um þá sem eru að stíga sín fyrstu skref og þá sem lengra eru komnir. Ráðgjöfin getur varðað starfsumhverfi, reglugerðir, vöruþróun, markaðsmál, kynningarefni, fjármögnun, sölu, styrki, textagerð, bréfaskriftir, bæklingagerð eða þýðingar svo nokkur dæmi séu nefnd. Þar sem ráðgjöf ferðamálafulltrúa sleppir er oft vísað til Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, einkum varðandi áætlanagerð.

3.2.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Efla samstarf ferðaþjónustuaðila
- Efla virkni og samstarf ferðamálanefnda.

Aukin verkaskipting

Í ljósi mjög vaxandi umfangs ferðamála, tæplega milljón heimsóknna ferðamanna árlega, og síaukinna verkefna ferðamálafulltrúa uppsveitanna líður óðum að því að eitt stöðugildi nægi ekki. Lagt er til að kannað verði hvort í ríkara mæli megi deila út verkefnum til fleiri aðila og jafnhliða því verði stuðlað að aukinni virkni ferðamálanefnda og ferðaþjónustuaðila.

Aukið samstarf ferðamálanefnda

Lagt er til að samvinna þeirra nefnda í uppsveitunum er sinna ferðamálum verði aukin þannig að fulltrúar þeirra hittist tvisvar á ári með ferðamálafulltrúa, t.d. í byrjun árs til að undirbúa verkefni sumarsins, og að hausti (í tengslum við fyrirhugaðan uppskerudag ferðaþjónustunnar) til að fara yfir árangur liðinna mánaða. Þar má ræða og finna farveg fyrir ýmis sameiginleg málefni s.s. reiðvegagerð, gönguleiðamerkingar (lengri leiðir), samræmingu viðburða, merkingar fyrir ferðamenn o.fl. Æskilegt er að fela nefndunum ákveðin úrlausnarefni í samvinnu við ferðamálafulltrúa.

Skipulag og stjórnun - hlutverk sveitarfélaganna:

- *Stuðla að auknu samstarfi ferðamálanefndanna og á milli ferðaþjónustuaðila.*

3.3 Samvinna



Samvinna í hnotskurn; sveitarstjórar uppsveitanna fagna nýrri stefnumótun

Ljós.: Sigurður Sigmundsson

3.3.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Góð samvinna sveitarstjórna í uppsveitum Árnassýslu. • Sameiginleg kynning og markaðssetning á Suðurlandi á ferðakaupstefnum og víðar. • Þátttaka í Ferðamálasamtökum Suðurlands. • Aukin samvinna við ýmis félög, fyrirtæki, stofnanir og skóla • Samvinna einstakra fyrirtækja við ferðaskrifstofur. • Þátttaka í evrópskum verkefnum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skortur á samvinnu ferðapjónustuaðila í uppsveitunum • Engin samvinna um pakkaþilboð. • Skortur á fjármagni til samvinnu í markaðsmálum.

Ferðapjónusta byggist á samvinnu ýmissa aðila innan svæðis sem utan og þrífst ekki án hennar. Í samvinnukafla stefnumótunarinnar frá 1998 voru helstu markmið þessi:

- Efla samvinnu innan svæðis, við önnur svæði, félög og stofnanir.
- Sameiginleg kynning og markaðssetning á ferðatilboðum og þjónustu.
- Samvinna innan Ferðamálasamtaka Suðurlands.

Þessi markmið hafa að mörgu leyti gengið eftir. Merkja má mun á viðhorfum síðan upphaflega stefnan var unnin 1996. Ferðaþjónustuaðilar eru í senn samkeppnisaðilar og samvinnuaðilar og æ fleiri gera sér grein fyrir mikilvægi samvinnu enda styrkir hver annan í ferðaþjónustu. Íbúar hafa misjafnlega mikinn áhuga á ferðaþjónustu og þess vegna er mikilvægt að hafa gott skipulag til að forðast árekstra. Opnir fundir hafa verið haldnir til að kynna og efla ferðaþjónustuna og einnig hefur verið gefið út fréttabréf sem dreift er á öll heimili til þess að upplýsingastreymi sé sem best innan svæðisins. Undir samvinnu falla kynningar og opnir dagar; Bjartir dagar í Biskupstungum og Bláskógablíðan í Bláskógabyggð hafa það megin markmið að kynna búsetu og þjónustu og efla samkennd. Markmið Iðandi daga á Flúðum eru að bjóða upp á afþreyingu, kynna þjónustu og styrkja samstöðu og sama má segja um Undir bláhimni og Gríms-ævintýri.

Sameiginleg kynning og markaðssetning hefur verið unnin í góðri samvinnu við Ferðamálasamtök Suðurlands og hefur ýmislegt áunnist á þeim vettvangi enda nauðsynlegt að vinna ýmis mál í stærra samhengi. Nemar í ýmsum skólum hafa komið í kynnisferðir og unnið að hagnýtum verkefnum sem nýtast á svæðinu. Sú kynning sem af því hlýst kemur svæðinu til góða. Þó vantar enn frekari samvinnu milli fyrirtækja við markaðssetningu og pakkalausnir.

Góð samvinna hefur verið við ráðuneyti, þingmenn, þróunarsvið Bygðastofnunar, Ferðamálasamtök Íslands., Náttúruvernd ríkisins, Minjavernd ríkisins, Skógrækt ríkisins, Þingvallanefnd, Skálholtsstað, Þjóðminjasafnið, Örnefnastofnun, Bygðasafn Árnesinga, Ferðafélag Íslands, Orkustofnun, Landsvirkjun o.fl. o.fl. Ýmis verkefni hafa orðið til við þessa samvinnu. Gott samstarf hefur verið við Ferðamálaráð og skrifstofur þeirra héraðs og erlendis og við ferðamálafulltrúa annarra svæða. Einnig hefur samvinna við kollega í Evrópu verið góð eftir að Félag ferðamálafulltrúa á Íslandi gerðist aðili að Evrópusamtökum þeirra (EUTO). Þátttakan í EUTO er góð landkynning fyrir Ísland og góð tengsl hafa leitt af sér samstarfsverkefni, gagnkvæmar heimsóknir og umsókn um Evrópustyrk. Það er mjög mikilvægt fyrir litla þjóð að taka þátt í samstarfi þjóðanna og læra.

3.3.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- *Auka samvinnu á öllum sviðum er tengjast ferðaþjónustu, innan hreppanna og svæðisins, við ferðaskrifstofur og nágrannahéruð (m.a. yfir Kaldadal, Kjöl og Sprengisand).*
- *Samvinnudagur ferðaþjónustuaðila, 1-2 skipti á ári.*

Samvinna ferðaþjónustuaðila innan svæðis

Ferðamenn skynja yfirleitt ekki hvar einu sveitarfélagi sleppir og annað tekur við. Með aukinni samvinnu í ferðaþjónustu vaxa líkur á því að það takist að halda ferðamönnum lengur á svæðinu, auka tekjur og fjölga störfum. Nokkuð skortir á samvinnu

ferðaþjónustuaðila innan uppsveitanna. Einnig þarf að efla samstarf þeirra við aðila utan svæðis, s.s. ferðaþjónustuaðila í nærliggjandi byggðarlögum, ferða-skipuleggjendur og ferðaskrifstofur. Þessi samvinna þarf að vera beggja hagar, örðuvísi er um tómt mál að tala. Samvinnuvilji heimamanna kom ótvírætt í ljós á hugmyndafundunum sem haldnir voru í tengslum við endurskoðun stefnumótunar-innar. Þar kom sterkt fram að margir telja það mikilvægast hvað samvinnu varðar að ferðaþjónustuaðilar hittist einu sinni til fjórum sinnum á ári til að bera saman bækur sínar og leggja á ráðin um samstarf, einkum á sviði pakkaferða og sameiginlegrar markaðssetningar. Hér er lagt til að slíkir fundir verði haldnir einu sinni til tvisvar á ári.

Stefnt skal að því að ferðaþjónustuaðilar í uppsveitunum auki m.a. samvinnu á sviði markaðs- og útgáfumála og við gerð ferðatilboða. Boðið verði upp á mismunandi pakkaferðir sem höfða til ólíkra markhópa bæði hér og erlendis. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að sífellt fleiri erlendir gestir og nær allir Íslendingar ferðast um landið á eigi vegum en ekki í skipulagðri hópferð. Mun nánar komið inn á þann þátt í kafla 3.8 um útgáfumál og markaðssetningu.

Ferðaskrifstofur

Mikilvægt er að ná góðri samvinnu við ferðaskrifstofur um að þær sendi hópa sína víðar um uppsveitirnar. Sum ferðaþjónustufyrirtæki í uppsveitunum hafa þróað sín eigin sambönd á markaðnum en önnur síður. Gert er ráð fyrir að ferðamálafulltrúi muni aðstoða fyrirtæki sem vilja koma sér saman um pakkatilboð. Í því sambandi er mikilvægt að skilgreina þarfir mismunandi markhópa; hvatarferðarhópa, venjubundinna hópferða, sérá hugahópa o.s.frv. Taka þarf upp viðræður við ferðaskrifstofur og kanna áhuga þeirra á framtíðarsamvinnu í ferðamálum og hvaða kröfur þarf að uppfylla til að sinna vel gestum þeirra. Lagt er til að ferðamálafulltrúi hafi frumkvæðið að árvissum vinnu- og kynningarfundum. Þess utan þarf samvinnan við ferðaskrifstofur að vera stöðugt í gangi.

Ferðamálasamtök Suðurlands

Landshlutasamtök í ferðaþjónustu eru átta talsins þar á meðal Ferðamálasamtök Suðurlands (FSS). Samtökin fá árlega úthlutað opinberu fé sem hefur verið nýtt til sameiginlegrar markaðssetningar á Suðurlandi. Ferðaþjónustuaðilar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfsemi Ferðamálasamtaka Suðurlands og efla þau.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands

Stefnt skal að því að uppsveitirnar taki virkan þátt í áframhaldandi starfsemi og þróun Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands en starfsmenn sjóðsins sinna m.a. ýmiss konar ráðgjöf á sviði ferðamála. Kynna þarf starfsemi sjóðsins enn betur meðal fyrirtækja og rekstraraðila í uppsveitunum og nýta markvisst þann rétt sem fyrirtæki hafa til að fá þar almenna ráðgjöf á sviði ferðaþjónustu og atvinnumála. Mikilvægt er að aðilar sem hafa í hyggju nýsköpun á sviði atvinnumála leiti til sjóðsins um mat á raunhæfni og ráðgjöf um hvar möguleiki er á styrkjum og stuðningi við þær. Stefnt skal að því að vinna að stærri þróunar- og samstarfsverkefnum í ferðaþjónustu með ráðgjöf og stuðningi Atvinnuþróunarsjóðsins á næstu misserum. Má þar nefna nýsköpunarverkefni um Gestastofu í

Þjorsárdal, Fjalla-Eyvindar setur að Flúðum, þjónustumiðstöð að Borg í Grímsnesi, verkefnið um Kóningsveginn og baðmiðstöðina að Laugarvatni (sjá kafla 4).

Nálæg sveitarfélög og svæði

Nærtækust er samvinna við nærliggjandi sveitarfélög í lágsveitum Árnessýslu og í Rangárvallasýslu. Þá felast jafnframt ýmsir möguleikar í samvinnu við Norðlendinga yfir Kjöl og Borgfirðinga yfir Uxahryggi og Kaldadal auk aðila á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru Suðurnes nú hluti af Suðurlandskjördæmi og ferðamálasamtök þessara landshluta hafa þegar hist til að leggja á ráðin um samvinnu.

Evrópusamvinna

Möguleikar Íslands á samvinnuverkefnum um nýsköpun og þróun á vettvangi Evrópusambandsins fara vaxandi og árangur Íslendinga á því sviði hefur verið góður. Hér á landi fara Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun og Rannsóknaráð Íslands með umsýslu Íslands á sviði slíkra verkefna. Sem dæmi um árangur í þessum efnum má nefna að nýverið fékkst um 50 milljóna króna styrkur í verkefnið *Destination Viking Sagalands, Sagas and Storytelling* úr Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins en heildarumfang þess er um 90 milljónir. Meðal 15 þátttakanda í verkefninu er Skeiða- og Gnúpverjahreppur með verkefni um Þjorsárdal. Markmiðið er að kynna sögu dalsins með merkingum og kortum auk þess að auka upplýsingar til ferðamanna í og við Þjóðveldisbæinn. Fyrsti samráðsfundur í verkefninu var haldinn að Geysi í febrúar s.l. en verkefnið stendur til ársloka 2005.



Þátttakendur í *Destination Viking Sagalands* verkefnisfundi að Geysi í febrúar 2002

Hvatt er til þess að sveitarfélög og ferðaþjónustuaðilar í uppsveitunum taki í auknum mæli þátt í umsókum um í Evrópuverkefni. Lagt er til að ferðamálafulltrúi beiti sér fyrir því ásamt fagraðinu að hagsmunaaðilum verði kynnt tækifæri sem gefast á styrkjum til nýsköpunar í ferðaþjónustu í gegnum EES samninginn.

Stofnanir, sjóðir og félagasamtök

Viðhalda þarf samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem hafa komið að ýmsum verkefnum í uppsveitunum á umliðnum árum. Einnig ýmsar aðrar stofnanir og sjóði.

Háskólanemar o.fl.

Háskólanemar o.fl. taka oft að sér hagnýt verkefni í þágu atvinnuveganna sem lið í lokaverkefnum. Kanna þarf möguleika á samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Akureyri, Tækniháskólann, Viðskiptaháskólann á Bifröst, búnaðarháskólana og aðra skóla á háskólastigi, nema á ferðamálabrautum o.fl.

Félög í uppsveitunum

Ýmis félög eru uppsveitunum sem hafa tengst ferðaþjónustu og viðburðum henni tengdri og önnur sem gætu þar látið að sér kveða. Hér eru nefnd nokkur dæmi um hvar félögin í uppsveitunum geta orðið að liði.

Ungmennafélög: Markaðir, skemmtanir, sala, íþróttamót, hátíðir o.fl.

Kvenfélög: Markaðir, skemmtanir, veitingar.

Hestamannafélög: Hestamannamót, hestasýningar og viðburðir þar sem nýta má hesta.

Golfklúbbur: Golfmót.

Kórar: Fjölmargir kórar eru í uppsveitunum. Skemmtanir og tónlistaratriði. Gera tilraun með að bjóða upp á söngskemmtanir fyrir ferðamenn.

Leikdeildir ungmennafélaga: Leikrit/leikþættir. Hleypa lífi í hugmynd um Kónsveginn.

Búnaðarfélög: hrútasýningar, gamalt verklag, landbúnaðartæki.

Landgræðslu- og skógræktarfélög; fræðslustundir, ferðir.

Samvinna - hlutverk sveitarfélaganna:

- *Hvetja til samvinnu ferðaþjónustuaðila og aðstoða við skipulag vinnufunda .*
- *Ferðamálafulltrúi uppsveitanna taki virkan þátt í starfsemi FSS.*
- *Vera vakandi fyrir mögulegum verkefnum sem nemendur gætu unnið til hagsbóta fyrir ferðaþjónustu í uppsveitunum.*
- *Hafa frumkvæði að aukinni samvinnu í ferðamálum við nálæg sveitarfélög og svæði.*
- *Nýta sem best sérþekkingu fulltrúa APS á sviði ferðamála til að efla ferðaþjónustu í uppsveitunum og á Suðurlandi öllu.*
- *Ferðamálafulltrúi beiti sér fyrir því að ferðaþjónustuaðilum verði kynnt tækifæri sem gefast á styrkjum til nýsköpunar í ferðaþjónustu í gegnum EES samninginn. Skoða möguleika á að taka virkan þátt í fleiri umsóknum um Evrópustyrki til eflingar ferðaþjónustu.*
- *Hafa frumkvæði að viðræðum við ýmsar stofnanir og fyrirtæki um með hvaða hætti þau geti komið að eflingu ferðaþjónustu í uppsveitunum.*
- *Hvetja félög til þátttöku í viðburðum og skemmtunum á sviði ferðaþjónustu í uppsveitunum. Skoða möguleika á að fela einstökum félögum verkefni á því sviði.*

3.4 Gisting, veitingar og verslun

3.4.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Aukið framboð á vandaðri gistingu. • Nýjungar í veitingasölu á nokkrum stöðum. • Ferðamannaverslun á Geysi. • Handverksgallerí með vörur heimamanna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lítil sérhæfing í veitingum, s.s. heilsufæði, þjóðlegir réttir, fiskréttir, áhersla á börn o.s.frv. • Misjöfn gæði tjaldsvæða. • Fáar verslanir • Opnunartímar utan sumartíma

Gisting, ásamt veitingum og hreinlætisaðstöðu, er einn af grunnþáttum ferðaþjónustunnar. Ef gæði gististaða eru lítil er líklegt að það hafi áhrif á viðhorf ferðamanna til ferðarinnar í heild. Ef gististaði vantar snúa viðskiptavinir sér annað og tekjur tapast.

Nú, árið 2003, eru 26 staðir í uppsveitunum sem bjóða upp á gistingu í uppbúnum rúmum, 11 eru með gistingu í sumarhúsum og auk þess má víða fá svefnpokagistingu í byggð og einnig á hálendinu. Gististöðum fækkar aðeins yfir vetrartímann sökum þess að sums staðar eru skólahús nýtt að sumarlagi. Þá eru 19 tjaldsvæði í uppsveitunum af ýmsum stærðum og sem veita mismikla þjónustu. Þannig má segja að úrval gististaða í uppsveitunum sé gott þó það sé talsvert misjafnt eftir hreppum. Langflestir gististaðir eru í Bláskógabyggð.

Yfir 30 staðir í uppsveitunum bjóða veitingar af einhverju tagi, frá pylsu og kók upp í margréttadar máltíðir með vínveitingum. Auk þess eru nokkrir staðir sem bjóða upp á kaffiveitingar og kráarstemmingu. Kaffi Klettur, Hestakráin, Gullfosskaffi, og Gamla-Borg hafa bæst í tölu veitingahúsa frá síðustu stefnumótunarmálinni. Þá hefur framboð veitinga aukist víða þar sem stækkað hefur verið og aðstaða bætt.

Átta staðir í uppsveitunum selja matvöru en helstu matvöruverslanir eru á Flúðum, Laugarvatni, Reykholti, Árnesi og á Borg. Auk þess má fá helstu nauðsynjar á Geysi, í Úthlíð og í Þrastarlundi. Á þessum stöðum er einnig eldsneytissala. Öflugasta ferðamannaverslunin er á Geysi. Verslun í Brautarholti (Gósen) og í Laugarási (Shell skálinn) hafa hins vegar hætt starfsemi.

Næsta tafla sýnir þær breytingar sem hafa orðið á fjölda gististaða og gistirúma í uppsveitunum frá árinu 1997.

11. tafla Fjöldi bústaða og herbergja í uppsveitunum 1997 og 2003

	Bústaðir		Herbergi	
	1997	2003	1997	2003
Valhöll			30	30
Nesjavellir			60	60
Sel	2	2	3	3
Efri Brú X			12	0
Eyvík X			4	0
Brekkukot ☺			10	20
Hótel Hekla ²⁶ ☺			24	37
Hótel Geysir ☺		1	10	30
Gistiheimilið Geysi			11	11
Galtalækur X			7	0
Skálholt ☺			10	18
Skálholt búðir			6	6
Úthlíð	4	6		
Brattholt			6	16
Reykholt X			12	0
Kjarnholt	1	1		
Iðufell ☺	0	5	0	5
Hótel Flúðir			24	24
Skóli Flúðir X			19	0
Syðra-Langholt			12	20
Nátthagi X			10	0
Hvítárdalur X			3	0
Nónsteinn ☺			10	14
Minni-Mástunga ☺	2	4	0	11
Ásólfstaðir ☺	0	2		
Hótel Edda KHÍ			27	28
Hótel Edda ML			96	100
Dalsel ☺			5	17
Hestakráin ☺			0	8
Steinsholt ☺			0	5
Gilbrún ☺			0	4
Húsið ☺			0	8
Stóri Núpur ☺			0	3
Efsti Dalur ☺			0	5
Kjaransstaðir ☺	0	1		
Dekurból ☺	0	1		
Efra-Sel ☺	0	1		
Alls	9	23	411	483

Herbergjum hefur þannig fjölgað um 18% á tímabilinu og bústöðum til útleigu um rúmlega 250%. Þannig hafa 8 gististaðir hætt starfsemi en 18 nýir bæst í hópinn auk þess sem sjö staðir hafa aukið gistirými umtalsvert og sumir margfaldað það, eins og t.d.

²⁶. Áður Brjánsstaðir.

Dalsel, Minni-Mástunga, Brattholt, Hótel Geysir og Brekkukot. Aukningin hefur því mest verið í góðri gistingu. Þá hafa nýir fjallaskálar verið teknir í notkun, s.s. í Hólaskógi, og aðrir verið endurbættir þó sú þróun hafi í heildina verið fremur hæg.

Nú eru þrjú bankaútibú í uppsveitunum, Búnaðarbankinn á Flúðum og Laugarvatni en Landsbankinn í Reykholti. Þá eru hraðbankar á Flúðum og Laugarvatni. Póstafgreiðsla er í sama húsnæði og bankarnir á Laugarvatni og Flúðum. Enginn bensínjálfsali var í uppsveitunum árið 1997 en þar hefur orðið mikil framför og eru þeir nú á fimm stöðum: Laugarvatni, Geysi, Reykholti, Flúðum og Árnesi.

3.4.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Auka fjölbreytni og gæði veitingastaða í uppsveitunum.
- Þjóða í auknum mæli upp á staðareinkennandi veitingar, hefðbundinn íslenskan heimilismat og hollt skyndibitaefæði.
- Efla verslanir í uppsveitunum, jafnt matvöruverslanir sem minni sérvorslanir.
- Bæta aðgengi fatlaðra að gististöðum, veitingastöðum og verslunum.

Gisting

Nægt framboð gistingar er víðast hvar í uppsveitunum og gæði gistingar hafa batnað verulega á undanförunum árum. Enn má þó gera betur í þeim efnum og skerpa ímynd þeirra og kynningu.


Ferðamálaráð hefur nú ákveðið að flokka tjaldstæði að erlendri fyrirmynd. Þar með munu væntanlega öll tjaldstæði í uppsveitunum flokkuð á næstu misserum til hagsbóta fyrir viðskiptavinina.

Veitingar

Þjóðlegur skyndibiti

Nýjungar í veitingarekstri eru alfarið undir áhugasömum einstaklingum og einkaframtaki komin eins og dæmin sanna. Lykill að velgengni í rekstri veitingahúsa er sérhæfing og gæði, bæði í mat og þjónustu.

Erlendir ferðamenn og Íslendingar einnig kvarta talsvert yfir því að of margar sjóppur við þjóðveginn séu sama marki brenndar bæði hvað varðar útlit og veitingar sem í boði eru og að þar sé megináhersla lögð á að kynna og selja hamborgara, pylsur, samlokur og franskar kartöflur. Nokkra svona staði er að finna í uppsveitunum en þó ekki marga. Lagt er til þeir geri tilraunir með að þjóða einnig upp þjóðlega og góða íslenska rétti, s.s. skyr og ýmsar tegundir veitinga þar sem mjólkurafurðir spila stóra rullu, grjónagraut, slátur, kjötsúpu, sætsúpu, kleinur, vöflur, lummur o.s.frv. Þess má geta að víða erlendis



Þjóðlegur skyndibiti fyrir þjóðlega sveitarstjórnarmenn

Ljósmynd: Ásborg Arnþórsdóttir

hefur orðið gjörbreyting á matarmenningu á veitingastöðum við þjóðvegi, m.a. má þar nefna vegasjoppurnar (vejkroene) í Noregi sem byggja mikið á sjálfsafgreiðslu. Í Staðarskála í Hrútafirði hefur t.d. verið gerð tilraun með að bjóða upp á þjóðlega skyndirétti, s.s. kjötsúpu, með góðum árangri. Þá er tímabært að huga betur að hönnun og útliti bygginga þar sem skyndibitastaðir eru til húsa og taka þar t.d. mið af þjóðlegum hefðum (s.s. burstir, hlaðnir garðar og torf í bland við nútímahönnun og efni).

Staðareinkennandi veitingar

Á Stokkseyri er veitingastaðurinn *Við Fjöruborðið* sem notið hefur mikillar aðsóknar undanfarin ár. Þar er fyrst og fremst boðið upp á humarrétt og fjölbreytt meðlæti sem er einkennandi matur fyrir þetta sjávarþorp. Segja má því að staðurinn sé rekinn í takt við orðatiltækið enska "less is more". Áhugasamir einstaklingar í uppsveitunum eru hvattir til að skoða möguleika á því að stofna veitingastað sem sérhæfir sig einum rétti eða mjög fáum, t.d. lambakjöti, hverabökuðu bakkelsi og/eða gænmetisréttum úr framleiðslu gróðurhúsa í uppsveitunum. Þá eru víða góð berjalönd í uppsveitunum og því vel við hæfi að bjóða upp á ýmsa rétti þar sem berin eru nýtt.

A la carte staðir

Fleiri fjölskylduvæna a la carte veitingastaði.

Verslun

Í ljósi þess mikla fjölda ferðamanna og sumarhúsafólks í uppsveitunum skortir þar þjónustu- og verslunarmiðstöð sem liggur í þjóðbraut sem flestra gesta. Nánar mun fjallað um úrbætur í þeim efnum í kafla 4.1.

Ferðamenn sækjast oft eftir persónulegri þjónustu, einkum þegar um sérvöru er að ræða. Því er tími vandaðra sérverslana ekki liðinn og þær skortir að mestu í uppsveitunum. Mikilvægt er að slíkar verslanir skapi sér skýra sérstöðu. Má í því sambandi nefna jólahúsið í Eyjafjarðarsveit sem tugþúsundir ferðamanna heimsækja og versla jólavarn-ing á öllum tímum árs. Hér með er lýst eftir hugvitssamlegum hugmyndum að fleiri sérverslunum í uppsveitum og framkvæmdafólki til að framkvæma þær.

Gisting, veitingar og verslun - hlutverk sveitarfélaganna:

- Kynna gististaði, veitingastaði og verslanir í uppsveitakortinu og hvar sem tækifæri gefst.

3.5 Handverk og listir

3.5.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Vaxandi framboð á vönduðum minjagripum og handverksmunum 	<ul style="list-style-type: none"> Kynning á handverki heimamanna

Handverk

Vandaðir handverksmunir og listiðnaður draga að ferðamenn. Töluvert er af handverksfólki í uppsveitunum sem er að gera góða hluti, en oftast skortir fjármagn til góðra verka. Hvetjandi starfsumhverfi, styrkir eða annar stuðningur við slíka aðila væri mikið framfaraspor. Margir eiga sér drauma um handverkshús og heimilisiðnað. Samkeppni um minjagrip uppsveitanna var haldin fyrir nokkru og bar Bergþór risi í Bláfelli sigur úr bítum. Bergþór er útskorinn úr íslenskum viði og var meiningin að forvinna hann í fjöldaframleiðslu, en fullvinna heima á bæjum í sveitinni. Verið er að þróa þá hugmynd frekar en fjárskortur tefur nokkuð.

Sex aðilar í uppsveitunum leggja áherslu á að selja á handverksmuni og hefur þeim fjölgað um fjóra frá því árið 1998 með handverksgalleríum í Hvítárdal, á Laugarvatni, starfsemi Fröken Fix í Hrunamannahreppi og Gullfosskaffi. Þessir staðir eru:

Vala, verslun og listhús, Sólheimum, *Gallerí Garðakunst*, Hvítárdal, *Fröken Fix*, handverkshópur í Hrunamannahreppi (netsala), *Handverksgalleríð* Laugarvatni, *Geysir*, ferðamannaverslun og *Gullfosskaffi*.

Prír þeir fyrstnefndu selja fyrst og fremst handverksmuni eftir heimamenn, þannig að þróunin er afar jákvæð í þessum efnunum. Auk þess starfrækja félagsamtök á svæðinu markaði með handverksmuni en þó ekki reglubundið.

Listir

Fjöldi kóra, sönghópa, hljómsveita og leikhópa er starfræktur í uppsveitunum. Heimamenn njóta góðs af tónleikum og leiksýningum en kanna mætti betur möguleika á að kynna þessa starfsemi betur og tengja ferðaþjónustunni. Víða leynast einnig listamenn heima á bæjunum.

3.5.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Handverks- og listasmiðja uppsveitanna
- Halda Listahátíð uppsveitanna.

Handverks og - listasmiðja

Ferðamenn sækjast oft eftir góðum handverksmunum sem á einhvern hátt eru einkennandi fyrir þann stað eða svæði sem þeir heimsækja. Flestir þeirra hafa einnig mikinn áhuga að sjá handverksmenn og aðra listamenn að störfum. Víða erlendis eru vinnustofur og verslanir í sama húsnæði. Besta raun virðist gefa að hafa innangengt á milli þannig að ekki þurfi alltaf að vera opið á báðum stöðum samtímis. Ekki er hægt að ætlast til að handverksmenn geti sýnt handbragð sitt nema á ákveðnum tímum en vinni í ró og næði þess á milli. Gott dæmi um þetta fyrirkomulag er að finna í glergerðinni „Baltic Sea Glass“ á eyjunni Borgundarhólmi (Bornholm) í Danmörku. Þangað koma nú yfir 100 þúsund gestir árlega til að fylgjast með glerblæstri og/eða til að kaupa handunna glermuni. Lagt er til að skoðað verði sérstaklega hvernig megi styrkja stafsemi þeirra handverksverslana og gallería í uppsveitunum sem gera út á handverk og listiðju heimamanna. Skoða möguleika á því að tengja saman vinnustofur lista- og handverksfólks og verslanir með þeirra varning og annarra.

Listahátíð uppsveitanna

Lagt er til að haldin verði Listahátíð uppsveitanna í nánú samstarfi við menningar- málanefndir á svæðinu. Listir og menning heimamanna, búsettra sem brottfluttra, yrði þar í öndvegi. Auk þess tækju góðir gestir þátt í hátíðinni. Stefnt að því að halda fyrstu hátíðina árið 2005.

Landbúnaðarmarkaður

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki sé hægt að sameinast um að koma á öflugum landbúnaðarmarkaði í uppsveitunum þar sem seldar yrðu ýmsar landbúnaðarafurðir, með áherslu á grænmeti, blóm og plöntur. Einnig gæti handverksfólk selt þar vörur sínar. Byrja má rólega með því að halda markaðinn einungis einu sinni í mánuði, t.d. síðasta sunnudag hvers mánaðar frá maí til ágúst, en auka tíðnina ef undirtektir verða góðar. Mikilvægt er að undirbúa markaðinn vel í samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld á Suðurlandi og skapa honum frá upphafi ákveðna sérstöðu. Æskilegt væri að fá hönnuði til að koma með tillögur að sölutjöldum, sölubásum og jafnvel klæðnaði starfsfólks.

Þjónusta við sumarhúsafólk, hestamenn o.fl.

Uppsveitamenn geta átt mun meiri viðskipti við sumarhúsafólk, hestamenn o.fl. Selja má hestamönnum m.a. hagabeit, járningar, undirbúning hestaferða, leiðsögn og nesti. Fyrirspurnir hafa komið frá sumarhúsafólki sem hefur áhuga á hestum og vill láta sjá um þetta fyrir sig og borga fyrir. Sama má segja um sumarhúsaeigendur í skógrækt. Auka má plöntusölu og ýmsa þjónustu við þá, s.s. snyrtingu á gördum, viðhald bústaða eða snjómokstur. Hér eru tækifæri fyrir frumkvöðlar að stofna fyrirtæki utan um fjölþætta þjónustu, eins og ný dæmi sýna s.s. uppsveitataxinn á Flúðum, gardaþjónusta o.fl.

Handverk og listir - hlutverk sveitarfélaganna:

- *Styðja góðar hugmyndir sem miða að því að efla handverksmenningu í uppsveitunum.*
- *Styðja við bakid á vel skipulögðum mörkuðum og öðrum hátíðum sem eru til þess ætlaðar að draga að ferðamenn og auðga mannlíf í uppsveitunum.*

3.6 Samgöngur og fjarSKIPTI

3.6.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Gott aðgengi allan ársins hring. • Góðir vegir á fjölförnustu leiðum innan svæðisins. 	<ul style="list-style-type: none"> • Gjábackavegur. • Almennings-samgöngur. • Fáir hjólreiða- og göngustígar. • Reiðvegir. • Ástand ýmissa innansveitar- og tengivega. • Stopult farsímasamband. • Vantar víða háhraða internettengingar.

Góðar samgöngur eru einn af grunnþáttum í vexti ferðaþjónustu. Stefnt var að bættum samgöngum í uppsveitunum fyrir þá sem eru gangandi, hjólandi, ríðandi, í einkabíl eða almenningsvögnum, en hægt miðar. Slitlag bætist við með hraða snigilsins, ef svo má segja, og áætlunarferðir eru nokkuð flóknar og óhentugar víða innan svæðis.

Gönguleiðir, reiðleiðir og merkingar þeirra hafa víða verið á dagskrá innan uppsveitanna. Nú nýverið hefur verið stofnaður verkefnishópur um endurbætur á reiðavegum þar sem sæti eiga eftirtaldir: fulltrúi oddvitanevndar, ferðamálafulltrúi, skipulagsfulltrúi, forsvarsmenn hestamannafélaganna þriggja og fulltrúi vegagerðarinnar á Suðurlandi.

Mikilvægt er að sveitarstjórnarmenn, samgöngu-, atvinnu-, ferðamálanefndir og ferðaþjónustuaðilar láti þessi mál til sín taka og bendi á það sem betur má fara og fylgi málum eftir.

3.6.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Bættar samgöngur með áherslu á nýjan Gjábackaveg og Hvítárbrú en einnig á bættu innansveitar- og tengivegi.
- Bæta hálendisvegina Kjalveg, Sprengisandsveg og Uxahryggi.
- Bæta helstu reiðvegi.
- Gott farsímasamband í öllum uppsveitunum
- Bestu tengingar fyrir tölvunotendur

Gjábakkavegur

Gjábakkavegur, á milli Þingvallasveitar og Laugarvatns, er barn síns tíma. Þannig var drjúgur hluti hans upphaflega hluti af Kóningsveginum sem lagður var á árunum 1906-7 og kostaðir nær 30% af fjárlögum ríkisins á þeim tíma. Síðan hefur vegurinn verið endurbættur en svarar þó ekki kalli tímans, síst í ljósi þess að hann er hluti af Gullna hringnum, og fjölfarinn eftir því. Á vetrum er Gjábakkavegur lokaður allri umferð. Nú hyllir undir úrbætur í þessum efnunum. Nýr Gjábakkavegur er kominn á vegaáætlun og er stefnt að því að hann verði tekinn í notkun árið 2007, á 100 ára afmæli Kóningsvegarins. Þar með verður Gullni hringurinn allur slitlagður. Um leið skapast möguleiki á að endurbæta og endurvígja Kóningsveginn sem góða reiðleið (sjá kafla 4.2).

Hvítárbrú

Það hefur lengi verið baráttumál sveitarstjórnarmanna í uppsveitunum að fá nýja brú á Hvítá milli Biskupstungna og Hrunamannahrepps. Sú brú mun styrkja uppsveitirnar sem eitt atvinnusvæði og stytta leiðina á milli Reykhólts og Flúða verulega, fjölga hringleiðamöguleikum á svæðinu, m.a. til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna og auðvelda rekstur uppsveitarútunnar (sjá síðar í þessum kafla).

Þjórsárbrú við Núp

Það hefur lengi verið talið æskilegt að fá nýja brú á Þjórsá, t.d. við Núp, sem tengdi svæðin saman. Með nýrri brú á Þjórsá við Núp skapast m.a. spennandi möguleikar á að tengja hina fjölsóttu ferðamannastaði í uppsveitunum við Heklusvæðið. Þetta gæti leitt til þess að ferðamenn dreifðust meira austur um uppsveitirnar og dveldu þar lengur. Einnig skapast nýir hringleiðamöguleikar sem auka líkur á að fleiri ferðamenn leggi leið sína um Skeiða- og Gnúpverjahrepp og um Rangárþing en nú er raunin.

Margt bendir til þess að svokölluð Núpsvirkjun (ber einnig fleiri heiti) verði að veruleika innan mjög margra ára. Hún mun valda talsverðum neikvæðum sjónrænum áhrifum vegna inntakslóns, minnkaðs rennslis í Þjórsá neðan stíflu, auk þess sem Búðafoss og Hestsfoss munu ekki verða það aðdráttarafli sem þeir eru nú. Hins vegar er gert ráð fyrir því að brú komi á stíflu Núpsvirkjunar og þar með verða þær bættu samgöngur að veruleika sem hér voru nefndar. En ýmsir benda einnig á að brú getur einnig orðið að veruleika án virkjunar og þarf ekki að tengjast umræðu um hana.

Innansveitar-, tengivegir og einbreiðar brýr

Eina stofnbrautin í uppsveitum sem ekki er malbikuð er vegurinn sitthvoru megin við Brúarhlöð, frá Skipholtinu að Kjóstöðum. Þá eru ýmsir innansveitar- og tengivegir í uppsveitunum holóttir og viðhald þeirra takmarkað. Ef málin eru skoðuð m.t.t. núverandi ferðaþjónustustaða þá er m.a. þörf á að bæta veg að Sólheimum í Grímsnesi, Eystri-Tungu í Bláskógabyggð, að Efra-Seli og Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi og að Steinsholti, Minni-Mástungu, Hólaskógi og Stöng í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Brýnt er að bæta viðhald þessara vega og slitleggja með meiri hraða en verið hefur á

undanförnum árum. Þá eru margar einbreiðar brýr í uppsveitunum, einnig á fjölförnustu leiðunum, sem eru slysaöldru og þarf að breikka sem fyrst.


Kjalvegur, Sprengisandsvegur og Kaldidalur

Í nýlegri samgönguáætlun er gert ráð fyrir að byggja upp og slitleggja fjóra helstu fjallvegi á hálendinu, vegina um Kaldadal, Kjöl, Sprengisand og Fjallabak nyrðra. Þessi áætlun er uppsveitafólki nákominn þar sem tveir þessara vega tengja uppsveitirnar við Norðurland og Uxahryggir/Kaldidalur tengja Þingvallasveit við uppsveitir Borgarfjarðar. Þannig eru áformaðar endurbætur hálendisveganna verulegt hagsmunamál fyrir ferðaþjónustu í uppsveitunum, ekki síst að þeir verði opnir umferð lengur en nú er.

Í símakönnun RRF vorið 2002 var spurt um þessa fjóra vegi og hvernig fólk vildi hafa þá í framtíðinni. Gefnir voru þrjár valmöguleikar: að hafa vegina óbreytta, lagfæra sem malarvegi og brúa stærstu vatnsföll eða byggja þá upp með slitlagi og fullbrúa.²⁷ Þriðjungur tóku ekki afstöðu til spurningarinnar, 15-23% karla og 40-49% kvenna. Af þeim sem afstöðu tóku vildu flestir láta lagfæra Sprengisandsveg og Kjalveg en fæstir Fjallabak nyrðra.

9. mynd

Álit á uppbyggingu fjögurra hálendisvega allir sem afstöðu tóku




51% fólks í könnuninni höfðu farið Kjalveg, 45% um Sprengisand, 40% Kaldadal og 28% höfðu farið leiðina um Fjallabak nyrðra. Þetta fólk vildi síður hafa vegina góða en þeir sem ekki höfðu farið þá og síst á Fjallabaki nyrðra. Þó voru aðeins 28% þeirra sem vildu hafa Kjalveg óbreyttan.

²⁷. 1200 manna slembiúrtak úr þjóðskrá, svörun 72%. Nánari upplýsingar um niðurstöður könnunarinnar er að finna í greinargerðinni „Vegir og ferðaþjónusta 1996-2003“ sem RRF vann fyrir Vegagerðina haustið 2003.

10. mynd

Álit á uppbyggingu fjögurra hálendisvega þeir sem hafa farið viðkomandi leiðir



Samkvæmt þessu virðist það vera vilji um eða yfir 70% landsmanna sem afstöðu taka að Kjalvegur og Sprengisandsvegur verði endurbættir en minnihlutinn er þó fylgjandi því að þeir verði gerður að hraðbraut. Þá má velta fyrir sér hvort gera á verulegar endurbætur á leiðinni um Uxahryggi en minni á Kaldadal, enda er hann nú aðgengilegasti fjallvegur á suðvesturhorninu. Mikilvægt er að taka tillit til þarfa ferðamanna fyrir upplifun og leggja hálendisvegi í landinu svo sem kostur er og tengja þá sögulegum stöðum og merkilegum náttúruferirbrigðum. Hálendisvegirnir ættu því að verða n.k. ferðamannavegir samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hér fer á eftir:

Ferðamannavegir eru leiðir sem eknar eru upplifunarinnar vegna en ekki sem farleið á milli áfangastaða líkt og þeir vegir sem byggðir eru í hreinu flutningaskyni (þjóðvegir). Brýnt er að ferðamannavegir auki við upplifun ferðamannsins en skerði hana ekki og er því nauðsynlegt að slíkar leiðir verði hluti af landinu og hlykkist eins og landið eftir því sem kostur er. Þar sem þvera þarf ár á vaði er því ekki æskilegt að setja ræsi á læki sem eru minni farartálmi en erfðasta brúaða áin. Þó er nauðsynlegt að halda slíkum vegum það greiðfærum að utanvegaakstur komi ekki til vegna sandpytta, þvottabretta o.s.frv. Slíka vegi má byggja upp yfir einstaka slakka til að hægt sé að opna þá ákveðinn dag ár hvert. Þessir vegir eiga helst að vera það hlykkjóttir að menn nái á hverjum hálf tíma 360 gráðu yfirsýn. Þeir ferðamannavegir sem á annað borð eru brúaðir mega vera albrúaðir en lúta að öðru leyti sömu lögmálum og þeir fyrrnefndu. Vert er að minna á hugmyndir sem fram hafa komið að steypa/ hlaða/þjappa vöð í stað þessa brúa fyrir bíla. Steypan verður að vera verulega hrjúf til að forðast „hálfu“. Slíkt er mun ódýrara en brúargerð og getur verið verðmætt til að halda ævintýra- og sölugildi einstakra leiða og svæða en gefa þó ásættanlega nýtingu og öryggi.²⁸

Suðurstrandarvegur

Margt bendir til þess að með uppbyggðum og slitlögðum Suðurstrandarvegi muni talsvert margir erlendir ferðamenn láta sér nægja að dvelja á höfuðborgarsvæðinu annað hvort við upphaf eða enda sinnar ferðar um Ísland en ekki hvort tveggja eins og mjög margir gera nú. Samkeppnisstaða gististaða í Árnes- og Rangárvallasýslum um gistingu

²⁸. Skilgreining: Karl Ingólfsson.

fyrstu nótt eftir komu til Íslands og síðustu nótt fyrir brottfor gæti því breyst verulega til hins betra með nýjum Suðurstrandarvegi.

Reiðvegir

Um 20% erlendra sumargesta og mikill fjöldi innlendra ferðamanna fara á hestbak í ferðum sínum um landið. Sjö staðir í uppsveitunum bjóða upp á styttri og/eða lengri hestaferðir, flestir austan Hvítár.

Reiðvegi vantar víða í uppsveitunum og sumum er illa við haldið. Við úthlutun reiðvegafjár er mikilvægt að taka tillit til hinnar miklu hestaumferðar um uppsveitirnar. Stórt hlutfall hestahópa sem eru á ferð um landið fara þar í gegn auk fjölda sleppitúra. Endurbætur og lagning reiðvega í uppsveitunum eru jafnframt mikilvægt öryggismál. Þannig þarf að skapa heildarsýn og móta framtíðarstefnu í reiðvegagerð og málefnum tengdum hestamennsku í uppsveitunum. Það er töluverð vinna og þurfa ýmsir aðilar að leggja hönd á plóginn, s.s. sveitarstjórnir, Vegagerðin, Samgönguráðuneytið, hestamannafélög, hestafyrirtæki o.fl. M.a. þarf að taka áætlanir um reiðvegagerð inn í skipulagsáætlanir sveitarfélaganna. Verkefninu þarf jafnframt að skipta niður í áfanga og forgangsraða. Með stofnun áður nefnd samvinnuhóps um reiðvegi í uppsveitunum hyllir væntanlega undir úrbætur í þessum efnum. M.a. hefur verið ákveðið að skipulagsfulltrúi láti kortleggja reiðleiðir á svæðinu. Þá er verulegur áhugi á að vinna að endurvakningu fornra reiðleiða og byrja þar á Kónsveginum frá 1907 (sjá nánar í kafla 4.2).

Gönguleiðir

Áhugi á gönguferðum fer sívaxandi meðal landsmanna og stór hluti erlendra ferðamanna stundar göngur á ferðum sínum um landið. Gönguleiðir geta verið mislangar, allt frá stuttum göngum eftir fræðslustíg eða í næsta nágrenni viðdvalarstaðar (út frá gististað eða öðrum áningarstað) upp í góðar dagsgöngur eða nokkurra daga gönguleiðir. Allir gestgjafar eru hvattir til að skoða í eigin barm í þessum efnum og kynna ferðamönnum helstu göngumöguleika út frá sínum stöðum, útbúa einfalt göngukort og stíka gönguleiðir. Þetta má oft gera á ódýran hátt og hvetur ferðamenn til lengri dvalar á staðnum. Vinna þarf áætlun um merkingu gönguleiða og fræðslustíga í uppsveitunum, með stikum og fræðsluskiltum eftir því sem við á. Jafnframt þarf að huga að samvinnu við nærliggjandi sveitarfélög í þessum efnum. Slíkar framkvæmdir gera það auðveldara að bjóða upp á gönguferðir með leiðsögn.

Hjólreiðastígar, göngustígar og lýsing

Uppsveitirnar eru kjörið hjólreiðasvæði en vegna mikils umferðarhraða er það ekki heiglum hent, og alls ekki börnum að hjóla á akvegum uppsveitanna. Leggja þarf aukna áherslu á lagningu hjólreiðastíga á milli helstu þéttbýliskjarna og milli sumarhúsa-byggða þannig að fólk á öllum aldri geti hjólað um uppsveitirnar með öryggi í fyrirrúmi. Byrja má þar sem fremur stutt er á milli þéttbýliskjarna, s.s. á milli Reykholts og Laugaráss, og á milli einstakra sumarhúsasvæða. Hjólreiðastígar geta einnig nýst sem göngustígar. Þá þarf að bæta lýsingu víða, einkum í ört vaxandi þéttbýliskjörnum á svæðinu og helstu kjörnum sumarhústaðalanda.

Uppsveitarútan

Lagt er til að gerð verði tilraun með að hefja reglubundnar áætlunarferðir í tilraunaskyni milli helstu ferðamannastaða á þriggja klukkustunda fresti yfir sumartímann, t.d. fjórum sinnum á dag. Leiðin gæti verið: Laugarvatn – Geysir – Flúðir – Laugarás – Skálholt – Laugarvatn. Auðvelt að bæta Borg við ef þjónusta eykst þar (sbr. hugmyndir í kafla 4.1). Leiðin styttist til muna ef hægt verður að aka nýja Hvítárbrú í stað þess að fara um Brúarhlöð, auk þess sem Reykholt bættist þá í hóp viðkomustaða. Til þess að gera þessa tilraun ætti að nægja einn bíll. Tengja þyrfti áætlun hans við almenningsferðir Austurleiðar um uppsveitirnar eins vel og kostur er. Hér gæti verið um að ræða hópferðabíl sem málaður yrði í líflegum litum. Þá má hugsa sér að á bílnum verði smekklegar auglýsingar frá ferðapjónustuaðilum í uppsveitunum, auk auglýsingar um það sem er efst á baugi í ferðamálum hverju sinni (hátíðir, skemmtanir). Þannig væri uppsveitarútan jafnframt lífleg auglýsing á hjólum fyrir ferðapjónustu í uppsveitunum og ætluð bæði fyrir íbúa og ferðamenn. Einnig væri æskilegt að bjóða upp á að leiðsögumaður (íslenska og enska) væri með rúttunni. Þannig gætu ferðamenn á þægilegan hátt kynnst uppsveitunum og helstu þéttbýlisstöðum þar á einum degi án þess að hafa eigið farartæki til umráða. Einnig gæti fólk dvalið á viðkomustöðum á milli ferða (3 klst.) eða gist þar. Lagt er til að tilraun með uppsveitarútuna verði gerð sumarið 2005 í samvinnu við hópferðafyrirtæki í Árnassýslu. Ef sú tilraun ber ávöxt verði uppsveitarútan í fullum rekstri frá sumrinu 2006.

Farsímasamband

Farsímasamband er með höppum og glöppum í uppsveitum Árnassýslu. Mikilvægt er að þrýsta á að gott farsímasamband verði á öllu svæðinu enda hluti af kröfum samtímans. Það er einnig öryggisatriði að fólk geti látið vita af sér hvar sem það er á svæðinu.

Internet og tölvupóstur

Með aukinni gagnaflutningsgetu símalína og sítengingum (ADSL) verður sífellt auðveldara fyrir fólk að stunda nám og vinnu er krefst tölvusamskipta utan hefðbundinna skóla eða vinnustaða, t.d. í sumarhúsum. Það er vaxandi krafa meðal sumarhúsaeygenda í uppsveitunum að fá góðar tölvutengingar í bústaði sína. Með því aukast líkur á að sumarhúsafólk dvelji lengur í húsunum, stundi þar vinnu sína í auknum mæli, og auki um leið útgjöld á svæðinu til hagsbóta fyrir ferðapjónustuaðila og sveitarfélög. Þá er þetta hagsmunamál fyrir fyrirtæki og íbúa í uppsveitunum.

Samgöngur og fjarskipti - hlutverk sveitarfélaganna:

- Þrýsta á um endurbætur í vegagerð, jafnt inn á svæðið sem innan þess.
- Vinna langtímaáætlun (t.d. 2005-2015) um lagningu hjólreiða- og göngustíga og lýsingu þeirra og um reiðleiðir, fræðslustíga og gönguleiðir í uppsveitunum. Fá fyrirtæki til liðs við að kosta fræðsluskilti á leiðunum.
- Gera tilraun með uppsveitarútuna sumarið 2005 í samvinnu við hópferðafyrirtæki í Árnassýslu og styrktaraðila.
- Þrýsta á um bætt fjarskipti í uppsveitunum (gsm og internet).

3.7 Merkingar, fræðsluskilti og aðgengi

3.7.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Bætt aðstaða og aðgengi að Háafossi og Gjánni. • Áningarstaður með fræðsluskiltum við Kerid og bætt aðstaða við Gullfoss. • Bætt aðgengi um Haukadalsskóg, einnig fyrir fatlaða. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lítil kynning á fjölförnustu stöðunum á ferðapjónustu og sögustöðum í uppsveitunum í heild. • Aðgengi að ýmsum minna þekktum stöðum er áfátt. • Ófullnægjandi upplýsingagjöf á hverasæðinu við Geysi. • Litlar merkingar á ýmsum sögustöðum, þjóðsögustöðum og víðar.

Mikilvægt er að allar vega- og leiðamerkingar í uppsveitun svo sem annars staðar á landinu séu í lagi svo ferðamennirnir komist greiðlega leiðar sinnar og finni auðveldlega þjónustuna á hverjum stað. Þá er mikilvægt að hafa góðar merkingar og fræðsluskilti við sögulega staði, merkileg náttúrufyrrbrigði og víðar. Jafnframt þarf að vera gott aðgengi að skoðunarverðum stöðum og þarf þá að hafa í huga að ýmislegt sem í dag telst skoðunarvert, þótti það e.t.v. ekki fyrir einungis einum til tveimur áratugum.



Fulltrúi upprennandi kynslóðar á áningarstaðnum við Kerid

Ljósmynd: RG

3.7.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Að fræðsluskiltum um ferðaþjónustu í öllum uppsveitunum verði komið fyrir á fjölförnum stöðum og þau yfirfarin reglulega.
- Að uppsveitirnar verði í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi hvað varðar merkingar og fræðsluskilti við aðkomuleiðir á svæðið og við staði innan þess.

Uppsveitaskilti á helstu ferðamannastöðum

Til að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um uppsveitirnar er lagt til að útbúin verði vönduð fræðsluskilti um uppsveitirnar, ferðaþjónustu og ýmsa sögustaði sem komið yrði fyrir á helstu ferðamannastöðunum.

Merkingar við innkomu á þéttbýlisstaði og að stofnunum

Mikilvægt er að góð þjónustuskilti séu við helstu þéttbýlisstaði í uppsveitunum og að þau séu leiðrétt árlega í takt við þær breytingar sem verða. Við þjónustuskiltin þarf að vera góð aðstaða til að leggja bifreiðum. Með sameiningu sveitarfélaga, eins og verið hefur í uppsveitunum, þarf að huga að merkingamálum. M.a. er æskilegt að merkja allar hreppskrifstofur vel þannig þeir sem þangað þurfa að leita velkist ekki í vafa um staðsetningu þeirra

Aðrar merkingar, fræðsluskilti og aðgengi

Lagt er til að sveitarfélög í uppsveitunum sameinist um að láta vinna tillögur um merkingar innan sveitarfélaganna og aðgengi að ákveðnum stöðum þar sem m.a. yrði lögð áhersla á eftirtalið:

- Fræðsluskilti um dýralíf, gróður, jarðsögu og menningarminjar.
- Skilti er vísa á þekktu viðveru- og viðkomustaði drauga, trölla og skrímsla.
- Merkingar á byggingarsögulega merkum húsum.
- Merkingar og aðgengi að útilistaverkum og minnisvörðum í uppsveitunum.

Þessa vinnu í merkingamálum er nauðsynlegt að tengja áætlunum um lagningu hjólreiða-, reið- og göngustíga í uppsveitunum sem áður var fjallað um. Mikilvægt að fá fyrirtæki, félagasamtök, einstaklinga og hagsmunaaðila til að leggja málinu lið.

Merkingar, fræðsluskilti og aðgengi - hlutverk sveitarfélaganna:

- Vinna kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um merkingar, þjónustuskilti, fræðsluskilti og aðgengi að listaverkum/minnisvörðum, náttúru- og menningarminjum innan uppsveitanna. Fá einkaaðila til liðs. Gæti fallið saman við áætlanir um hjólreiða-, reið- og göngustíga/fræðslustíga í uppsveitunum.

3.8 Útgáfa og markaðssetning

Líta má á ferli markaðssetningar sem órofa hringrás. Grunnurinn undir vel heppnaða markaðssetningu er að þekkja vel þarfir viðskiptavinanna. Það verður best gert með reglubundnum markaðsrannsóknum. Í framhaldi af þeim ákveða framleiðendur hvaða þjónustu þeir bjóða gestum sínum ákvarða verðlagningu, dreifingu upplýsinga og aðferðir við kynningu. Til að mæla árangurinn af þeim aðgerðum er aftur leitað álits viðskiptavinanna og ferlið endurtekur sig.

Vel úthugsuð markaðssetning og ímyndarsköpun, ásamt góðri þjónustu og fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum er lykillinn að velgengni í ferðaþjónustu svæða og staða.

3.8.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Uppsveitakortið. • Sumar heimasíður ferðaþjónustuaðila. • Jákvæð fjölmiðlaumfjöllun. • Sameiginleg kynning á Suðurlandi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Takmarkað fjármagn til kynningar og markaðssetningar. • Takmörkuð samvinna á sviði markaðssetningar og útgáfumála. • Ófullnægjandi heimasíður ferðaþjónustuaðila eða ekki til staðar.

Styrkja þarf ferðaþjónustuna með öflugum kynningarstarfi inn á við sem út á við. Uppsveitirnar verði kynntar sameiginlega sem eitt svæði og lögð áhersla á gæði og gestrisni.

Uppsveitakortið

Kynning á uppsveitunum hefur vaxið talsvert á síðustu árum. Uppsveitakortið er sameiginlegur kynningarvettvangur. Það er yfirfarið árlega og kostað af sveitarfélögunum, hefur mælst vel fyrir og fær mjög góða dreifingu. Í því er tæmandi þjónustulisti yfir svæðið.

Sumar á Suðurlandi

Það er nauðsynlegt að hafa einn sameiginlegan góðan kynningarvettvang fyrir Suðurland í heild. Blaðið *Sumar á Suðurlandi* hefur verið gefið út undanfarin ár og þjónað sem þessi sameiginlegi vettvangur. Mismunandi aðilar hafa séð um útgáfuna og það hefur verið nokkuð misjafnt að gæðum í gegnum tíðina. Undanfarin ár hefur blaðið komið út á íslensku og ensku og m.a. verið dreift við góðar undirtektir á Vest-Norden ferðakaupstefnunni. Mikilvægt er að ferðaþjónustuaðilar á Suðurlandi standi saman og kynni saman í einum góðum bækling eða blaði. Það auðveldar ferðamanninum lífið.

Internetið

Miklar framfarir hafa orðið á internetkynningu á uppsveitunum á liðnum árum og sveitarfélögin fjögur eru nú hvert af öðru að opna nýjar og vel hannaðar heimasíður. Þær eru: Bláskógabyggð www.blaskogabyggd.is, Hrunamannahreppur www.fludir.is, Grímsnes- og Grafningshreppur www.gogg.is og Skeiða- og Gnúpverjahreppur www.skeidgnup.is. Einnig hafa ýmsir ferðaþjónustuaðilar á svæðinu komið sér upp heimasíðum. Nokkur dæmi um góðar síður (nú 2003):

Pingvellir www.thingvellir.is, Skálholt www.skalholt.is

Hótel Geysir www.geysircenter.is, Lindin á Laugarvatni www.laugarvatn.is

Kerlingarfjöll www.kerlingarfjoll.is

Próunarverkefnið *Uppsveitasíðurnar* www.icefire.is eru enn í gangi. Þær eru í umsjón Menntaskólans á Laugarvatni og voru opnaðar með nýtt útlit í byrjun árs 2003. Því miður hefur ekki gengið sem skyldi með síðurnar að undanfögnu en það stendur til að bæta úr því.

Ferðasýningar og kynningarefni

Uppsveitirnar taka þátt í árlegri ferðakynningu innanlands á vorin. Undanfarin tvö ár hefur kynningin farið fram undir heitinu *Ferðatorg* í Smáralind. Einnig taka uppsveitirnar þátt í árlegu Vest-Norden ferðakaupstefnunni á haustin. Þátttaka í slíkum sýningum er unnin í samvinnu við Ferðamálasamtök Suðurlands enda eru það landshlutarnir sem kynna sig saman á þessum vettvangi. Ýmis fyrirtæki á svæðinu hafa einnig tekið þátt í sýningunni *Sumarhúsið og garðurinn* en sú sýning er einmitt fyrirtækjavettvangur.

Vorið 2003 var gefið út kynningarmyndband um Suðurland í samvinnu Ferðamálasamtaka Suðurlands, ferðamálafulltrúa og Saga Film. Samningur var gerður um sýningu þess í vélum Flugleiða á leið til landsins í 4 mánuði. Myndbandið fékk góðar viðtökur og reyndist gott kynningarefni. Það er nú til sölu á myndbandi og tölvudisk.

Litla fréttabréfið *Ferðafréttir* kemur út tvisvar á ári en þar er miðlað helstu upplýsingum úr ferðageiranum. Þá hefur netpóstur fengið aukið vægi og er upplýsingum til ferðaþjónustuaðila miðlað í gegnum hann reglulega.

Á sumrin hafa verið gefnir út fréttapésar á Flúðum og um tíma á Laugarvatni en því hefur verið hætt, enda börn síns tíma. Einnig var um tíma gefinn út sérþæklingur á Laugarvatni, eitt sumar þæklingur í Gnúpverjahreppi og s.l. sumar þæklingur á Flúðum. Á Flúðum hafa verið gefin út plaköt með upplýsingum um þjónustu og viðburði og einnig í Biskupstungum í tengslum við Bjarta daga. Nú þjóna heimasíður gífurlega mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun. Hver og einn ferðaþjónustuaðili þarf að hafa sinn þækling og vera sýnilegur á netinu. Síðan tekur Uppsveitakortið við fyrir svæðið, þá sameiginlegt blað/þæklingur fyrir Suðurland og að lokum landið allt.

Fjölmiðlar og ferðaskipuleggjendur

Ferðamálafulltrúi á töluverð samskipti við fjölmiðla, innlenda sem erlenda. Þegar grein eða umfjöllun um staði birtist í fjölmiðlum liggur oft vinna að baki við að vekja athygli og áhuga á málefnum. Upplýsingar eru sendar reglulega til fjölmiðla. Þá hafa fréttar- og dagskrárgerðarmenn útvarpsstöðvar oft samband og fá upplýsingar, ábendingar eða viðtöl. Regluleg viðtöl hafa verið í útvarpi Suðurlands. Tengsl við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur hafa verið eflað og upplýsingastreymi er gott þar á milli.

3.8.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- *Stuðla að stofnun Markaðsstofu Suðurlands.*
- *Að útgáfustarfsemi og markaðssetning uppsveitanna í ferðamálum verði kraftmikil, fjölbreytt og nýstárleg, byggð á sögu sveitarfélagsins um leið og horft er til framtíðar.*
- *Efla og samræma internetkynningu svæðisins og einstakra ferðaþjónustuaðila.*
- *Einn góður sameiginlegur kynningarbæklingur fyrir Suðurland.*

Almennar áherslur í markaðsmálum

Lagt er til að í markaðssetningu á uppsveitunum verði lögð áhersla á að kynna svæðið hér eftir sem hingað til sem vel staðsettan og veðursælan viðkomu- og dvalarstað í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurflugvöll og svæði þar sem fortíð og nútíð mætast. Aukin áhersla verði lögð á að dreifa ferðamönnum betur um svæðið og lengja þar með viðdvöl þeirra, m.a. með því að kynna svæðið vel á fjölförnum stöðunum s.s. á Þingvöllum og við Geysi. Kynna betur minna þekktu staði og auka kynningu á hálendi svæðisins samfara því að aðstaða til móttöku ferðamanna þar verði bætt.

Markaðsstofa Suðurlands (MAS)

Lagt er til að uppsveitirnar taki þátt í að undirbúa og útfæra starfsemi Markaðsstofu Suðurlands (MAS) en umræðan hefur verið í biðstöðu að undanfögnu. Ítarlegar hugmyndir um Markaðsstofu Suðurlands voru settar fram í greinargerðinni „*Markaðsstofa Suðurlands og tillögur um flokkun og lágmarksgæðakröfur upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi*“ (febrúar 2000). Gert var ráð fyrir því að markaðsstofan hefði m.a. það hlutverk að styrkja net ferðamálafulltrúa á Suðurlandi, samræma viðburði og markaðssetningu á landshlutanum. Ýmislegt hefur breyst í þeim forsendum sem þá var gengið út frá en grunnhugsunin um samræmdari markaðssetningu á Suðurlandi og aukna samvinnu á sviði ferðamála og á milli ferðamálafulltrúa er enn í fullu gildi.

Þess má geta að nú er Markaðsstofa Norðurlands (MN) að hefja starfsemi og er árlegur rekstrarkostnaður hennar áætlaður um 27 milljónir króna sem sveitarfélög á Norðurlandi greiða 2/3 kostnaðar af. M.a. hefur MN fengið myndarlega markaðsstyrki frá hinu opinbera sem hljóta að vera fordæmisgefandi ef Markaðsstofa Suðurlands verður að

veruleika. Á þessu sviði eins og öðru þarf Suðurland að standa sig í samkeppninni við aðra landshluta á sviði kynningar- og markaðsmála og er brýnt að uppsveitirnar taki virkan þátt í þeirri vinnu.

Æskilegt er að Markaðsstofa Suðurlands hefji starfsemi eigi síðar en árið 2005 og að hún starfi í góðum tengslum við Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði.

Internetið

Lagt er til að framkvæmd verði sú hugmynd sem hefur verið til umræðu meðal sveitarstjórnarmanna að hafa sameiginlegan vettvang á heimasíðum hreppanna sem væri eins konar innkoma á svæðið í heild og sameiginlegur vettvangur uppsveitanna. Þar mætti jafnframt færa inn upplýsingar um ferðaþjónustu, fréttir af vettvangi og ýmsa viðburði á svæðinu. Þannig gætu gestir fengið aðgang að öllum upplýsingum um ferðaþjónustu í uppsveitunum á einum stað.

Uppsveitakortið

Lagt er til að Uppsveitakortið verði gefið út áfram með svipuðu sniði og verið hefur, með góðum vega og þjónustupplýsingum.


Slagorð

Lagt er til að slagorðið *Gæði og Gestrisni* verði áfram notað í ferðaþjónustu uppsveitanna. Auk þess er lagt er til að efnt verði til samkeppni um slagorð (orð eða setning) sem lýsa sérstöðu einstakra þéttbýlisstaða innan svæðisins.

Sögukort Suðurlands og sögukort uppsveitanna

Árið 2000 kom út sögukort Dalasýslu, bæði á ensku og íslensku, og árið 2002 var gefið út Sögukort Vesturlands. Á þeim kortum eru teikningar af sögupersónum frá landnámi til nútíma, sögulegum byggingum, minjum og dýralífi settar á kortagrunn af svæðunum. Á Vesturlandskortinu eru sögustaðir, kirkjustaðir, örnefni eru sett inn, einnig eru helstu vegir og vegnúmer þannig að aka má eftir þeim. Þá er saga svæðanna rakin í tímaröð á baksíðu með myndum þaðan. Nú eru uppi hugmyndir um að gefa út sögukort fyrir aðra landshluta, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Reykjanes. Á hugmyndafundum vegna stefnumótuna kom fram að verulegur stuðningur er meðal heimamanna við að gefa út sögukort þar sem sögu uppsveitanna væru m.a. gerð skil.

Ef Sögukort Suðurlands verður að veruleika er lagt til að í kjölfarið verði skoðað hvort grundvöllur er fyrir að gefa út sérstakt sögukort fyrir uppsveitirnar en þar sem mætti gera sögu svæðisins mun betri skil en á sameiginlegu Suðurlandskorti.



Sögukort Vesturlands, fyrirmynd sögukorta fyrir alla landshluta

Teikning: Ingólfur Björgvinsson

Samræmd viðbrögð gagnvart auglýsingasölum / útgefendum

Mikilvægt er að nýta fjármagn til markaðs- og kynningarmála sem allra best. Fjölmargir útgefendur sækjast eftir þeim takmörkuðu fjármunum sem í boði eru. Æskilegt er að uppsveitirnar geti sem mest sameinast í þessum efnum og í sumum tilvikum Suðurland allt, s.s. þegar kynna á gagnvart erlendum ferðamönnum og mörkuðum. Því miður er talsvert um að slyngum sölumönnum takist að fá ferðaðþjónustuaðila til að auglýsa fyrir umtalsverðar upphæðir í miðlum sem síðan ná illa augum eða eyrum ferðamanna. Ferðamálafulltrúinn er faglegur ráðgjafi ferðaðþjónustuaðila og sveitarfélaga í þessum efnum.

Útgáfa og markaðssetning - hlutverk sveitarfélaganna:

- Taka þátt í að undirbúa og útfæra starfsemi Markaðsstofu Suðurlands eftir því sem málinu vindur fram.
- Stuðla að samvinnu á sviði heimasíðugerðar fyrir uppsveitirnar. Vinna ferðaðþjónustuhlutann í samvinnu við hagsmunaaðila
- Ferðamálafulltrúi hrindi af stað samkeppni um slagorð fyrir þéttbýlisstaðina í sveitarfélögunum í samráði við mögulega styrktaraðila.
- Taka þátt í gerð Sögukorts Suðurlands. Skoða í framhaldinu möguleika á að gefa út sérstakt sögukort fyrir uppsveitirnar eða Árnessýslu.

3.9 Upplýsingagjöf

Allur þorri Íslendinga og um tveir þriðju hlutar erlendra ferðamanna ferðast um Ísland á eigin vegum en ekki í skipulagðri hópferð. Fyrir einungis 6-8 árum voru hins vegar um helmingur erlendra ferðamanna í skipulagðri hópferð. Því gegna góðar upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn sífellt mikilvægara hlutverki enda sýna kannanir að þeim ferðamönnum fer sífellt fjölgandi sem nýta sér þjónustu þeirra.

3.9.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði 	<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingaþjónusta í uppsveitunum.

Eðli upplýsingamiðstöðva er mismunandi. Landshlutastöð skuldbindur sig til að þjóna öllu landinu. Ef upplýsingamiðstöðvar fá opinbert fé verða þær að vera opnar lengur og það getur verið kostnaðarsamt. Minni stöðvum er meira í sjálfsvald sett hversu umfangsmiklar upplýsingar eru til staðar. T.d. má hugsa sér að minni stöðvar þjóni aðallega sínu nánasta umhverfi, svo sem uppsveitunum eða Suðurlandi, en ekki verði þar gerð krafa um víðtæka þekkingu á landinu öllu eða upplýsingum um það allt.

Í greinargerðinni „Markaðsstofa Suðurlands og tillögur um flokkun og lágmarksgæðakröfur upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi“ (2000) voru tillögur settar fram um flokkun og hlutverk upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi sem einnig má yfirfæra á aðra landshluta. Þær tillögur eru sýndar í töflunni á næstu síðu.

Í framhaldi af greinargerðinni var ákveðið að efla upplýsingamiðstöð Suðurlands og henni fundinn staður í Hveragerði. Opinber stuðningur við landshlutaupplýsingamiðstöðvar hefur vaxið talsvert á síðustu árum. Ein þeirra er upplýsingamiðstöð Suðurlands sem hóf starfsemi í Hveragerði sumarið 2001 og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands styrkir nú með myndarlegu framlagi. Upplýsingamiðstöð Suðurlands hefur gert þjónustusamninga við upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli, Vík og Kirkjubæjarklaustri en engin upplýsingamiðstöð er starfrækt í uppsveitunum, nema upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn á Þingvöllum sem fyrst og fremst snýr að þjóðgarðinum. Má því staðhæfa að skipulag upplýsingaþjónustu til ferðamanna í uppsveitum séu einn veikasti hlekkurinn í ferðaþjónustu á svæðinu og er brýnt að gera það bragarbót sem fyrst.

12. tafla

Tillögur að gæðaflokkun og þjónustu upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi

Upplýsingamiðstöð Suðurlands	Flokkur 1	Flokkur 2	Upplýsingaathvörf
<p>Opin allt árið. 8-10 klst á dag, 15. apr. til 15. okt. Minnst 4 klst á dag á öðrum tímum.</p> <p>Bæklingadreifing í uppl.míðstöðvar á S-landi</p> <p>Úrval bæklinga, korta, handbóka um allt landið með áherslu á S-land.</p> <p>Ítarlegar upplýsingar um alla ferðaþjónustu</p> <p>Símasjálfsali (kort og mynt), póstkassi og almenningssalerni</p> <p>Sala á símakortum</p> <p>Bókunarþjónusta</p> <p>Sérhæfðir starfsmenn</p> <p>Tölvur fyrir gesti með internetaðgengi</p> <p>Umsjón með öðrum uppl.míðstöðvum á S-landi (gæði þjónustu) og námskeiðum fyrir starfsfólk þar</p> <p>Umsjón með gagnagrunni um ferðaþjónustu á Suðurlandi</p> <p>Umsjón með bæklinga-útgáfu og kynningarefni á Suðurlandi</p> <p>Skipuleggja samvinnu ferðamálafulltrúa</p> <p>Pátttaka í markaðssetningu á Suðurlandi, sýningum o.fl.</p>	<p>Opnar minnst 6 mánuði á ári, 15. apr. til 15. okt, minnst 8 klst á dag.</p> <p>Bæklingar um allt landið með áherslu á Suðurland.</p> <p>Setupláss fyrir gesti</p> <p>Sjónvarp og myndbandstæki</p> <p>Bókunarþjónusta</p> <p>Símasjálfsali (kort og mynt), póstkassi og salerni fyrir gesti</p> <p>Sala á símakortum</p> <p>Tölva með internetaðgengi</p> <p>Krafa um ítarlegt þjónustunámskeið</p>	<p>Opnar minnst 4 mánuði á ári, 15. maí til 15. sept, a.m.k. 6 klst á dag</p> <p>Bæklingar um Suðurland og aðliggjandi svæði</p> <p>Bókunarþjónusta</p> <p>Krafa um ítarlegt þjónustunámskeið</p>	<p>Á stöðum þar sem opið er frameftir</p> <p>Opin á afgreiðslutíma aðalstarfsemi</p> <p>Algengustu bæklingar</p> <p>Ekki krafa um sérhæfingu</p> <p>Þjónustunámskeið að vori</p>

3.9.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Að upplýsingagjöf til ferðamanna í uppsveitum Árnessýslu verði fyrsta flokks.
- Að upplýsingamiðstöð í flokki 1 verði rekin á ársgrundvelli á Geysi og upplýsingamiðstöðvar í flokki 2 á Þingvöllum, Laugarvatni og Flúðum. Auk þess verði helstu bæklingar í verslunum á Borg, Árnesi, á Nesjavöllum og í mögulegri gestastofu í Þjórsárdal.
- Tryggja opinberan stuðning til upplýsingamiðstöðva í flokki 1 (næsti flokkur á eftir landshlutastöðvum).

Mikilvægt er að fá aukið fé frá hinu opinbera til að styrkja landshlutamiðstöðvarnar og einnig að vissu marki upplýsingamiðstöðvar í flokki 1, samkvæmt skilgreiningu hér að framan, svo þær geti rækt hlutverk sitt sem skyldi. Það er jafnframt forsenda opinberra framlaga Ferðamálaráðs að veita einungis fé til viðurkenndra landshlutastöðva sem uppfylla ákveðnar gæðakröfur, kröfur um opnunartíma o.s.frv. Það er viðurkennt að upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hvergerði er í fararbroddi á landsvísu hvað þjónustu varðar.

Staðan í uppsveitum Árnassýslu er sú að á Þingvöllum er rekin upplýsingamiðstöð á vegum þjóðgardsins. Æskilegt væri að hún veitti meiri upplýsingar um aðra ferðaþjónustu í uppsveitunum og um Borgarfjörð vegna umferðar þaðan um Uxahryggi og Kaldadal. Á Geysi er miðlað upplýsingum og mikil uppbygging hefur átt sér stað með Geysisstofu en það þarf að gera betur hvað skipulagða upplýsingagjöf varðar og afar mikilvægt er að hafa þar upplýsingamiðstöð í flokki 1. Að Geysi koma langflestir þeirra erlendu ferðamanna sem koma í uppsveitirnar og um helmingur Íslendinga sem koma á svæðið. Þar er því kjörið tækifæri til að kynna aðra staði í uppsveitunum sem og Kjalveg og aðrar leiðir á vestanverðu hálendinu. Í ljósi niðurstaða kannana sem greint var frá í köflum 2.3 og 2.4 um mikinn fjölda ferðamanna að Laugarvatni er brýnt að bæta úr upplýsingagjöf til ferðamanna þar sem hefur nær ekkert verið sinnt hingað til. Hið sama má segja um Flúðir. Til að reka upplýsingaþjónustu á þessum stöðum á hagkvæman hátt er tilvalið að tengja hana annarri starfsemi og skapa henni þar verðugan sess, s.s. í væntanlegri baðmiðstöð að Laugarvatni eða mögulegu Fjalla-Eyvindarsetri á Flúðum. Mikilvægt er að sveitarfélögin í uppsveitunum styrki starfsemi helstu upplýsingamiðstöðva þar, auk t.d. Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.

Í framtíðinni þarf einhver upplýsingaþjónusta að vera á Borg, Laugarási, Árnasi og e.t.v. víðar í uppsveitunum. Hagkvæmast er að tengja slíkt annarri þjónustu s.s. verslun, gististað, veitingastað eða tjaldsvæði. Þannig má koma upp samræmdum bæklingastöndum sem fyllt er á reglulega og hægt er sinna upplýsingagjöf samhliða annarri þjónustu eftir aðstæðum á hverjum stað.

Upplýsingagjöf - hlutverk sveitarfélaganna:

- *Styðja rekstur helstu upplýsingamiðstöðva í uppsveitunum.*

3.10 Afþreying og viðburðir

Við greiningu á stöðu afþreyingar og tillögum um þróun hennar má styðjast við þríþættingu á tilurð afþreyingar, þ.e. hvort hún tengist náttúru, menningu og sögu eða atvinnulífi. Einnig má skoða og skilgreina afþreyingu og áhugaverðir staði eftir því hvort ferðamenn geta einungis virt fyrir sér hlutina/fyrirbrigðin (sjá), skynjað þá á dýpri hátt í nálægð (vera), tekið virkan þátt í einhverju (gera) eða fræðst um hlutina (læra). Þessi sama skilgreining var notuð við mótun stefnunnar *Gæði og Gestrisni 1998-2002*. Næsta tafla sýnir greiningaraðferð við þróun afþreyingar í ferðaþjónustu sem byggist á því að tefla saman tilurð afþreyingar og upplifunarstigi ferðamanna.²⁹

13. tafla Tilurð afþreyingar og upplifun ferðamanna;
- greiningaraðferð við þróun afþreyingar í ferðaþjónustu

	Náttúra 🍀					Menning og saga 📖					Atvinnulíf 🏭		
	I	II	III	IV	V	I	II	III	IV	V	I	II	III
Sjá			↓					↓				↓	
Vera													
Gera													
Læra													

Ástæðan fyrir því að reitirnir út frá „gera“ og „læra“ eru skyggðir er sú að almennt eru ráðgjafar og þróunaraðilar í ferðaþjónustu sammála um að stefna beri að því að gestirnir geti orðið virkari þátttakendur í afþreyingunni og að þeir læri og fræðist en séu ekki einungis nær hlutlausir áhorfendur. Lagt er til að stefnt verði að slíku við uppbyggingu allrar afþreyingar fyrir ferðamenn í uppsveitunum.






Virkir þátttakendur á Leifshátíð 2002

Ljósmynd: RG

Samkvæmt þessari aðferðafræði er afþreying greind í fimm þætti er tengjast náttúru og menningu og þrjá sem tengjast atvinnulífi eins og hér er sýnt með því að taka dæmi frá uppsveitunum til hliðsjónar.

²⁹. Fyrirmynd þessarar greiningar er sótt til Georg Kamfjörd, prófessors við Markaðsháskólann í Osló.

14. tafla Sundurliðun á afþreyingu eftir málaflokkum

	Náttúra 	Menning og saga 	Atvinnulíf 
I	Litt snortin náttúra og landslag: Þingvallabjörggarður, Hálandið, Þjórsárdalur	Menningarlandslagið (byggingar, mannvirki): Kóngsvegur, brýr, virkjanir	Svæðiseinkennandi fyrirtæki: Gróðurhús, ferðamiðstöðin á Geysi, Nesjavellir, bændabýli.
II	Náttúruperlur & merkir staðir: Þingvellir, Gullfoss, Geysir, Brúarárskörð, Háifoss, Kerlingarfjöll, Gjáin, Þjórsárver	Söfn, sögulegir staðir, kirkjur, garðar, byggingar Kirkjur svæðisins, Skálholt, Stöng, Hrúni, Geysisstofa, fræðlustofa á Þingvöllum, Þjóðveldisbær	Markverð framleiðsla og framleiðsluaðferðir: Blóm, grænmeti, jarðaber, límré, sveppir, mjólk, reykhus
III	Útbúin svæði í náttúru fyrir afþreyingu, leiki, íþróttir o.s.frv.: Íþróttavöllurinn á Laugarvatni	Viðburðir; sýningar, leikrit, skemmtanir, íþróttir. Báskógablíða, lðandi dagar, Bjartir dagar, Undir bláhimni, Grímsævintýri o.fl.	Rannsóknir og þróun tengd framleiðslu: Límré, trjárækt, nýting og virkjun jarðhita
IV	Náttúra sem svæði fyrir atvinnulíf: Ræktað land, skógrækt, fljótasiglingar, jöklaferðir	Lifandi þjóðmenning: matur, tónlist, myndlist, dans, handverk. Skálholtstónleikar, handverksgallerí, miðaldakvöldverður, baðstofukvöld, viðburðir og menningarsamkomur	
V	Náttúra/dýr til fræðslu: Friðland fugla í Pollengi, náttúrufræðsla á Þingvöllum, í Haukadalsskógi og Þjórsárdal. Húsdýragarðurinn í Slakka	Miðlun þekkingar / nýsköpun rannsóknarstofnanir, skólar, námskeið. Fræðslunet Suðurlands, Skálholtsskóli, Menntaskólinn á Laugarvatni, Íþróttakennarskólinn, ýmis námskeið	

3.10.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Geysisstofa. Fræðslumiðstöð á Þingvöllum. Gestamiðstöð Nesjavöllum. Dýragarðurinn í Slakka. Fljótasiglingar. Sundlaugar, gufuböð og pottar. Tónleikar og kyrrðardagar í Skálholti. Golfvellir. Heimsóknir í gróðurhús. 	<ul style="list-style-type: none"> Takmörkuð afþreying miðað við vægi ferðaþjónustunnar á svæðinu. Fábreytt afþreying utan sumartíma. Vantar meira fyrir börnin. Óskýr grundvöllur og ímynd viðburða.

Afþreying skiptir höfuðmáli þegar ferðamenn velja sér áfangastað. Enginn ferðast gagnert til að gista eða borða, heldur fyrst og fremst til að upplifa og læra, en þörf fyrir húsaskjól og næringu fylgir með. Fjöldmörg markmið um afþreyingu voru sett fram í stefnumótuninni 1998 og sum hafa náðst en önnur ekki enn. Þetta snýr einnig aðallega að hagsmunaaðilum, nýjungar á ýmsum sviðum hafa komið fram og fleiri eru í burðarliðnum. Nánast öll afþreying sem í boði var árið 1997 er enn við lýði auk þess hefur eftirtalin afþreying bæst við: Neslaug, Geysisstofa, fjórhjól í Haukadal, hestaleiga á

Geysi, Arctic Rafting Árnesi (Þjórsá), minigolf í Slakka, menningar- og söguferðir Guðmundar Tyrfingssonar. Þá hafa heimsóknir í fyrirtæki aukist verulega, móttaka óvissuhópa, gönguferðir með leiðsögn og ýmislegt fleira. Afþreying í uppsveitunum er nú sem hér greinir:

Grímsnes- og Grafningshreppur

- Vatnasleðaleiga á Svínavatni.
- Merktar gönguleiðir á Hengilssvæðinu.
- Fjölbreytt útivistarsvæði fyrir fjölskylduna við Úlfljótsvatn.
- Gestastofa á Nesjavöllum.
- Gönguferðir og vélsleðar frá Nesbúð.
- Prastarskógur (gönguleiðir).
- Sólheimar: höggmyndagarður, listhús o.fl..
- Sýningar í Ljósafossvirkjun.
- Sundlaugar á Ljósafossi og í Hraunborgum.
- Golfvellir.
- Gamla Borg, skemmtanir.

Bláskógabyggð

Laugarvatn

- Gufubaðið.
- Bátaleiga.
- Reykhúsið í Útey (hópaheimsóknir).
- Merktar gönguleiðir.
- Sundlaug.
- Golfvöllur.
- Íþróttamannvirki.
- Gallerí.

Þingvellir

- Skipulögð dagskrá í Þjóðgarðinum, gönguferðir o.fl..
- Fræðslustofa.
- Útsýnisferð með Þingvallasiglingum.
- Hestaferðir með Íslenskum Ferðahestum.
- Veiði í vatninu.

Í Biskupstungum

- Húsdýragarðurinn og minigolf í Slakka, Laugarási.
- Geysisstofa margmiðlunarsafnið á Geysi.
- Hestaleiga á Geysi.
- Merktar gönguleiðir í Haukadal.
- Flúðasiglingar á Hvítá.
- Vélsleða- og jeppaferðir á Langjökul.
- Fjór hjól í Haukadal.
- Golfvöllur og hestaleiga í Úthlíð.
- Sundlaugar í Reykholti, Úthlíð og Geysi.
- Garðyrkjustöðvar (hópaheimsóknir).
- Skálholt: tónleikar, staðarskoðun, miðaldakvöldverðir.
- Klettur, skemmtanir.

Hrunamannahreppur

- Útlaginn kaffihús (ýmsar skemmtanir).
- Golfvöllurinn Efra-Seli.
- Hestaferðir í Syðra-Langholti.
- Byggðasafnið að Gröf.
- Gönguleiðir á Högnastaðaás, Miðfell og Langholtsfjall.
- Sundlaug.
- Garðyrkjustöðvar, sveppir og jarðarber.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- Hestakráin: hestaferðir og skemmtanir.
- Sundlaugar á Brautarholti, í Árnesi og Þjórsárdal.
- Hestaferðir: Steinsholti, Fossnesi og Ásólfstöðum.
- Handverk í Minni-Mástungu.
- Reiðskóli, yoga o.fl. í Vestra-Geldingaholti.
- Þjóðveldisbærinn.
- Stöng.
- Búrfellsvirkjun (móttaka ferðamanna).
- Árnes, skemmtanir.

Þá er víða hægt að fá veiðileyfi á svæðinu.

3.10.2 Aðgerðir og nýbreytni

Það er grundvallaratriði að efla ýmiss konar afþreyingu er tengist ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Aukin afþreying leiðir til lengri dvalar og útgjalda ferðamanna í uppsveitunum, aukinna skatttekna og fleiri atvinnutækifæra. Uppbygging í afþreyingu felst fyrst og fremst í hugkvæmni einstaklinga sem þegar reka ferðaþjónustu í sveitarfélaginu eða nýjum aðilum sem koma inn í greinina. Í sumum tilvikum getur það verið hlutverk sveitarfélagsins að efla þjónustu sem tengist afþreyingu, s.s. bæta aðstöðu við sundlaug sveitarfélagsins, söfn o.fl. Þá snýst uppbygging í afþreyingu oft um samvinnu ýmissa aðila, s.s. félaga, fyrirtækja, íbúa og sveitarfélaga. Öflug uppbygging á afþreyingu í uppsveitunum byggist því bæði á einstaklingsframtaki og samvinnuvilja, eins og raunar öll uppbygging ferðaþjónustunnar. Þrátt fyrir talsverða aukningu á skipulagðri afþreyingu fyrir ferðamenn í uppsveitunum á síðustu árum vantar enn verulega uppá að nóg sé að gert í þeim málum. Afþreying fyrir börn er t.a.m. af fremur skornum skammti.

Markmið

- Að fjölbreytni og gæði afþreyingar í uppveitunum verði með því besta sem gerist á Íslandi.
- Að þarfir fjölskyldufólks verði hafðar ofarlega í huga, hvar sem því verður við komið.
- Efla afþreyingu sem tengist menningu, umhverfi og atvinnulífi í uppsveitunum.

Sundlaugar, böð og heitir pottar

Sundiðkun og böð í heitum pottum er meðal vinsælustu afþreyingar innlendra og erlendra ferðamanna og góðar sundlaugar hafa mikil margfeldisáhrif, m.a. hvað varðar verslun og veitingar á viðkomandi stöðum. Nú eru 11 sundlaugar í uppsveitum Árnessýslu opnar almenningi. Þær helstu eru á Ljósafossi, Laugarvatni, í Reykholti, á Flúðum, í Brautarholti og Árnesi. Þá eru einnig laugar í Hraunborgum, Sólheimum, Úthlíð, við Hótel Geysi og í Þjorsárdal. Þá eru heitir pottar við allar laugarnar og á allmörgum öðrum stöðum og gufuböð við fimm þessara lauga og víðar.

Markmið

- *Að hafa a.m.k. tvo öfluga sund-og/eða baðstaði í uppsveitunum (helst sitt hvoru megin Hvitár) með afþreyingu fyrir börn og fjölskyldufólk.*

Nánar er vikið að nýsköpun á sviði sundlauga og baða í köflum 4.2 og 4.3.

Söfn og sýningar

Ekkert eiginlegt safn er rekið í uppsveitunum, þ.e. staður sem markvisst skráir og verndar muni en Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka og Listasafn Árnesinga í Hveragerði sinna auðvitað einnig söfnun og skráningu muna fyrir uppsveitirnar. Hins vegar er nokkuð um sýningar af ýmsum toga á svæðinu. Margmiðlunarsýning var opnuð í Geysisstofu árið 2000 og fræðslumiðstöð sem byggir á margmiðlunartækni á Hakinu ofan Almagnagjár á Þingvöllum hóf starfsemi árið 2002. 35-40 þúsund gestir komu í Geysisstofu á liðnu ári (lauslega áætlað) en ekki er vitað um gestakomur á Hakið þar sem aðgangur er ókeypis en þar má búast við að allt að 50-100 þúsund ferðamenn komi árlega. Mikilvægt er að koma þar á talningu á ferðamönnum til að sjá nýtingu hússins. Auk þess er sýning í kjallara Skálholtskirkju. Á Flúðum er minjasafnið að Gröf, safn í einkaeigu. Þjóðveldisbærinn í Þjorsárdal og Stöng tilheyra þessum flokki og mætti nýta þá staði enn frekar í ferðapjónustu. Húsdýragarðurinn í Slakka dregur að sér mikinn fjölda gesta og er mikilvæg afþreying á svæðinu. Sýningar í virkjunum njóta einnig vaxandi aðsóknar ferðamanna.

Markmið

- *Að Byggðasafn Árnesinga efni til sérsýninga í uppsveitunum.*
- *Fjölga söfnum og sérsýningum.*

Þar sem Byggðasafn Árnesinga þjónustar alla sýsluna er lagt til að skoðað verði hvort safnið geti efnt til sumarsýninga víðar um Árnessýslu, þ.á.m. í uppsveitunum. Þar má t.a.m. nýta skólahúsnæði eða félagsheimili. Byggðasafn Skagfirðinga hefur með þessum hætti komið að sérsýningum nokkuð víða um Skagafjörð.

Margt er ógert hvað varðar uppbyggingu safna og sýninga í uppsveitunum en af nógu efni er að taka, hvort heldur varðar náttúruafar, sögu eða menningu sem vert er að miðla til ferðamanna. Síðar mun vikið nánar að stærri hugmyndum í þessum efnum, s.s. menningarmiðstöð í Skálholti, Fjalla Eyvindar setri í Hrunamannahreppi og gestastofu í Þjórsárdal. Auk þess er áhugavert að skoða hvort ekki er mögulegt að gera einkasöfn áhugamanna um söfnun aðgengilegri því mörg dæmi eru um að slík söfn dragi að mikinn fjölda fólks. Nægir þar að nefna Steinasafn Petru á Stöðvarfirði sem allt að 20 þúsund manns heimsækja árlega.

Í öllum tilvikum, hvort sem um er að ræða þróun eldri safna eða uppbyggingu nýrra, er mikilvægt að leggja áherslu á að gefa ferðamönnum kost á því að „gera“ og „læra“. Því er nauðsynlegt að gefa sér góðan tíma til að ákvarða hugmyndafræði og inntak safna og sýninga áður en í framkvæmdir er ráðist. Þá er einnig rökrétt að þeim söfnum sem þegar eru starfandi sé tryggður fullnægjandi rekstrargrundvöllur áður en ráðist er í að koma nýjum söfnum á laggirnar. Oft er æskilegt að söfn hafi útisvæði til umráða þar sem skapa má líf yfir sumartímann, a.m.k. á góðviðrisdögum, er tengist starfsemi.

Listviðburðir, hátíðir og tímamót

Helstu listviðburðir í uppsveitunum hafa hingað til einkum tengst Skálholti, s.s. árlegir Skálholtstónleikar sem eru vel sóttir og hafa fengið góða dóma og ýmsar listsýningar þar innan dyra sem utan. Þá má nefna sönghátíðina Undir Bláhimni auk tónleika fjölmargra frábærra kóra í uppsveitunum og metnaðarfullra leiksýninga. Ýmsir góði gestir hafa sótt uppsveitirnar heim fyrir tilstuðlan heimamanna, kórar og hljómsveitir. Skemmst er að minnast þess stórviðburðar er Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í íþróttahúsinu í Reykholti. Þá hefur handverksfólki á svæðinu vaxið fiskur um hrygg á allra síðustu árum og listahátíð kvenna í uppsveitum Árnassýslu er eftirminnileg, þegar þær urðu fyrstar til að halda hátíðlegan dreifbýliskvennadaginn fyrir tveimur árum.

Markmið

- Fjölga listviðburðum og gera þá sýnilegri ferðamönnum.
- Halda Listahátíð uppsveitanna.

Lista- og menningarstarfsemi er umtalsverð í uppsveitunum, það sýnir best hinn mikli fjöldi kóra sem starfræktur er í sveitarfélaginu með tilheyrandi tónleikum og söngskemmtunum. Handverksmenn og listamenn ýmiss konar leynast víða - einnig fyrir ferðamönnum. Mikilvægt er að gera menningu heimamanna sýnilegri gestum og gangandi. Rannsóknir sýna að ferðamenn hafa mikinn áhuga á staðbundinni menningu og listum. Skoða þarf sérstaklega hvernig virkja má listamenn, jafnt atvinnumenn sem áhugafólk, til samvinnu við uppbyggingu ferðaþjónustunnar í uppsveitunum.

Oft er tilvalið að nota ýmiss konar tímamót til að vekja athygli ferðamanna á viðkomandi stað eða svæði. Tímamótin geta verið af ýmsum toga, s.s. afmæli sveitarfélaga,

þéttbýlisstaða, stofnana, fyrirtækja eða ártíðarminningar nafntogaðra einstaklinga sem voru fæddir eða uppaldir í uppsveitunum Eins getur verið um að ræða afmæli viðburða eða framkvæmda af ýmsum toga.

Göngu- og skoðunarferðir

Erlendir ferðamenn fara mikið í gönguferðir, bæði styttri og lengri. Auk þess stunda stöðugt fleiri Íslendingar gönguferðir og hafa komið sér upp búnaði til þess arna, ekki eingöngu að sumarlagi, heldur meira og minna allan ársins hring. Nýverið komu út tvö göngukort af hálandissvæðum uppsveitanna. Annað nær yfir svæðið sunnan Hofsjökuls og er gefið út að frumkvæði Landsvirkjunar en hitt er gefið út af Fannborg, rekstrarfélagi Kerlingarfjalla, og sýnir fjölmargar lengri og styttri gönguleiðir í nágrenni Kerlingarfjalla. Þá er hægt að finna upplýsingar um gönguleiðir í uppsveitum í ýmsum gönguleiða-bókum.

Hvað skiplagðar skoðunarferðir um uppsveitirnar varðar hafa hópferðir Guðmundar Tyrfingssonar á Selfossi tekið ótvírætt frumkvæði. Þar er nú boðið upp á fimm mismunandi ferðir tengdar sögu og þjóðsagnaarfi uppsveitanna, sem eru:

Fræðandi dekurdagar á Sólheimum.

Skrímsli og álfar (um Skeið, Skálholt og víðar).

Útilegumenn og tröll (um Þjórsárdal og hálandið).

Kynjasögur úr uppsveitunum (einkum um Laugarvatn, Gullfoss og Geysi).

Dauðadómar og aftökur (Þingvellir).

Á Þingvöllum er myndarleg dagskrá í gangi allt sumarið þar sem í boði eru gönguferðir með leiðsögn um þjóðgarðinn og ferðamönnum m.a. kynnt saga og náttúra svæðisins. Á Sólheimum hafa gönguleiðir verið kortlagðar á einfaldan máta. Er það framtak öðrum ferðaþjónustuaðilum í uppsveitunum til eftirbreytni.

Markmið

- Að uppsveitirnar verði ákjósanlegur valkostur fyrir ferðamenn til að stunda gönguferðir er tengjast fræðslu um minjar, örnefni, sögu, dýralíf, gróðurfar og jarðsögu svæðisins.
- Að góð göngukort af öllum uppsveitunum líti sem fyrst dagsins ljós.
- Auka fjölbreytni skipulagðra skoðunarferða um uppsveitirnar og nágrenni.
- Að gestgjafar kynni gestum gönguleiðir út frá þjónustustöðum (einföld kort, merkingar)..

Það færast mjög í vöxt að gefin séu út góð gönguleiðakort fyrir ferðamenn. Segja má að Austlendingar hafi riðið á vaðið og nú er búið að kortleggja vel meginhluta helstu gönguleiða þar um slóðir. Í kjölfarið hafa komið gönguleiðakort í Húnavatnssýslum og víðar. Slík kort vantar fyrir uppsveitir Árnessýslu, einkum láglandið. Þar þarf að kynna ýmsa möguleika á gönguleiðum, jafnt stuttum og fjölskylduvænum, sem lengri og erfiðari. Í þessu skyni er mikilvægt að gera fornum og sögulegum gönguleiðum hátt undir höfði s.s. biskupaleiðinni á milli Skálholts og Þingvalla. Þá er það samvinnu-

verkefni uppsveitanna við aðra landshluta að merkja og kynna biskupaleiðina frá Skálholti um Sprengisand, Ódáðahraun og í Vopnafjörð.

Þjóðsögur og sagnir ýmiss konar hafa fylgt íslenskri þjóð sem hluti af hennar munnmælahefð og menningu sem vel getur nýst til að auka fjölbreytni í menningarferðaþjónustu. Í þessu sambandi má nefna bók Bjarna Harðarsonar, „Landið, fólkið og þjóðtrúin“, sem er kærkomin fyrir þá sem nýta vilja þjóðsögur úr Árnassýslu í ferðaþjónustu og víðar. Í bókinni er m.a.

„... getið um rúmlega 100 drauga, rífa tvo tugi trölla, á annað hundrað álagabletti og álfabyggðir og um 30 skrímsli af ýmsu tagi. Þessu til viðbótar eru svo hin ýmsu álög á landinu og undarleg fyrirbrigði svo sem jarðgöng milli sveita, fjársjóðir í fornmannahaugum og keldur þar sem vitlausar kerlingar hafa sokkið í jörðu. Allar þessar sagnir og sagnaverur tilheyrðu gamla íslenska bændasamfélaginu.“³⁰

Um 70 þessara sagna eiga uppruna sinn í Uppsveitunum.

Drauga- og tröllaskoðunarfélag Evrópu hefur verið starfrækt í Árnassýslu í allmörg ár og er forseti þess Valur Lýðsson bóndi að Gýgjarhóli í Biskupstungum. Félagið hefur vakið talsverða athygli og er til marks um aukinn áhuga á verndun og nýtingu þjóðsagna í nútíma upplýsingasamfélagi. Drauga- og tröllaskoðunarfélag Evrópu er því gott dæmi um fortíðarfélag sem á framtíðina fyrir sér. Í því sambandi má nefna að í byrjun nóvember 2003 var Draugasetrið á Stokkseyri opnað ferðamönnum.

Gönguferðir frá þjónustustöðum

Eins og dæmin sanna þarf ekki að vera flókið mál að teikna upp helstu gönguleiðir um næsta nágrenni ýmissa staða þar sem ferðaþjónusta er veitt, ekki síst í nágrenni gististaða. Nánast alls staðar er mögulegt að útbúa slíkar gönguleiðir því sagan er við hvert fótmál auk þess sem áhugaverð náttúrufrýrbrigði og þjóðsagnastaðir leynast víða, áhugavert fuglalíf o.s.frv. Það krefst þó ákveðinnar undirbúningsvinnu að finna til það sem áhugavert er á hverjum stað. Slíkar upplýsingar má síðan fjölfalda eftir þörfum og jafnframt segja þar frá gönguleiðinni í stuttu máli og því sem skoðunarvert er talið. Best er auðvitað ef heimamenn ganga þessar leiðir með gestunum á fyrirfram ákveðnum tíma gegn sanngjörnu gjaldi. Þarna eru einnig öflug sóknarfæri fyrir svæðisleiðsögu-menn.

Safna fellum

Fjölmörg fell eru í uppsveitunum sem eru auðveld uppgöngu. Lagt er til að þau helstu verði merkt inn á kort og þeim heitið verðlaunum sem ganga á a.m.k. fimm þeirra sama árið (t.d.). Útfæra þarf hugmyndina nánar.

³⁰. Tilvitnun af kápu bókarinnar *Landið, fólkið og þjóðtrúin*, Bjarni Harðarson, Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi 2001.

Uppsveitalífið - skoðunarferð

Lagt er til að þróuð verði ferð um uppsveitirnar er gæti t.d. nefnst „Uppsveitalífið“, eða eitthvað í þeim dúr. Kjarninn í ferðinni væri að kynna daglegt líf fólks í uppsveitunum og víðar í Árnassýslu fyrr og nú, ásamt náttúru, byggingararfi og dýralífi. Umtalsverð samskipti heimamanna og gesta væri meginstyrkur ferðarinnar. Þannig gætu ferðamenn kynnst lífi íbúanna, heilsað upp á handverksfólk og listamenn að störfum og keypt verk þeirra, bragðað á sérkennandi réttum o.s.frv.. Til að ferð sem þessi öðlist verulegar vinsældir er nauðsynlegt að heimamenn taki virkan þátt í henni, s.s. bændur, iðnrekstraraðilar, handverksmenn, leikarar og aðrir listamenn. Þá þarf að gera sér grein fyrir að oft líða 2-4 ár þar til nýjar ferðir öðlast verulegar vinsældir og oft þarf að sníða af þeim agnúa sem ekki uppgötvast fyrr en eftir að ferðirnar hefjast. Við þessar ferðir má síðan spinna ýmiss konar afþreyingu s.s. heimsóknir á söfn/sýningar, fljótasiglingu, sund og aðra þá afþreyingu sem kemur til með að verða í boði fyrir ferðamenn í uppsveitunum.

Þematengdar ferðir

Sóknarfæri liggja í ýmsum þematengdum ferðum og skraddararsaumum þakkaferðum eins og hugmyndaflugið leyfir. T.d. *Kristnitökufurð* um uppsveitir þar sem ferðast væri um söguslóðir kristnitökunnar: Þingvelli, Laugarvatn, Skáholt o.s.frv.. Í Haukadalssskógi hefur verið sett upp þrautabraut og á Flúðum og Laugarvatni eru settir upp ratleikir í umhverfinu. Slíkt má m.a. nýta fyrir óvissuferðir og hópefli.

Fuglaskoðun

Um þriðjungur erlendra ferðamanna segjast skoða fugla á ferðum sínum um Ísland en talsvert lægra hlutfall Íslendinga. Þó er skipulögð aðstaða til fuglaskoðunar hérlandis ótrúlega bágborin og lítið gert til að nýta þessa auðlind í þágu ferðaþjónustunnar.

Fuglalíf er mikið víða í uppsveitunum og ýmiss konar mófuglar mest áberandi. Pollengi er friðland fugla skammt frá Reykholti í Biskupstungum og þá er mikið fuglalíf við Þingvallavatn. Í friðlandinu Þjórsárverum er jafnframt mikið fuglalíf í einstæðu gróðursamfélagi.

Markmið

- *Að upplýsingar um fuglalíf í friðlandinu Pollengi verði góðar og aðstaða til fuglaskoðunar aðgengileg.*

Bæta þarf merkingar að friðlandinu í Pollengi og koma upp skoðunarhúsi með kíkjum til að ferðamenn geti betur notið fuglalífsins þar. Á sama tíma þarf að tryggja að ágangur verði ekki of mikill. Æskilegt er að tengja svæðið við fuglafriðlandið í Flóa og í Ölfusárforum í samvinnu við áhugaaðila og sveitarstjórnir þar. Þannig gæti skapast áhugaverð hringleið um Árnassýslu fyrir fuglaskoðara. Þá þarf að auka fræðslu um fuglalíf víðar í uppsveitunum s.s. á Þingvöllum og í Þjórsárverum.

Hestar, hestaferðir og hestasýningar

Uppsveitirnar og eru kjörið útreiðasvæði. Nær tugur ferðaþjónustuaðila í uppsveitunum bjóða upp á hestaferðir, stuttar sem langar. Ein helsta nýjungin á því sviði eru sérstakar hestaferðir fyrir konur frá Hestakránni á Skeiðum og hafa mælst afar vel fyrir.

Markmið

- Auka nýsköpun í skipulögðum hestaferðum.
- Bjóða upp á hestasýningar í uppsveitunum.

Hvatt er til frekari nýsköpunar á sviði hestaferða, m.a. með því að tengja hestaferðir enn sterkar við þá sögu sem landið hefur að geyma (minjar, jarðsaga, plöntur og dýralíf).

Engar hestasýningar eru í boði í uppsveitunum. Eru hestamenn hvattir til að skoða möguleika á að bjóða slíkt. Óvída ætti rekstrargrundvöllur fyrir slíku að vera vænlegri vegna mikils fjölda ferðamanna sem þangað leggja leið sína. Þá er brýnt að leggja nýjar reiðleiðir í uppsveitunum og bæta þær sem fyrir eru eins og áður hefur verið vikið að.

Fljótasiglingar og bátsferðir

Nú er boðið upp á fljótasiglingar bæði í Hvítá og Þjórsá. Jafnframt eru skipulagðar siglingar í boði á Pingvallavatni, bátaleiga á Laugarvatni og sæsleðaleiga á Svínavatni.



Róið á Laugarvatni

Ljósmynd: Ásborg Arnþórsdóttir

Markmið

- Auka fjölbreytni fljótasiglinga, bátsferða og annarrar afþreyingar er tengist ám og vötnum í uppsveitunum.

Ýmis tækifæri eru til nýsköpunar á þessu sviði enda allmörg vötn í uppsveitunum. T.d. má velta því fyrir sér hvort eftirspurn væri ekki eftir siglingum á Hvítárvatni við Langjökul og víðar. Þá eru siglingar á Hvítá og Þjórsá bundnar við tiltölulega afmarkað svæði sem mætti víkka út. Þó eru blikur á lofti varðandi siglingar á Þjórsá vegna áforma um Núpsvirkjun. Það fer þó talsvert eftir útfærslu virkjunarinnar hver áhrifin verða á möguleika til fljótasiglinga þar.

Veði

20-25% Íslendinga á ferðalögum innanlands reyna fyrir sér í stangveiði enda er það sannkallað fjölskyldusport sem hentar jafnt ungum börnum og eldra fólki. Í uppsveitunum er stunduð bæði lax- og silungsveiði í verulegu mæli. Þingvallavatn er án efa mest nýtti veiðistaðurinn af almenningi en einnig er góð veiði t.d. í Úlfliótsvatni og fleiri vötnum á svæðinu. Þá er laxveiði í Soginu, Hvítá, Stóru Laxá, Fossá, Þjórsá og víðar. Í Hvítá og Þjórsá er einnig umtalsverð netaveiði nærri ósum og að margra dómi hamlar það aukinni nýtingu ána til stangveiði.

Markmið

- *Efla veiði í ám og vötnum í uppsveitunum og draga úr netaveiði.*
- *Samræma sölu veiðileyfa.*

Lagt er til að veiðiréttshafar komi sér saman um að veiðileyfi í vötnum og minni ám verði seld á nokkrum vel völdum og auglýstum stöðum í uppsveitunum til hægðarauka fyrir viðskiptavinina. Liggur beinast við að fela helstu upplýsingamiðstöðvum á svæðinu, þegar upplýsingaþjónustan verður komin í viðunandi horf. Salan yrði síðan gerð upp við landeigendur eftir ákveðnu samkomulagi. Þangað til má selja veiðileyfi í ákveðnum verslunum eins og nú er gert í nokkrum mæli. Jafnframt er lagt til að skoðað verði hvort ekki megi efla stangveiði Hvítá/Ölfusá, Þjórsá og hliðarám þeirra með því að draga úr netaveiði. Dæmin sanna, s.s. með Rangárnar, að á skömmum tíma má margfalda tekjur af ám með aukinni stangveiði.

Golf

Af tólf golfvöllum á Suðurlandi eru fimm í uppsveitunum. 18 holu golfvellir eru við Öndverðarnes í Grímsnesi og Efra-Sel í Hrunamannahreppi (Selsvöllur) og árið 2004 er áformað að Kiðjabergsvöllur í Grímsnesi verði kominn í þann hóp. Þá er 9 holu völlum í Miðdal í Laugardal og Úthlíð í Biskupstungum og framkvæmdir við nýjan golfvöll við Geysi eru hafnar. Þá er nýbúið að opna nýtt minigolf í gróðurhúsi við Slakka í Laugarási auk þess sem minigolf er við Íþróttamiðstöðina á Laugarvatni. Það væsir því ekki um golfáhugamenn í uppsveitunum.

Markmið

- *Að uppsveitirnar verði áfram í fararbroddi í uppbyggingu golfoalla og aðstöðu fyrir golfáhugamenn*

Íþróttuferðaþjónusta

Uppsveitir eru vagga íþróttá á Íslandi þar sem íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands er á Laugarvatni og þar er besta íþróttastaðan í uppveitunum. Víðar annars staðar eru einnig íþróttahús.

Markmið

- Nýta íþróttahús og aðra íþróttastöðu betur í ferðaþjónustu.
- Efna til fleiri íþróttatengdra viðburða.

Verulega hefur verið fjárfest í íþróttamannvirkjum í uppsveitum, íþróttahúsum og íþróttavöllum. Skoða þarf vel hvort ekki megi bæta nýtingu þessara mannvirkja með því að auka aðgengi sumarhúsafólks og annarra ferðamanna að þeim. Annars vegar með því að bjóða fólki að leigja sali til íþróttaiðkunar og síðan með því að bjóða upp á styttri íþróttanámskeið o.fl. Á Laugarvatni væri t.d. tilvalið að tengja slíka starfsemi og tilboð áformaðri uppbyggingu á nýrri baðstöðu við gufubaðið á Laugarvatni.

Lagt er til að á Laugarvatni verði m.a. kennt hvernig megi stuðla að aukinni hreyfingu og íþróttaiðkun fólks á ferðalögum og settar fram hugmyndir um aðkomu íþróttafraeðinga að íþróttiferðaþjónustu; námskeið, gönguferðir með æfingum, ratleikir, hópefli o.fl.

Afþreying - hlutverk sveitarfélaganna:

- *Koma, eftir atvikum, að áætlunum og fjármögnun á uppbyggingu sund-og/eða baðstaða í uppsveitunum. Skoða mögulega samvinnu við einkaaðila hvað það varðar. Efla samstarf sundlauga og einkaaðila með samþætta afþreyingu í huga og sveigjanlegri opnunartíma sundstaða í tengslum við hópa, uppákomur o.s.frv.*
- *Stuðla að því að unnin verði áætlun um samþættingu og eflingu safna (fjárhag og innihald) og sérsýninga í Árnessýslu, bæði þeirra sem fyrir eru og væntanleg kunna að vera. Slíkt verkefni þarf m.a. að vinna í samstarfi sveitarfélaga í Árnessýslu, héraðsnefnd Árneseinga, Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands, Þjóðminjasafnið og Menntamálaráðuneytið.*
- *Meningarmálanefndir hafi frumkvæði að því að undirbúa og halda Listahátíð uppsveitanna. Fá til liðs við sig listamenn og áhugafólk í sveitarfélaginu. Sækja um styrki.*
- *Vera vakandi fyrir afmælum og tímamótum sem snerta sögu sveitarfélaganna á einn eða annan hátt. Taka þátt í að minnast og vekja athygli á þeim í samvinnu við ýmsa aðila eftir því sem við á.*
- *Kynna nýjungar í ferðum um uppsveitirnar í kynningarefni sveitarfélaganna.*
- *Hvetja hópferðafyrirtæki í Árnessýslu og víðar til að efla starfsemi sína og auka fjölbreytni í ferðum.*
- *Vinna áætlun um uppbyggingu og stikun gönguleiða og fræðslustíga í uppsveitunum (hjólreiðastígar og reiðleiðir skoðaðar samhliða).*
- *Styðja við bakið á Drauga- og tröllaskoðunarfélagi Evrópu.*
- *Stuðla að bættri aðstöðu til fuglaskoðunar í uppsveitunum í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands o.fl.*
- *Styðja við bakið á nýsköpun í skipulögðum skoðunarferðum, hestaferðum, fljótasiglingum, golfi og annarri afþreyingu með kynningu á þeim í kynningarefni um uppsveitirnar.*
- *Stuðla að aukinni nýtingu íþróttamannvirkja í ferðaþjónustu.*
- *Hvetja íþróttaskor KHI á Laugarvatni til að efla starfsemi er tengist eflingu íþróttiferðamennsku.*

3.11 Gæðamál og menntun

Ferðapjónusta framtíðarinnar mun í sívaxandi mæli snúast um gæði þjónustunnar, gott og persónulegt viðmót. Rannsóknir sýna að þeir sem telja sig hafa fengið slaka þjónustu segja að meðaltali 10-12 vinum og kunningjum frá þeirri reynslu sinni. Þeir sem fá góða þjónustu segja helmingi færri frá því, vegna þess að yfirleitt búast gestir við að þjónustan sé góð. Því er afar áriðandi að öll þjónusta við ferðamenn í uppsveitunum og menntun starfsfólks sé fyrsta flokks og þar með í fullu samræmi við einkennisorð ferðapjónustu í uppsveitunum, *Gæði og Gestrisni*. Önnur menntun, s.s. á svið rekstrarfræða, er einnig mikilvæg öllum þeim sem ferðapjónusturekstur stunda.

Gæðaflokkun gististaða á Íslandi er hafin en nær því miður fyrst og fremst til hótela og stærri gististaða en ekki þeirra smærri sem einnig er brýnt að gæðaflokka. Þá er mikilvægt að slík flokkur sé gístaðilum ekki of kostnaðarsöm. Æskilegt er eins og víða er gert erlendis að gæðaflokka alla gististaði, hópferðabíla, söfn og afþreyingu. Erum við Íslendingar tiltölulega skammt á veg komnir hvað þetta varðar, en þó er nýlökíð vinnu að ákveða flokkunarkerfi tjaldsvæða á Íslandi.

Það er mikilvægt að sveitarfélög, ferðamálayfirvöld og ferðapjónustuaðilar á hverjum stað haldi vöku sinni, setji sér gæðaviðmið og standi við þau. Markmiðið hlýtur því ávallt að vera að veita úrvalsþjónustu með bros á vör, en jafnframt að verðleggja þjónustuna þannig að hún verði arðbær þegar upp er staðið.

Framboð á menntun fyrir þá sem ætla að starfa innan ferðapjónustunnar hefur stóraukist á undanförunum árum, bæði á menntaskóla- og háskólastigi og nú er svo komið að hægt er að nema ferðamálafræði til BA prófs héraðs á þremur stöðum: Háskóla Íslands, Hólaskóla og Háskólanum á Akureyri. Auk þess er ferðamálafræði og leiðsögumannaskóli starfandi í Kópavogi undir merkjum MK, ferðamálafræði Flugleiða auk Ferðamálafræði Háskóla Íslands í Reykjavík.

3.11.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Þjónusta margra fyrirtækja/staða. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þjálfun/menntun starfsfólks. • Þjónusta einstakra fyrirtækja/staða. • Skortur á gæðaflokkun.

Á undanförunum árum hafa ýmis námskeið verið haldin fyrir ferðapjónustuaðila í uppsveitunum. Ferðamálafræði hefur iðulega skipulagt námskeiðin, aflað styrkja og séð um framkvæmd eða unnið að undirbúningi námskeiða í samvinnu við ýmsar stofnanir. Má þar nefna námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja, sölu-, markaðs-, og kynningarmál, gerð viðskiptaáætlana, þjónustunámskeið ýmiss konar, að segja til vegar,

að taka á móti gestum o.s.frv. auk náms fyrir svæðisleiðsögumenn á Suðurlandi. Þar sem starfsumhverfið hefur breyst mjög mikið að undanförunu og framboð námskeiða og hvers kyns endurmenntunar hefur aukist til muna er lagt til að ferðaþjónustuaðilar notfæri sér það sem í boði er. Hlutverk ferðamálafulltrúa í því ferli er að vekja athygli þeirra á námskeiðum í boði og að hvetja þá til að notfæra sér þau. Þeir sem bjóða m.a. upp á slíka fræðslu eru; Ferðamálaráð, Samtök ferðaþjónustunnar, Bandalag Íslenskra farfugla, Ferðaþjónusta bænda, Fræðslunet Suðurlands, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Endurmenntunardeild HÍ, Iðntæknistofnun, Hólaskóli, Fræðsluráð hótél- og matvælagreina o.fl. Þá hefur Fræðslunet Suðurlands boðið sérhönnuð áthagafræðinámskeið í uppsveitunum sem falla vel að þessum markmiðum.

3.11.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Árleg gæða- og gestrisniverðlaun.
- Að gæði og gott viðmót einkenni ferðaþjónustu í uppsveitunum.
- Að hvetja þá sem starfa við ferðaþjónustu til að stunda símenntun.
- Fræðsla um ferðamál og gestrisni í grunnskólunum.

„Uppsveitabrosið“, gæða- og gestrisniverðlaun

Kjörorð stefnumótunar í ferðamálum fyrir uppsveitirnar er nú sem áður *Gæði og Gestrisni*. Í ljósi þess og jafnframt vegna þeirrar ánægjulegu staðreyndar að um eða yfir 100 ferðaþjónustuaðilar eru skráðir í uppsveitunum er lagt til að völdum aðilum verði veitt viðurkenning fyrir þeirra störf í þágu ferðaþjónustu í uppsveitunum. Verðlaunin yrðu veglegur farandgripur hannaður af listamanni /handverksmanni úr uppsveitunum. Þessi gæða- og gestrisniverðlaun væru veitt árlega, mögulega í tengslum við samvinnufund ferðaþjónustuaðila og gætu t.d. borið heitið „Uppsveitabrosið“. Auk þess fengi viðkomandi viðurkenningarskjal til eignar. Þá mætti einnig veita s.s. tveimur öðrum ferðaþjónustuaðilum viðurkenningarskjöl fyrir þeirra framlag. Setja þyrfti ákveðnar leikreglur um hvernig staðið yrði að þessu vali. Ef vel tekst til þá eru verðlaun sem þessi hvatning til allra ferðaþjónustuaðila um að standa sig sem best.

Námskeið

Ferðaþjónustan er vinnuafslafrek starfsgrein og margt ungt fólk stígur þar sín fyrstu skref á vinnumarkaði og þjónustar ferðamenn á einn eða annan hátt, s.s. starfsfólk í sjöppum, á skyndibitastöðum, í veitingahúsum, matvöruverslunum o.s.frv. Það er afar mikilvægt að þetta unga fólk fái viðunandi þjálfun og fræðslu áður en það hefur störf.

Lagt er til ferðamálafulltrúi uppsveitanna hafi frumkvæði að því í samvinnu við Ferðamálasamtök Suðurlands, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Fræðslunet Suðurlands að efna til eins dags þjónustunámskeið fyrir byrjendur. Skapa þyrfti þá hefð

að þetta yrði skyldunámskeið fyrir alla sem eru að hefja störf í ferðaþjónustu í uppsveitunum þar sem þjónusta við ferðamenn er hluti af starfinu, þ.m.t. störf í verslunum, á bensínstöðvum o.s.frv.

Þá væri æskilegt að árlega væri haldið gæðanámskeið fyrir rekstraradila í ferðaþjónustu, bæði þá sem vinna að kjarnaþjónustu (gisting, veitingar, samgöngur, afþreying) og fyrir þá sem eru í jaðarþjónustu (verslanir, bensínstöðvar, bifreiðaþjónusta o.s.frv.) sem gætu verið með nokkuð misjöfnu sniði frá ári til árs. Þá er jafnframt æskilegt að halda sérhæfðari námskeið m.a til að efla menningarferðaþjónustu. Hér kemur margt til greina, svo sem: námskeið um notkun staðareinkennandi hráefna í matargerð og veitingum, námskeið um notkun þjóðsagna í ferðaþjónustu o.fl.

Grunnskólinn

Ferðalög eru snar þáttur í lífsmynstri nútímamannsins og sífellt fleiri ferðast reglulega, bæði innan lands og erlendis. Lagt er til að í grunnskólum uppsveitanna verði árlega haldinn þemadagur helgaður ferðaþjónustu. Þar yrði börnum kennt um mismunandi tegundir ferðalaga. Þau lýstu ferðalögum sem þau hafa farið í og því hvernig þau kjósa að láta taka á móti sér þegar þau eru að ferðast. Rætt verði um hvernig íbúar eigi að taka á móti ferðamönnum sem koma í þeirra heimabyggð. Sjónum verði m.a. beint að því hvað börnin telji að gera þurfi til að fá ferðamenn til að stoppa lengur í uppsveitunum o.s.frv. Viðfangsefnin geta verið misjöfn frá ári til árs.

Framhaldsskólarnir á Laugarvatni

Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á fræðslu um ferðamál í Menntaskólanum á Laugarvatni og Íþróttaskor KHÍ á Laugarvatni.

Gæðamál og menntun - hlutverk sveitarfélaganna:

- *Láta útbúa gæða- og gestrisniverðlaunin Uppsveitabrosið (farandgrip.,*
- *Ganga á undan með góðu fordæmi hvað varðar gæði þeirrar ferðaþjónustu sem snýr að sveitarfélögum í uppsveitunum (bæklingar, kynningarefni, merkingar, söfn, upplýsingaþjónusta o.fl.)*
- *Styðja við bakið á námskeiðahaldi og endurmenntun í ferðaþjónustu með því að gefa nýliðum á vegum sveitarfélaganna og þeim starfsmönnum sem sinna ferðamönnum kost á að sækja slík námskeið og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama.*
- *Beini því til skólayfirvalda að skoða möguleikana á efla kennslu um ferðamál (gæði- og gestrisni) í grunnskólum uppsveitanna í samvinnu við ferðamálafulltrúa, ferðaþjónustuaðila o.fl..*
- *Hvetja ML til frekari sóknar í kennslu á sviði ferðamála og Íþróttamiðstöðina til að efla starfsemi er tengist íþróttuferðamennsku.*

3.12 Umhverfismál

Umhverfismál og ferðamál eru samofin. Erlendir ferðamenn eru upp til hópa mjög umhverfismeðvitaðir enda hefur Ísland um áratuga skeið kynnt sem hreint og fagurt land. Umræðan um umhverfismál hefur einnig þróast verulega á Íslandi en enn eigum við nokkuð í land til að standa jafnfætis nágrannaþjóðum okkar í þeim efnum. Uppsveitirnar eru ferðaþjónustu- og matvælaframleiðslusvæði, og þar er helsti þjóðgarður landsins. Því er afar mikilvægt að svæðið hafi jákvæðan stimpil í umhverfismálum.

3.12.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Töluverðar framfarir undanfarin ár. • Úrbætur í frárennslismálum. • Átakið Fegurri sveitir. • Umhverfisáætlanir ferðaþjónustufyrirtækja. • Gámasvæði. • Átaksverkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Rusl á einstaka bæjum. • Umgengni á gámasvæðum. • Almenn umhverfisvitund.

Frá því að stefnumótunin frá 1998 var unnin hefur umræðan um umhverfismál þróast og almennt eru ferðaþjónustuaðilar nú meðvitaðri um góða umgengni en áður. Uppsveitirnar tóku þátt í samnorræna umhverfisverkefninu FÍN-eco undir merkjum sjálfbærrar ferðaþjónustu og var markmið þess að leiðbeina fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem vildu sveigja sig til umhverfisvænni háttá.

Sveitastjórnir og umhverfisnefndir vinna að þessum málaflokki í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Sorpstöð Suðurlands, verkefnið *Fegurri sveitir* o.fl. Úrbætur hafa verið gerðar í frárennslismálum og boðið er upp á flokkun sorps að vissu marki. Drasl við bæi og á víðavangi finnst því miður ennþá í uppsveitunum sem og annars staðar á landinu. Brýnt er að slíkir hlutir heyri sögunni til sem fyrst. Verkefninu *Fegurri sveitir* á vegum Landbúnaðarráðneytisins lauk formlega árið 2002 en æskilegt væri að því yrði fram haldið enda er það í eðli sínu langtímaverkefni.

3.12.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Uppsveitirnar verði í fremstu röð á Íslandi í umhverfismálum og sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu.
- Stuðla að aukinni umhverfisvitund ferðaþjónustuaðila, íbúa og skólafólks.

Í skýrslunni Gæði og gestrisni 1998 voru settar fram tillögur að aðgerðum:

- *Gert verði áttak í frárennslis-, umgengnis- og sorpmálum. Stefnt er að því að opnar ónotaðar efnisnámur, drasl á víðavangi, við bóndabæi og við fyrirtæki heyri sögunni til árið 2002.*
- *Umhverfisfræðsla í skólum verði efl.*
- *Umhverfisfræðsla verði í boði fyrir alla íbúa á svæðinu*
- *Umhverfisdagur uppsveitanna verði haldinn árlega.*
- *Að skýrum reglum verði fylgt varðandi malarnám og frágang að notkun þeirra lokinni.*

Eins og fyrr segir hefur töluvert verið unnið að þessum málum á svæðinu og margt hefur náð fram að ganga, en betur má ef duga skal.

Umhverfismál - hlutverk sveitarfélaganna:

- *Fylgja eftir úrbótum í frárennslismálum, meðferð sorps og stuðla sjálfbærri þróun í umhverfismálum.*
- *Hvetja til umhverfisfræðslu og verkefna í skólum.*
- *Styðja við bakið á félagasamtökum sem hafa fegrun umhverfis á stefnuskrá sinni.*

3.13 Menningar- og heilsuferðaþjónusta

Fram að þessu hefur Ísland fyrst og fremst verið markaðssett sem land hrikalegrar og fjölbreytilegrar náttúru. Náttúran mun áfram verða helsta aðdráttarafl Íslands en aðgengileg fræðsla um menningu og sögu lands og þjóðar er líkleg til að dýpka skilning gesta á íslenskri þjóð og samvistum hennar við náttúruöflin. Auk þess á menningarferðaþjónusta er byggir á sérstöðu staða og svæða síður á hættu að verða „fjölfölduð“ en ýmis önnur afþreying.

Ferðaþjónusta sem tengist íslenskri þjóðmenningu, sögu, siðum og venjum er vaxandi þáttur í ferðaþjónustu hér á landi, enda hafa menningarauðlindir landsins hingað til verið mjög vannýttar. Vísbendingar um þá ánægjulegu þróun eru allmargar. Nægir þar að nefna hluti eins og Vesturfarasetur í Skagafirði, eflingu Síldarminjasafnsins á Siglufirði, Njálusetur á Hvolsvelli, uppbyggingu Eiríksstaða í Dölum, Galdrasýningu á Hólmavík og draugaskoðunar og þjóðmenningarferðir Guðmundar Tyrfingssonar um Árnessýslu og nú síðast Drauga-setrið á Stokkseyri.

Menningaferðaþjónusta snertir allt það sem við mennirnir höfum verið að fást við í nútíð og fortíð. *Fræðandi ferðaþjónusta* og *fræðileg ferðaþjónusta* eru einn angi hennar. Fræðandi ferðaþjónusta byggist fyrst og fremst á því að virkja sem flesta, einkum þó gestgjafa og heimamenn, til að fræða ferðamenn um hluti og fyrirbrigði í næsta nágrenni þeirra staða sem þeir heimsækja. Fræðileg ferðaþjónusta er talsvert sérhæfðari og snýst um að sérfræðingar gefa fag- og áhugahópum hlutdeild í sérfræðipækkingu sinni og þá gjarnan á vettvangi, t.d. á sviði jarðfræði, náttúrufræði o.fl. Má fullyrða að margir leiðsögumenn, gestgjafar og aðrir hafi um áratuga skeið lagt stund á jafnt fræðandi sem fræðilega ferðaþjónustu.

Heilsuferðaþjónustu og möguleikar hennar eru nú jafnframt í brennidepli. Gjarnan er það svo að þegar heilsuferðaþjónusta er nefnd dettur flestum í hug meðferð svipuð þeirri sem veitt er á heilsuhæli Náttúruvæðingafélags Íslands í Hveragerði eða meðferðir fyrir psoriasis sjúklinga í Bláa Lóninu, “spa” staðir o.s.frv. Annar angi heilsuferðaþjónustu getur einfaldlega falist í því að hvetja gesti sína til gönguferða og útivistar, sem um leið styrkir líkama og sál. Slíkt kostar lítið eða ekkert, en eykur líkur á lengri og ánægjulegri viðdvöl gesta. Margt þarna á milli getur talist heilsuferðaþjónusta, s.s. allt það sem er til þess fallið að bæta andlega og líkamlega vellíðan, s.s. sund, hlaup, æfingar í þreksölum, kyrrðardagar og jafnvel skemmtun af ýmsu tagi, því „hláturinn lengir lífið“.

3.13.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Sögustaðirnir Þingvellir, Skálholt, Stöng o.fl. • Geysisstofa og fræðslumiðstöð að Þingvöllum. • Þjóðveldisbærinn. • Þátttaka í Evrópuverkefninu Destination Viking Sagalands. • Fornleifauppgröftur í Skálholti og á Þingvöllum. • Tónleikar og kyrrðardagar í Skálholti. • Söguferðir Guðmundar Tyrfingssonar. • Mikill áhugi heimamanna á sögu svæðisins. • Heilsufæði í Sólheimum. • Fjöldi sundlauga og heitra potta. • Gufubaðið að Laugarvatni. • Mikill jarðhiti. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sagan lítt sýnileg nema á stærstu sögustöðunum. • Þjóðveldisbærinn líflítill • Staða mála að Stöng. • Engin stefna á sviði heilsuferðaþjónustu. • Opnunartími sundlauga. • Skortir tengingu við almenna heilsueflingu.

Menningarferðaþjónusta

Uppsveitamenn hafa frá upphafi verið með nótunum í menningarferðaþjónustu þar sem stefnan Gæði og Gestrisni 1998 lagði mikla áherslu á tengsl ferðaþjónustunnar við sögu og menningu. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Fjölmörg verkefni á sviði menningarferðaþjónustu hafa þegar verið unnin í uppsveitunum síðan stefnan kom út 1998 og margt er í farvatninu.

Lagt var til að komið yrði upp Hálendismiðstöð Fjalla-Eyvindar í Hrunamannahreppi. Það verkefni fór af stað á sínum tíma, hefur legið í láginni um skeið, en er nú að vakna aftur. Talað var um að átak yrði gert í Þjórsárdal varðandi merkingar og fræðslu um forna byggð. Þetta hefur verið til umræðu út frá ýmsum sjónarhornum og er verulegur skriður kominn á málið nú í framhaldi af þátttöku í Destination Viking Sagalands verkefninu og hugmyndum um gestastofu sem Guðmundur Jónsson vann fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Landsvirkjun. Þá var lagt til að fræðslumiðstöðvum yrði komið upp á Þingvöllum og við Geysi og eru þær nú orðnar að veruleika. Geysisstofa var byggð í beinu framhaldi af viðhorfskönnun meðal gesta á sínum tíma, sem óskuðu eftir meiri fræðslu.

Fræðsla í Þjóðgarðinum á Þingvöllum hefur stóraukist, þar er boðið upp á skipulagða dagskrá auk þess sem byggð hefur verið fræðslumiðstöð. Í Skálholti var einnig gert ráð fyrir aukinni fræðslu og þar er nú m.a. boðið upp á staðarskoðun ásamt þjóðlegum mat. Á Gömlu Borg var sögulegt hús frá 1929 gert upp og nýtt í ferðaþjónustu. Landsvirkjun

hefur opnað virkjanir og býður þar upp á fræðslu og menningarviðburði. Einstaklingar hafa unnið verkefni sem tengjast svæðinu s.s. umfangsmikil skráning þjóðsagna í bók Bjarna Harðarsonar og þjóðfræði kirkjustaða sem var verkefni þjóðfræðinema. Slíkt geta ferðaþjónustuaðilar nýtt sér.

Ráðstefnur og námskeið um þjóðlegan fróðleik hafa verið tíð á svæðinu að undanfögnu og má rekja tilurð þeirra að hluta til umræðu um menningarferðaþjónustu. Hér verða nefnd nokkur dæmi.



Fornleifauppgröftur í Skálholti sumarið 2003

Ljósmynd: RG

Átthagafræðinámskeið í Biskupstungum og Hrunamannahreppi. Námskeið um sögu og menningu svæðisins s.l. 1000 ár eða svo sett upp í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands og eru sambærileg námskeið í smíðum fyrir aðra hreppa. Slíkt gerir heimamenn meðvitaðri um eigið umhverfi og færari til að miðla áfram.

Ráðstefna um drauga, tröll og skrímsli. Þar komu fram færustu sérfræðingar á þessu sviði. Ráðstefna um menningarferðaþjónustu var einnig haldin.

Badstofukvöld á Flúðum. Vinsælar kvöldvökur þar sem fluttur er þjóðlegur fróðleikur í léttum dúr ásamt söng o.fl.

Heimahagagöngur og Þjóðlendugöngur ásamt fræðslugöngum á Þingvöllum eru dæmi um gönguferðir með leiðsögn heimamanna sem eru vinsælar og verið er að þróa. Einnig hefur biskupaleiðin frá Skálholti að Þingvöllum verið merkt, hugsanlega sem fyrsti áfangi í stærra verkefni um biskupaleiðir.

Heimsóknir í gróðurhús og garðyrkjustöðvar eru vinsæl afþreying. Gestum finnst gaman að kynna ylrækt, fræðast um jarðhitanotkun og ræktun.

Heimsóknir og uppákomur í virkjunum hafa notið vinsælda í Gnúpverjahreppi og Grímsnesi þ.e. að Búrfelli, Sultartanga og við Sogið og mörgum finnst merkilegt að kynna orkubúskap okkar.

Námskeiðið Fræðandi ferðaþjónusta. Þar var lögð áhersla á að gestgjafar miðluðu í auknu mæli fræðslu og upplýsingum um sitt nærumhverfi til gesta og veittu þeim persónulega og góða þjónustu. Víða mætti gera betur í að notfæra sér þá þjóðþekktu einstaklinga sem búið hafa á svæðinu. Má þar nefna ýmsa litríka persónuleika, afburðamenn, listamenn, presta, sérvitringa, útilegumenn o.fl.

Rík áhersla hefur verið lögð á fræðslu til heimamanna með það fyrir augum að þeir miðli henni áfram til gesta. Þá má með sanni segja að ferðaþjónustubændur hafi stundað menningar- ferðaþjónustu um árabíl. Leikrit, kórtónleikar og aðrar menningarsamkomur eru fjölmargar í félagsheimilum og á ferðaþjónustustöðum á svæðinu, jafnt sumar sem vetur, og eru þær jafnan fjölsóttar af heimamönnum og gestum.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru en af mörgu er að taka. Þrátt fyrir verulega vakningu eru uppsveitamenn aðeins að stíga sín fyrstu skref varðandi nýtingu á menningu sinni og sögu í ferðaþjónustu og geta margt lært af frændum og kollegum héraðs og erlendis

Heilsuferðaþjónusta

Ýmsir ferðaþjónustuaðilar í uppsveitunum tengjast heilsuferðaþjónustu á einn eða annan hátt, s.s. allir staðir sem bjóða upp á sundlaugar, gufuböð eða heita potta, gönguferðir og útivist, hvaða nafni sem hún nefnist. Hvergi á landinu eru jafn margir heitir pottar á afmörkuðu svæði og í uppsveitunum enda sjálfsagðir við sumarhús nú til dags. Þá er markvisst boðið upp á heilsufæði að Sólheimum og Kyrrðardögum í Skálholti er ætlað að auka andlega vellíðan og slökun á tímum sívaxandi hraða og spennu. Þar er ótvírætt um n.k. heilsuferðaþjónustu að ræða.

3.13.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Uppsveitirnar verði í fremstu röð á Íslandi í uppbyggingu og þróun menningarferðaþjónustu.
- Gera úttekt á möguleikum uppsveitanna í heilsuferðaþjónustu.
- Próa heilsuferðaþjónustu með áherslu á almenna heilsueflingu, vellíðan og bætt lífsgæði.

Ýmsir staðir í uppsveitunum að eiga góða möguleika á að þróa heilsuferðaþjónustu í meðferðaskyni vegna þess jarðhita sem þar er, s.s. Nesjavellir, Laugarvatn, Geysissvæðið, Flúðir og ýmsir fleiri staðir. Sjálfsagt er að skoða alla möguleika í þeim efnum en um leið að vanda til verka þannig að rekstrargrundvöllur sé tryggður.

Hér er mælt með því að uppsveitirnar einbeiti sér í fyrstu að því að efla heilsuferðaþjónustu með áherslu á almenna heilsustyrkingu í formi hreyfingar, hollustu í mataræði og andlegri slökun í sveitasælunni. Á sama tíma er mikilvægt að gera heildarúttekt á möguleikum svæðisins í heilsuferðaþjónustu, einnig þeim tækifærum er krefjast umtalsverðra fjárfestinga.

Nánar verður vikið að hugmyndum um stærra nýsköpunar- og þróunarverkefni í uppsveitunum á sviði menningarferðaþjónustu og heilsuferðaþjónustu í köflum 4.1-4.4.

3.14 Nýting hálandisins í ferðapjónustu og útivist

3.14.1 Skipulag hálandisins

Samkvæmt könnunum fara nú um 100 þúsund erlendir ferðamenn og 60-80 þúsund Íslendingar um hálandið árlega í a.m.k. 300 þúsund ferðum. Gistinætur ferðamanna á hálandinu má auk þess áætla 280-380 þúsund á ári. Aukin krafa er frá ferðamönnum um bætta þjónustu á völdum stöðum á hálandinu bæði hvað varðar verslun með helstu nauðsynjar og bætta gistiástöðu. Mörg vannýtt tækifæri í ferðapjónustu liggja í aukinni nýtingu hálandisins.

Skipulagsmál á hálandinu hafa lengi setið á hakanum og brýnt er að þar verði gerðar úrbætur. Aðalskipulag hefur verið unnið fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp, mestalla Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahrepp en verið er að vinna í aðalskipulagi fyrir Þingvallasveit og Hrunamannahrepp. Í þessari vinnu var/er þjónusta á hálandinu m.a. til skoðunar. Á hálandinu hefur deiliskipulag verið unnið fyrir Kerlingarfjöll og Tjaldafell (með undanþágum). Fannborg, rekstraraðilar í Kerlingarfjöllum, og Hrunamannahreppur hafa nú óskað eftir því við *Samvinnunefnd um skipulag hálandisins* að hún viðurkenni Kerlingarfjöll sem hálandismiðstöð en áður hafa Árbúðir og Hveravellir á Kjalvegi verið settar í þann flokk í *Skipulagi miðhálandisins til 2015*. Þar var Hólaskógur jafnfram skilgreindur sem jaðarmiðstöð.

Í ritinu „*Gildi hálandisins í útivist og ferðapjónustu til 2020*“ sem unnið var fyrir *Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma* eru þessi þjónustumál skoðuð í nokkuð öðru samhengi.³¹ Grundvallarhugsunin í þeirri útfærslu er að meginþjónusta fyrir hálandisfara verði veitt í svokölluðum jaðarsetrum sem í öllum tilvikum verði staðsett á láglandi, oftast skammt frá byggð, rétt við hálandisbrún. Í þeirri greinargerð var jafnframt lagt til að aðrir þjónustustaðir, sem eru þá ofan hálandisbrúnar, fengju heitin meginbúðir, svæðisbúðir (flokkur I og II) og áfangasel (göngu- og/eða reiðskálar). Voru fimm svæði á hálandinu sérstaklega skoðuð m.t.t. til framtíðargildis þeirra í ferðapjónustu og útivist til 2020 en ekki þó hálandi uppsveitanna. Vonir standa þó til að það verði gert í framhaldsvinnu við Rammaáætlun. Í greinargerðinni er lagt til jaðarsetur fyrir Torfajökulssvæðið rísi annað hvort í Þjórsárdal eða austan Þjórsár, t.d. í nágrenni Galtalækjar. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir hugmyndum sem settar eru fram í áður nefndri greinargerð um hálandishlið og jaðarsetur sem grunneiningu í þjónustunni og síðan skilgreiningu um aðbúnað á mismunandi þjónustustöðum á hálandinu.

Hálandishlið


Í áðurnefndri greinargerð er lagt til að við allar helstu innkomuleiðir á hálandið verði svo kölluð *hálandishlið*; áningarstaðir með bekkjum og borðum, fræðsluskilti með upplýsingum um helstu vegi og þjónustumiðstöðvar á hálandinu, auk korts með

³¹. Heimild: *Gildi hálandisins fyrir ferðapjónustu og útivist til 2020, Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar fyrir Orkustofun, 2003.*

nákvæmum upplýsingum um þjónustu og samgöngur á þeim hálendis hluta sem næstur er. Þar verði einnig leiðbeiningar um akstur á hálendinu, umgengisreglur og upplýsingar um fjarlægðir í næstu bensínstöð og verslun. Jafnframt verði við áningarstaðinn ruslagámar, einkum ætlaðir þeim sem eru að koma ofan af hálendinu. Þessir áningarstaðir þurfa að vera snyrtilegir og vel viðhaldið þannig að þeir endurspegli þau gæði sem felast í Miðhálendinu.

11. mynd

Hálendishlið



Gata ehf

Hugmynd um jaðarsetur


Jaðarsetur eru miðstöðvar, sérstaklega hannaðar til að þjónusta ferðamenn. Þær verði að jafnaði staðsettar í byggð nærri hálendisjaðri og við innkomuleiðir á Miðhálendið, þjóðvegi eða aðalfjallvegi. Jaðarsetur nýtast jafnframt heimamönnum og stuðla að nýjum atvinnutækifærum í dreifðum byggðum. Að verulegu leyti kostaðar af ríkisvaldinu en rekstur í höndum einkaaðila. Æskilegt að þar séu jafnframt gestastofur er kynni sögu og menningararf nágreinnisins. Sala á ýmsum nauðsynjum. Möguleikar á þjónustu allt árið. Ströngustu kröfur varðandi hreinlætisaðstöðu, meðferð sorps og frárennslis.

Þrátt fyrir aukna umræðu um ferðamennsku á hálendi Ísland og að árið 1999 hafi skipulag verið gefið út fyrir Miðhálendið sem gildir til ársins 2015 finnst ekkert sérhannað jaðarsetur á Íslandi né heldur meginbúðir eða svæðisbúðir ofan hálendisbrúnar. Gera þarf raunhæfa áætlun um uppbyggingu jaðarsetra og skoða möguleika á að ríkisvaldið komi þar að málum á einhvern hátt. Jaðarsetur þarf að vera á fallegum stað á láglandi, helst í byggð eða sem næst byggðu bóli, og nærri skoðunarverðum stöðum. Þannig verður mannhald hagkvæmara og nýtingartími mannvirkja lengri. Jafnframt þarf nágreinni setrana að þola verulega umferð ferðamanna, að undangengnu góðu skipulagi, s.s. uppsetningu fræðsluskilta, lagningu gönguleiða og göngustíga. Við jaðarsetur þarf að vera góð gisting, verslun, bensínsala, tjaldstæði, matsala, inniástaða

fyrir hópa og einstaklinga o.fl. Mjög æskilegt er að jarðhiti til baða sé á staðnum eða í nágrenninu (sundlaug, heitir pottar, gufubað), enda hefur slík þjónusta verulegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

12. mynd

Jaðarsetur, þrívíddarteikning






Eitt helsta hlutverk jaðarsetra er að fræða ferðamenn um hálendið frá ýmsum hliðum:

- Akstur á hálendinu, mismunandi akstursleiðir og vöð (fólksbílar, óbreyttir jeppar, breyttir jeppar).
- Umgengniskröfur.
- Ferðaþjónustu á hálendinu (hreinlætisadstöðu, gistingu, veitingar, eldsneyti, afþreyingu)
- Friðlönd, verndarsvæði og hlutverk landvarða.
- Menningarminjar, sögur, sagnir og persónur er hálendinu tengjast.
- Einstaka staðir og náttúruperlur.
- Fræðslustíga, skemmri og lengri gönguleiðir, reiðleiðir o.fl.

Í jaðarsetrum ætti jafnframt að vera gott úrval bæklinga, fræðibækur og annað lesefni um hálendi Íslands. Þar væri jafnframt aðstaða til að bjóða upp á dagsferðir eða jafnvel lengri ferðir um jaðar hálendisins og inn á það. Þannig væri boðið upp á gönguferðir og aðrar heilsueflandi ferðir, þ.m.t. náttúruböð, skoðunarferðir, hestaferðir, jeppaferðir og aðra afþreyingu. Jaðarsetur gætu verið á 6-8 stöðum við jaðar Miðhálendisins. Hins vegar verði einungis tvær meginbúðir á hálendinum, þ.e. við Kjalveg og Sprengisandleið, en skálabúðir allvíða auk margra áfangaselja (gönguskála) og einfaldra tjaldstæða. Á sama hátt eru settar fram hugmyndir í skýrslunni um þjónustustaði á hálendinu, þ.e. meginbúðir, svæðisbúðir I og II og áfangasel (Gildi hálendisins... til 2020, bls. 64-67).

15. tafla sýnir tillögur um aðbúnað fyrir ferðamenn á jaðarsetrum, í meginbúðum, svæðis-búðum og áfangaseljum.³²

15. tafla Tillögur um aðbúnað á mismunandi þjónustustöðum ferðamanna á hálendinu og við jaðar þess

ÞJÓNUSTA		Jaðar- setur	Megin- búðir	Svæðis- búðir	Áfanga- sel	
Vegasamband	Við aðalfjallvegi					
	Við fjallvegi					
	Við aðra fjallvegi					
	Án vegasambands					
Gistiaðstaða	Hótel/gott gistiheimili					
	Einföld gistiheimili					
	Stærri skálar					
	Minni skálar					
	Tjaldsvæði					
Verslun og þjónusta	Veitingar					
	Verslun					
	Bensín					
	Eftirlit og fræðsla					
	Skipulagðar ferðir					
Þjónustutími	Vor					
	Sumar					
	Haust					
	Vetur					
Fjöldi húsa	Að jafnaði nokkur					
	Að jafnaði eitt					
Oftast:			Stundum:		Sjaldnast:	

Þannig er gert ráð fyrir því að jaðarsetur, meginbúðir og svæðisbúðir verði upplýsinga- og fræðslumiðstöðvar hálendisins þar sem starfsemi jaðarsetra vegi þyngst. Æskilegt er að setja ákveðin viðmið um útlit og samræmi þjónustubygginga á hálendinu, finna hinn þjóðlega íslenska stíl þar sem það á við en e.t.v. nútímalegri hönnun á svæðum þar sem byggingararfur er fábreyttari. Til dæmis mætti víða nota hleðslur og fyrirmyndir frá gangnamannakofum og öðrum þjóðlegum byggingum (sbr. 9. mynd).

³². Þessi tafla er útfærsla skýrsluhöfundar á töflu Landmótunar í greinargerðinni, „Miðhálendi Íslands, svæðisskipulag 2015.“ Unnið fyrir Umhverfissráðuneytið og Skipulagsstofnun, maí 1999, bls. 81.

3.14.2 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Mörg sérstæð náttúruvafyrirbrigði s.s. Laxárgljúfur, Kerlingarfjöll, Langjökull, Jarlhetur, Skjaldbreið og Brúarárkórð. Þjónusta í Kerlingarfjöllum. Friðlandið í Þjorsárverum. Umferð um Kjalveg. 	<ul style="list-style-type: none"> Skipulag ófullnægjandi. Fjallaskálum víða ábótavant. Hálendi uppsveitanna er vannýtt auðlind í ferðþjónustu og útiivist.

Hálendi uppsveitanna er afar víðáttumikið og nær að miðju hálendisins frá Kaldadal og suðvesturhorni Langjökuls í vestri að suðausturhorni Hofsjökuls í austri. Þannig eru a.m.k. 70% af landsvæði uppsveitanna á hálendinu. Víða hefur þetta svæði mikla möguleika til þróunar í ferðþjónustu. Kjalvegur er fjölfarnasti hálendisvegurinn og er



Á Kjalvegi við Hvítá

Ljósmynd: Viktor Arnar Ingólfsson

átlað nú fari um hann 50-65 þúsund manns árlega í talsvert fleiri ferðum. Ef áfram verður haldið að meta gildi einstakra hálendissvæða í Rammaáætlun, s.s. svæðið í nágrenni Kjalvegur er augljóst að gert yrði ráð fyrir jaðarsetri í uppsveitunum skammt frá innkomu á Kjalveg. Með betri upplýsingagjöf um hálendið við Geysisstofu má skilgreina hana sem jaðarsetur.

Auk jaðarmiðstöðvar í Hólaskógi og hálendismiðstöðvar (meginbúða) í Árbúðum eru samkvæmt hálendisskipulaginu 2015 eftirtalin *skálasvæði* á hálendi uppsveitanna: Svínárnes, Kerlingarfjöll (10 hús), Gljúfurleit, Hagavatn (gönguskáli FÍ) og Tjaldafell (10-15 hús í einkaeigu). Þá eru þar eftirfarandi staðir skilgreindir sem *fjallasel*: Bjarnalækjarbotnar, Sultarfit, Klettur, Hallarmúli, Helgaskáli, Leppistungur, Fremstaver, Svartárbotnar. Eftirtaldi staðir á svæðinu eru skilgreindir sem *skálar*: Klakkskáli, Setrið (í einkaeign), Þjófadali (gönguskáli FÍ), Þverbrekknámúli (gönguskáli FÍ). Hvítárnes, (sæluhús FÍ), Hlöðuvellir (skáli FÍ og Laugdæla). Þá eru eftirtaldir staðir skilgreindir sem *önnur mannvirki*: Geldingarás við Þjorsá, Sóleyjarhöfði í Þjorsárverum, Tjarnarver í Þjorsárverum, Nautalda í Þjorsárverum, Skeiðamannafit Gnúpverjafrétti, Frægðarver og Rokshólar á Hrunamannafrétti, Baldurshagi við Hvítárvatn (í einkaeign), Sandá við Hvítá, Brekknafjöll (í einkaeigu, Dalbúð við Skjaldbreið, Lambahlíðar við Skjaldbreið, Skersli við Þórisjökul (í einkaeigu), Gatfell, Kerling við Skjaldbreið. Alls er því um að ræða íverustaði á nær 40 stöðum á hálendi uppsveitanna og þar allvíða hesthús og gerði.

3.14.3 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Jaðarsetur verði á 1-2 stöðum í uppsveitunum í tengslum við umferð um hálendið (Kjalveg og Sprengisandsleið).
- Að Kerlingarfjöll verði viðurkennd sem hálendismiðstöð (meginbúdir) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og endurbótum.
- Kortleggja gönguleiðir á hálendinu vestan Hvítár.
- Þjóða í auknum mæli upp á dagsferðir um hálendi uppsveitanna.
- Endurbæta skála á svæðinu og byggja nýja.

Frekari nýting hálendisins

Miklir vannýttir möguleikar eru á afrétti og hálendi uppsveitanna. Þar má nefna Þjórsárver, Kerlingarfjöll, svæðið í vesturjaðri Langjökuls (Jarlhettur, Hvítárvatn o.fl.), sunnan Langjökuls og á afrétti Biskupstungna. Auk þess hafa jöklarnir sjálfir mikið aðdráttarafl. Víða eru náttúruperlur þar sem fáir koma en gætu orðið vinsælar, má þar nefna Búarárskörð og Laxárgljúfur. Einkum er það hagsmunamál ferðaþjónustu í uppsveitum að fólk fari í dagsferðir á hálendið en notfæri sér gistingu og aðra þjónustu í byggð þess á milli. Fyrir þá sem kjósa að dvelja á hálendinu er mikilvægt að aðbúnaður sé góður og snyrtimennska í hávegum höfð hvar svo sem gisting er í boði.

Talsvert er um ferðir um hálendi hreppanna. Þá ganga allmargir meðfram ofanverðri Þjórsá til að virða fyrir sér fossana þar og fallega náttúru. Aðgengi að þeim hefur batnað til muna eftir að brú kom yfir Tungnaá við Hald vegna fyrirhugaðrar Búðarháls-virkjunar. Þá eru Þjórsárver náttúruperla á heimsvísu. Þaðan liggur skemmtileg leið yfir í Kerlingarfjöll sem gæti orðið vinsæl. Afar skemmtileg gönguleið liggur úr byggð í uppsveitunum meðfram Svínahrauni og Jarlhettum, um Skálpanes, Hvítárvatn, Leggjarbrjót og Þjófadali að Hveravöllum. Þetta er 4-5 daga gönguleið sem má stytta með því að hefja gönguna út frá línuveginum, t.d. við Fagradalsfjall. Ýmsir aðrir möguleikar eru á að nýta lengri gönguleiðir á hálendi uppsveitanna til aukinnar útivistar og ferðaþjónustu. Er mikilvægt að skoða þá möguleika ofan í kjölinn.

Endurbætur á gistingu

Ástand íverustaða á hálendi uppsveitanna er afar misjafnt. Mikilvægt er að gera umtalsverðar endurbætur víða ef raunhæft á að vera að auka þar ferðamannastraum. Skipulagi á þessu sviði hefur verið ábótavant en þau mál horfa nú til betri vegar. Skilgreina þarf stefnuna í ferðamálum á hálendi uppsveitanna og endurbæta skála og íverustaði í takt við það. Eins þarf að skoða vel hverjir eiga að reka viðkomandi þjónustustaði, s.s. sveitarfélög, útivistarfélög eða einkaaðilar. Aðalatriðið er að vel sé staðið að málum og á sjálfbæran hátt, þannig að hvort tveggja geti farið saman, auknar tekjur af hálendinu fyrir ferðaþjónustu og verndun viðkvæmrar náttúru.

4.0 Stöðumat og aðgerðir eftir hreppum

Í þessum kafla verður fjallað sérstaklega um hreppana fjóra í uppsveitum Árnassýslu, sérkenni hvers um sig, og hvernig sú sérstaða getur skotið fleiri og styrkari stöðum undir öfluga ferðaþjónustu á svæðinu. Lögð er áhersla á að fjalla um staðbundnar nýjungar við að efla ferðaþjónustu þar.

4.1 Grímsnes- og Grafningshreppur

4.1.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Mikil sumarhúsabyggð. • Helsta innkomuleið í uppsveitirnar liggur þar um. • Gestastofa Nesjavöllum (jarðhiti). • Úlfljótavatn (miðstöð skáta). • Sólheimar (vistvænt). • Gamla Borg. • Kerið. • Útivistar- og göngumöguleikar. • Gönguleiðir um Hengilssvæðið. 	<ul style="list-style-type: none"> • Takmörkuð þjónusta. • Fábreytt afþreying. • Mikið gegnumstreymi ferðamanna.

Íbúar í Grímsnes- og Grafningshreppi voru um 360 í árslok 2002. Helsti styrkleiki Grímsnes- og Grafningshrepps er mikill fjöldi sumarhúsa en þau eru nú nálægt 1900, um helmingur af öllum sumarhúsum í uppsveitunum. Þá liggur helsta innkomuleið í uppsveitirnar um Grímsnesið og þaðan um Kjalveg, þannig að gegnumstreymi ferðamanna er mjög mikið. Þeir staðir á hreppnum sem helst draga að sér ferðamenn er gosgígurinn Kerið og jarðgufuvirkjunin á Nesjavöllum. Þá koma einnig margir að Úlfljótavatni, Sólheimum og Sogsvirkjunum. Miklir göngu- og útivistarmöguleikar eru í hreppnum sem hafa ekki verið vel kortlagðir fyrir utan góða gönguleiðauppbyggingu Orkuveitu Reykjavíkur á Hengilssvæðinu. Helsti veikleiki ferðaþjónustu í Grímsnes- og Grafningshreppi er takmörkuð þjónusta við ferðamenn og skipulög afþreying fábreytt.

Ýmislegt sem til framfara horfir í ferðamálum hefur átt sér stað í Grímsnes- og Grafningshreppi frá stefnumótuninni 1998. M.a. hefur Gamla Borg gengið í endurnýjun lífdaganna og þar er nú rekið veitinga- og kaffihús. Jafnframt hefur aðdráttarafli Sólheima fyrir ferðamenn vaxið með Sesseljuhúsi og því vistvæna og fjölbreytilega samfélagi sem þar þrífst. Landsvirkjun hefur fengið listamenn til að vera með sýningar í Ljósafossstöðvunum sem hafa verið ágætlega sóttar. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur

verið með opna daga á Nesjavöllum og jafnframt hefur verið boðið upp á gönguferðir frá Nesbúð.

4.1.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Þjónustumiðstöð á Borg.
- Aukin þjónusta við ferðamenn að Nesjavöllum.
- Ýta undir frekari útivist sumarhúsafólks og ferðamanna.

Matvöruverslun og þjónustumiðstöð að Borg

Borg í Grímsnesi er miðsvæðis á helsta ferðaþjónustusvæðinu í uppsveitunum, einkum ef tekið er mið af sumarhúsabyggingum á svæðinu. Yfir sumartímann gista mörg þúsund ferðamenn í uppsveitunum, jafnvel tugir þúsunda þegar best lætur, og til viðbótar fer mikill fjöldi fólks þar um án þess að gista. Gamla Borg er nú vistlegt kaffihús, eins og áður var nefnt, með aðstöðu til minni skemmtana og samkomuhalds. Verslun og eldsneytissala er einnig á Borg en aðstaða er þar fremur frumstæð. Lagt er til að myndarleg matvöruverslun og þjónustumiðstöð rísi að Borg og að við hönnun hennar verði fullt tillit tekið til útlits Gömlu Borgar. Í þjónustumiðstöðinni verði þörfum barna sinnt með leiktækjum og annarri afþreyingu. Við Borg eru einkaaðilar með áform um góðan golfvöll og fjölda sumarhúsa. Ef af verður myndi sú uppbygging falla vel að þjónustumiðstöðinni á Borg.



Blómleg viðskipti í þjónustumiðstöðinni á Borg



Við Kerið í Grímsnesi

Ljósmynd: RG

Áður hefur verið áætlað að gistinætur í uppsveitunum séu á bilinu 7-800 þúsund á ári. Það þýðir því að jafnaði að um 2.000 ferðamenn gisti þar að jafnaði allan ársins hring auk um 2.500 íbúa uppsveitanna. Mun færri ferðamenn gista að jafnaði yfir vetrartímann en að sama skapi má áætla að yfir sumartímann dvelji að jafnaði 5-6000 ferða-

menn í uppsveitunum eða 7-8000 manns að íbúum meðtöldum, þ.e. mun fleiri en eru búsettir í Árborg (um 6000 manns) eða á Akranesi (um 5500 manns). Þrátt fyrir þennan mikla fjölda fólks er engin stór matvöruverslun eða verslunarkjarni í uppsveitunum. Hví skyldi slíkt ekki vera mögulegt í uppsveitunum þó sveiflur í "íbúafjölda" séu meiri þar?

Með góðri þjónustumiðstöð að Borg myndi jafnframt fylgja góð upplýsingaþjónusta, enda væri Borg fyrsta stopp fyrir marga sem ætluðu sér að upplífa uppsveitirnar. Eins og staðan er í dag leita íbúar, sumarhúsaeygendur og aðrir gestir mikið niður á Selfoss til matvörukaupa eða koma með mestallan mat með sér úr stórverslunum á höfðuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að matvöruverslunin Borg yrði samkeppnishæf við stórmarkaðina í verðlagi. Þjónustumiðstöð að Borg myndi jafnframt styrkja rekstrargrundvöll kaffi- og veitingahússins í Gömlu Borg.

Aukin ferðaþjónusta að Nesjavöllum

Í könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) unnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur meðal ferðamanna á Nesjavöllum sumarið 2001 komu fram ýmsar ábendingar um bættu þjónustu fyrir ferðamenn, m.a. um betri veitinga- og baðaðstöðu. Þróun baðaðstöðu er vandmeðfarin þar sökum afrennslismála (þjóðgarðurinn) en þó ætti takmörkuð uppbygging að vera vel raunhæf. Á vegum Orkuveitu Reykjavíkur hefur frekari uppbygging ferðaþjónustu verið til skoðunar en þannig að einkaaðilar sæju um rekstur. T.d. hafa komið upp hugmyndir um golfvöll sem jafnvel gæti verið upphitaður.

Gönguleiðir- og gönguleiðakort

Fjöldmargir spennandi gönguleiðamöguleikar eru í Grímsnes-og Grafningshreppi sem þarf að kortleggja og suma þeirra mætti stika. Skynsamlegast kann að vera að byrja þar sem gönguleiðum og gönguleiðakortum um Hengilinn sleppir og halda áfram út frá þeim niður á láglandið þannig að úr verði heildstætt net gönguleiða og gönguleiðakorta.

4.2 Bláskógabyggð

4.2.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Margir helstu ferðamannastaðir landsins: Þingvellir, Gullfoss, Geysir Skálholt, Laugarvatn. • Mikið sumarhúsavæði. • Jarðhiti víða. • Ylrækt. • Dýragarðurinn í Slakka. • Geysisstofa. • Fræðslustofa á Þingvöllum. • Pollengi - fuglafriðland. 	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingaþjónusta. • Takmörkuð skipulögð affreyning. • Sagan ekki næglega sýnileg.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð varð til við sameiningu Þigvallasveitar, Laugardalshrepps og Biskupstungnahrepps og voru íbúar þar um 890 í árslok 2002. Bláskógabyggð er ótvírætt helsta ferðamannasvæði landsins enda skartar það þremur mest heimsóttu náttúruperlum Íslands: Þingvöllum, Gullfossi og Geysi. Þá kemur einnig mikill fjöldi fólks að Laugarvatni og Skálholti. Þá eru þar nú yfir 1500 sumarhús, um 40% af öllum bústöðum í uppsveitunum, auk nær 200 fastra hjólhýsa. Laugarvatn er helsti þéttbýlisstaður í Bláskógabyggð en einnig eru þéttbýliskjarnar í Laugarási og Reykholti. Jarðhiti er víða í Bláskógabyggð og hálendi sveitarfélagsins er víðfemt.

Frá gerð stefnumótunarinnar árið 1998 hefur Geysisstofa hafið starfsemi og einnig fræðslumiðstöðin á Þingvöllum. Þá hefur starfsemi dýragarðsins Slakka í Laugarási aukist umtalsvert. Fornleifauppgreftir á Þingvöllum en þó einkum í Skálholti hafa vakið athygli og verður þeim fram haldið með stuðningi frá Kristnihátíðarsjóði. Verulegar endurbætur hafa verið gerðar á aðkomunni að Gullfossi og þar er nú einnig hægt að njóta veitinga og kaupa minjagripa í myndarlegum húsakynnum. Þá hafa kyrrðardagar í Skálholti hlotið verðskuldaða athygli og er nú svo komið að þar er boðið upp á kyrrðardaga (tvo til þrjá daga í senn) í 14 skipti í Skálholti frá október 2003 til maí 2004. Í Skálholti er einnig í boði miðaldakvöldverður í anda Þorláks helga (1178-1193) og 17. aldar kvöldverður sem m.a. dregur dóm af mataruppskriftum frá þeim tíma. Nýtt kaffihús, Kaffi Klettur í Reykholti hóf starfsemi nýlega. Ferðaþjónustunni á Geysi vex stöðugt um hrygg og þá hafa margir gistiþjónustuaðilar stækkað við sig og nýir bændur hópinn. Þannig hefur mikil sókn einkennt ferðaþjónustu í Bláskógabyggð síðustu árin.

4.2.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Endurbætt gufubað á Laugarvatni.
- Þingvellir á heimsminjaskrá UNESCO.
- Skálholt fái sérstakt hlutverk sem menningarmiðstöð Suðurlands.
- Kóngrsvægur endurvígður 2007.
- Gullfoss verði upplýstur.
- Nýr Gjábakkavegur.

Þingvellir á heimsminjaskrá UNESCO



Þingvellir

Ljósmynd: Einar Sæmundsen

Samningurinn um verndun menningar- og náttúruminja heimsins er alþjóðlegt samkomulag sem gert var á þingi UNESCO árið 1972. Það grundvallast á þeirri forsendu að ákveðnir staðir á jörðinni hafi sérstakt alþjóðlegt gildi og eigi sem slíkir að tilheyra sameiginlegri arfleifð mannkynsins. Samningurinn er einstakur að því leyti að í honum eru náttúruvernd og friðun menningarminja tengd saman í einu skjali. Nú hafa

Þingvellir sótt um að komast á heimsminjaskrá UNESCO. Ef það tekst er ljóst að það getur orðið veruleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustu í uppsveitunum.

Skálholt - menningarmiðstöð

Skálholt var um aldir bæði hin andlega og veraldlega miðstöð Íslands. Þá er Skálholt nútímans vagma kirkjulegrar tónlistarhefðar á Íslandi. Hafin er vinna að undirbúningi menningarstefnu fyrir Suðurland og gerð samnings milli sveitarfélaga á Suðurlandi og ríkisins. Í þeirri vinnu hefur komið fram að ýmsir líta á Skálholt sem helsta styrkleika á sviði menningarmála í Árnessýslu.

Eins og að framan var getið er saga Skálholts samofin sögu íslensku þjóðarinnar frá kristnitöku til okkar tíma. Þar er því geysilega mikil saga sem má miðla og á erindi við nútímamanninn. Þá var Skálholt í miklum erlendum samskiptum um aldir, eins og m.a. nöfn og saga nokkurra biskupa bera vott um (danskir, norskir, þýskir, hollenskir, enskir) sem er til þess fallin að vekja áhuga erlendra ferðamanna. Byggingarsaga Skálholtskirkna, sem ekki hafa færri verið en 10, er afar merkileg o.s.frv.. Fornleifauppgröftur

undanfarin sumur hefur varpað enn skýrara ljósi á sögu staðarins og hefur þeim fróðleik verið miðlað til gesta. Það er spennandi að huga að fjölbreyttri fræðslu fyrir gesti og gangandi í Skálholti þar sem þessari miklu sögu væri miðlað á áhugaverðan og lifandi hátt. Ýmislegt hefur áunnist þar á undanförunum árum en sóknarfærin eru enn fjölmörg.

Kónsvegur endurvígður 2007

Í tengslum við umræðu um endurbætur á reiðvegum hefur verið rætt um það sem sérverkefni að endurbæta Kónsveginn sem lagður var frá Þingvöllum til Geysis vegna komu Friðriks VIII til Íslands árið 1907. Hugmyndin er sú að gera það að sérverkefni til 3-4 ára sem lyki með endurvígslu Kónsvegarins með pompi og prakt sumarið 2007, á




Lagning Kónsvegar árið 1907 var mikið þrekvirki og dýrt

aldarafmæli vegarins, sem á sínum tíma kostaði nær 30% af árlegum útgjöldum ríkissjóðs (þá landssjóðs). Útbúinn var sérstakur vagn fyrir kónginn en hann kaus að ferðast á hestbaki. Kamar konungs var hins vegar fluttur á vagni. Með konungi var um 200 manna fylgdarlið, þar á meðal Haraldur prins, ýmsir danskir embættismenn, Hannes Hafstein ráðherra og margir íslenskir þingmenn. Kóngurinn fór víðar um uppsveitirnar og ferðin öll tók sjö daga og var vel veitt í mat og drykk. Hugsanlega má koma Kónsveginum í stofnbraut reiðvega. Lagt er til að við endurvígslu Kónsvegarins verði haldin vegleg afmælishátíð, e.t.v. með komu fólks úr dönsku konungsfjölskyldunni. Í þetta verkefni má hugsanlega fá styrki frá hinu opinbera og úr norrænum samstarfs- og menningasjóðum.

Einar Jónsson myndhöggvari gerði á sínum tíma frummynd af stytta af konunginum á hestbaki. Mögulega má vígja hana á Geysi þar sem nú eru fyrir konungssteinar til minningar um þá dönsku konunga sem þangað hafa komið. Við veginn þurfa síðan að vera snyrtilegir áningarstaðir og fræðsluskilti um sögustaði, náttúru og dýralíf á leiðinni.

Gufubaðið á Laugarvatni

Hið náttúrulega gufubaði á Laugarvatni hefur lengi notið mikilla vinsælda. Það er nú komið til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Því hafa *Hollovinasamtök gufubaðs og smíðahúss* ákveðið að ráðast í umfangsmiklar endurbætur á starfsemi þess og nánasta umhverfi. Má búast við að nýtt og glæsilegt gufubaði á Laugarvatni og útiðstaðan sem þar er fyrirhuguð verði mikil lyftistöng ferðaþjónustu á Laugarvatni og í uppsveitunum.



Allur er varinn góður. Í gufubaðinu á Laugarvatni fyrir breytingu

Jaðarsetur og endurbætur á hverasvæðinu við Geysi

Í greinargerðinni *Gildi hálandisins fyrir ferðaþjónustu og útiivist til 2020* er lagt til að sérhönnuð jaðarsetur neðan hálandisbrúnar verðir skipulögð nærri helstu innkomuleiðum á hálendið. Segja má að Geysir þjóni nú að ýmsu leyti sem jaðarsetur fyrir ferðamenn sem eru á leið upp á Kjalveg og einnig um línuveginn frá Hvítá að Kaldadal. Nokkuð vantar þó á að þjónustan á Geysi uppfylli þær kröfur sem gera þarf til jaðarseturs samkvæmt skilgreiningu þar að lútandi. Einkum skortir meiri upplýsingagjöf um hálendið, þannig að þar verði nokkurskonar gestastofa um vestanvert hálendið.

Hverasvæðið við Geysi liggur undir skemmdum vegna ágangs ferðamanna. Hafa framkvæmdir þar tafist úr hófi þrátt fyrir góðan vilja vegna flókinna aðstæðna varðandi

eignarhald á svæðinu og fjárskorts náttúruverndaryfirvalda. Er það kaldhæðnislegt í ljósi þess hve miklar gjaldeyristekjur Geysir og hverasvæðið í nágrenni hans dregur í þjóðarþú Íslendinga. Mikilvægt er að öll stígagerð falli vel að svæðinu og verði hönnuð með það að leiðarljósi að forða skemmdum, s.s. á hverahrúðri. Fá þarf færustu



Hugmynd um tengingu Geysisstofu og hverasvæðis

Höf.; Guðm. Jónsson

skipulagsfræðinga til að koma að málum en einnig þarf að gera sögu svæðisins skil og tengja hana á markvissan hátt fræðslunni innandyra í Geysisstofu. Eigendur hennar eru nú með stórhuga áætlun um að gera göng undir þjóðveginn og upp á hverasvæðið, þar sem jafnframt væri hægt að koma við meiri fræðslu um svæðið.

Gullfoss í kastljósum

Nú eru uppi hugmyndir um að koma upp lýsingu við Gullfoss þannig að fossinn verði upplýstur þegar dimmt er orðið. Er þetta nýstárleg og spennandi hugmynd sem getur m.a. aukið aðdráttarafl Gullfoss og uppsveitanna utan sumartíma.



Gullfoss í kastljósi dagsbirtunnar

Ljósmynd: Salik Hard

4.3 Hrunamannahreppur

4.3.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Flúðir (fjölskylduvænt). • Hótel Flúðir. • Ræktun (sveppir, rósir, jarðarber). • Jarðhiti. • Ylrækt. • Hestafyrirtæki. • Sögustaðurinn Hrúni • Kerlingarfjöll. • Laxárgljúfur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lítil afþreying. • Engin upplýsingaþjónusta. • Fremur fáir erlendir ferðamenn. • Tjaldstæðið of lítið • Sundlaugin barn síns tíma. • Vantar að gera söguna sýnilegri.

Íbúar Hrunamannahrepps eru nú um 750 og hefur þeim fjölgað verulega umfram landsmeðaltal á síðustu árum og voru þeir t.a.m. innan við 600 árið 1998. Sveitarfélagið nær inn á hálendi Íslands inn fyrir Kerlingarfjöll allt að Hofsjökli. Byggðin er öll í suður- og vesturhluta sveitarfélagsins og er þar nokkuð þéttbýlt og eru Flúðir eini þéttbýlisstaður í hreppnum. Á Flúðum hefur byggst upp allfjölbreytt atvinnustarfsemi, s.s. límtrés-verksmiðja, svepparækt, jarðarberjarækt, rósarækt og önnur ylrækt er byggir að drjúgum hluta á nýtingu jarðvarmans sem þar hefur verið nýttur í aldanna rás eins og eftirfarandi tilvitnun ber með sér.

Matur var að sjálfsgöðu soðinn í hverunum. Ég var alinn upp við það fram á fullorðins ár að fara með mat á hver til suðu, einkum þann sem þurfti langa suðu. Það þurfti t.d. að fara með hrossakjöt af gamalhesti snemma að morgni ef það átti að vera soðið um hádegi. Kartöflunum var svo brugðið ofan í um hálf tólf og svo hélt maður á þessu með sér heim þegar farið var í mat. Þá var brauð einnig bakað í hver. Stundum kom fólk langt að með brauðfötu sem var látin í hver og síðan sótt sólarhring síðar eða svo. Það hefur sjálfsgagt verið ágæt tilbreyting fyrir fólk að fá seytt hverabrauð annað slagið. Okkur, sem ólumst upp við þetta sem daglegan kost, þótti nú ekki mikið til þess koma.

(tilvitnun í grein Kjartans Helgasonar)

Flúðir eru vinsælasti ferðamannastaður í Hrunamannahreppi og tjaldstæðið Álfaskeið við Syðra-Langholt er einnig vinsælt en þar er einnig rekin öflug hestaleiga og ferðaþjónusta. Hótel Flúðir hefur verið endurbyggt og er hið glæsilegasta. Minjasafnið á Gröf er athyglisvert en þarf bætt húsnæði. Þá eru rúmlega 200 sumarhús í Hrunamannahreppi. Sögustaðurinn Hrúni hefur talsvert aðdráttarafl fyrir ferðamenn, einkum þá söguþyrstu. Á hálendinu eru Kerlingarfjöll vinsæl og þar hefur mikil uppbygging átt sér stað frá því að ferðaþjónusta hófst þar með byggingu skála Ferðafélags Íslands árið 1937-38. Árið 1963 hóf skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum starfsemi sína en nú er þar lögð áhersla á gönguferðir og útivist sökum breyttra snjóalaga á sumrin. Í Kerlingarfjöllum er gistirými fyrir allt að 100 manns í 10 húsum.

4.3.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Reisa Fjalla-Eyvindarsetur að Flúðum.
- Halda Jarðarberjadaga, hátíð er tengist framleiðslu í Hrunamannahreppi.
- Endurbæta tjaldstæði og sundlaug á Flúðum.
- Að Kerlingarfjöll verði viðurkennd sem hálandismiðstöð (meginbúðir).

Fjalla-Eyvindar setur

Hinn frægi útlagi Fjalla-Eyvindur var fæddur árið 1714 og uppalinn á Hlíð í Hrunamannahreppi. Í stefnumótuninni árið 1998 voru settar fram hugmyndir um að þar í nágrenninu risi svonefnd Hálandismiðstöð Fjalla-Eyvindar. Var þar vísað til þess að árið



Fjalla-Eyvindur og Halla hæstánægð með nýju miðstöðina

1774 kom fram hugmynd um að Fjalla-Eyvindur yrði gerður að leiðsögumanni hálandisins enda þar flestum leiðum kunnungur. Hálandismiðstöðinni til stuðnings voru lagðar fram frumtillögur Arinbjörns Vilhjálmssonar arkitekts (núverandi skipulagsfulltrúa uppsveitanna) um útlit hennar og voru þær sóttar í skútagerð Fjalla-Eyvindar sjálfs. Þrátt fyrir að það liggi beinast við að fræðsla um Kjöl og vesturhálandið verði á Geysi þá er ekkert sem mælir á móti því að í Fjalla-Eyvindarsetri verði hálandinu gerð skil í gegnum einstæða sögu Fjalla-Eyvindar og Höllu. Í ljósi verulegra fjármuna sem lagðir hafa verið í uppbyggingu menningarferðaþjónustu víða um land að undanfögnu, m.a. ýmiss konar sýningar og miðstöðvar, eru heimamenn í Hrunamannahreppi og

áhugaaðilar hvattir til að hugsa nokkuð stórt í þessum efnum og með það í huga að líkur benda til að innan tveggja áratuga verði ferðamenn til Íslands orðnir ein milljón talsins. Nýstárlega hönnuð bygging dregur að í sjálfu sér. Ef af nýbyggingu verður er sjálfsagt að hún verði fjölnota og geti um leið gegnt hlutverki sem menningarhús heimamanna. Þá er sögufnið um Fjalla-Eyvind og Höllu sterkt og sammannlegt. Þá mætti þar einnig gera skil öðrum útilegumönnum og sauðabjófum. Fjalla-Eyvindar setur á vel heima sem liður í því að uppýsa ferðamenn um liðinn tíma, dómskerfi fortíðar, lífsbaráttu einstaklinganna, þrautseigju og aðlögunarhæfni.

Jarðarberjadagar

Á samráðsfundi sem haldinn var á Efra-Seli kom fram áhugi heimamanna á að tengja hátíðahöld/viðburði á svæðinu m.a. við þá matvælaframleiðslu sem þar fer fram, s.s. sveppi og jarðarber. Nú er það svo að jarðarber hafa líklega jákvæða ímynd hjá flestum. Því er lagt til að haldnir verði svokallaðir *Jarðarberjadagar* á Flúðum, þeir gætu verið frekari útfærsla á *Iðandi dögum* en það nafn virðist a.m.k. ekki enn sem komið er hafa náð til fjöldans. Í kringum jarðarberin má spinna rómantík (ekki síst ef Flúðarósir koma í tillegg), hollustu umræðu (sbr. Latibær), persónu (Júlla jarðarber) og leiki fyrir börnin. Bjóða má upp á jarðarberjaís, -shake, -kökur, -sósar o.s.frv. Erlendis eru t.a.m. haldnar hátíðir til heiðurs tómtum o.fl.

Nýtt tjaldsvæði og sundlaugagarður

Kannanir sýna að mikill fjöldi Íslendinga kemur að Flúðum, einkum fjölskyldufólk, en þeir sem gista dvelja fremur stutt. Mikilvægt er að halda ferðamönnum lengur á svæðinu. Ein af forsendum þess er að fyrsta flokks tjaldsvæði sé á Flúðum. Þá er sundlaugin lítil.

Lagt er til að skoðað verði í samhengi að finna tjaldstæðinu og sundlauginni nýjan stað þar sem ráðist yrði í metnaðarfulla uppbyggingu. Þannig myndaði tjaldsvæðið, ný sundlaug og sundlaugagarður (afþreyingargarður) eina heild og þar yrði fyrsta flokks aðstaða fyrir fjölskyldufólk og aðra ferðamenn. Sundlaugardurinn yrði auk þess hugsaður sem aðdráttarafl allt árið.



Dúkkuleikur í heita pottinum Ljósni: RG

Kerlingarfjöll

Rekstraraðilar í Kerlingarfjöllum hafa óskað eftir því að staðurinn fá stöðu hálendis-miðstöðvar (meginbúða) í skipulagi miðhálendisins. Margt bendir til þess að svo geti orðið og yrði það lyftistöng fyrir starfsemina þar.

Hruni

Saga Hruna er mjög merkileg og full ástæða til að gera henni betri skil en nú er gert. Þar bjuggu margir höfðingjar til forna, þar á meðal Gissur jarl Þorvaldsson, ein helsta persóna í deilum Sturlungaaldar. Þar bjó jafnframt einn trúfastasti kaþólski presturinn á 16 öld, Jón Héðinsson. Um kirkjuna í Hruna er til fræg þjóðsaga, *Dansinn í Hruna*, og út af henni samdi Indriði Einarsson samnefnt leikrit. Þannig er söguefnið ærið í Hruna.

4.4 Skeiða- og Gnúpverjahreppur

4.4.1 Stöðumat

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Þjósárdalur (náttúra og saga). • Þjóðveldisbærinn. • Fossar (Dynkur, Háifoss, Hjálparfoss o.fl.). • Þjósárver. • Gljúfurleit. • Blómlegur landbúnaður. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lítil afþreying. • Engin upplýsingaþjónusta. • Þjóðveldisbærinn líflítill. • Hálendið vannýtt.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur varð til árið 2002 með samruna Skeiðahrepps og Gnúpverjahrepps og eru íbúar þar nú rúmlega 500. Svæðið er fjölbreytt, á Skeiðum er flatlendi og víðsýni en í Þjósárdal og inn á afrétti er mikil fjölbreytni og hrikalegar andstæður í náttúrunni og þar er hliðið að hálendinu um Sprengisand. Afréttur sveitarfélagsins er á milli Fossár og Þjósár og nær allt að Hofsjökli. Þar eru m.a. friðlandið í Þjósárverum og Laxárgljúfur. Vegir liggja um afréttinn, t.d. línuvegurinn og gamla Sprengisandsleiðin, inn með Þjósá að vestanverðu. Vörðuvinafélagið, áhugamannafélag heimamanna, hefur unnið ötullega að því að endurgera vörður á þeirri leið. Um sveitina liggur leið norður Sprengisand, í Veiðivötn og á Fjallabaksleið nyrðri. Verulega má bæta nýtingu sögu svæðisins í menningarferða-þjónustu og er Þjósárdalurinn enn vannýtt auðlind.

Nokkurt þéttbýli er í Árnesi og þar er helsta þjónustumiðstöð sveitarinnar en einnig er nokkur þjónusta í Brautarholti á Skeiðum. Vísir að þéttbýli er við Búrfellsstöð, en engin þjónusta. Helsti ferðamannastaður svæðisins er Þjósárdalurinn með einstakri náttúru (Háifoss, Hjálparfoss, Gjáin) og sögu (Þjóðveldisbær, Stöng og aðrar rústir). Þar eru einnig vinsæl tjaldstæði og skógur. Fjölsótt tjaldsvæði eru einnig í Árnesi og Brautarholti og sundlaugar á öllum þessum stöðum. Talsverð aukning hefur orðið á góðu gistirými í sveitarfélaginu og hestafyrirtæki eru nokkur. Þó skortir talsvert á að næg afþreying sé í boði og engin skipulögð upplýsingagjöf er til ferðamanna.

Nú er unnið að aðalskipulagi fyrir Þjósárdal, sem er vannýtt auðlind, og jafnframt er Minjavernd ríkisins að undirbúa rannsóknar- og kynningaráætlun um hinar miklu minjar í dalnum. Áður var nefnt að unnið hefur verið að úrbótum á aðgengi fyrir ferðamenn að Gjánni og Háafossi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur tekur nú þátt í Evrópuverkefninu Destination Viking Sagalands með það fyrir augum að efla kynningu á Þjósárdalnum og Þjóðveldisbænum.

4.4.2 Aðgerðir og nýbreytni

Markmið

- Byggja gestamiðstöð í Þjórsárdal.
- Vinna framtíðaráætlun fyrir Þjórsárdal (rannsóknir, verndun með nýtingu o.s.frv.).
- Halda landnámsdag(a) árlega.
- Gera sveitasælunni skil á Skeiðunum.

Gestamiðstöð í Þjórsárdal og skipulag dalsins

Metnaðarfullar hugmyndir hafa komið fram varðandi uppbyggingu gestastofu í Þjórsárdal og verkefni í tengslum við hana. Hefur Guðmundur Jónsson arkitekt í Noregi unnið grunnhugmyndir að slíkri gestastofu að frumkvæði Gnúpverjahrepps í samvinnu við Landsvirkjun. Var kallaður saman hópur sérfræðinga á ýmsum sviðum til að taka



Hugmynd Guðmundar Jónssonar að útliti gestastofu í Þjórsárdal

þátt í hugmyndavinnunni og nú nýverið var haldið málþing í Árnesi um sögu, möguleika og framtíð Þjórsárdals. Hugmyndin er að gestastofan rísi í næsta nágrenni við Þjóðveldisbæinn. Þar yrði merkri sögu Þjórsárdals (Pompei Íslands) gerð skil, sögu fólksins, samspili við náttúruna, ásamt fróðleik um jarðfræði, virkjanir og orku-

búskap. Mikilvægt er að kanna þessar hugmyndir ofan í kjölinn, s.s. hvað varðar samstarfsaðila og fjármögnunarleiðir. Lagt er til að Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands verði falin sú vinna.

Í Þjórsárdal er mikið ógert til eflingar ferðaþjónustu. Þjóðveldisbærinn er líflítill en starfsmaður sér um að miðla upplýsingum til ferðamanna. Þá hefur upplýsingagjöfin eflst með tilkomu nýrra upplýsingaskilta inni í húsinu. Ennfremur er í undirbúningi að setja upp myndarlegt fræðsluskíti við bílastæðið. Aðstaðan við Stöng er óviðunandi og nær engar merkingar á öðrum rústum í dalnum. Ástaðan er fjárskortur eins og víðast hvar í tengslum við fornminjar og minjavörslu.

Með endurbótum að Stöng, auknu lífi í og við Þjóðveldisbæinn og markvissri fræðslu um minjar, náttúru og sögu Þjórsárdal sem tengja mætti gönguleiðum og skoðunarferðum um dalinn er líklegt að auka megi aðdráttarafl hans verulega til hagsbóta fyrir alla ferðaþjónustu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Landnámsdagur

Samkvæmt Landnámu voru helstu landnámsmenn í núverandi Skeiða- og Gnúpverjahreppi Ólafur tvennumbrúni er nam Skeið, Þrándur mjögsiglandi Bjarnason er nam land milli Þjorsár og Laxár og upp til Kálfár og Sandlækjar og Þorbjörn Laxakarlfar er nam Þjorsárdal. Lagt er til að árlega verði haldinn Landnámsdagur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þar verði landnámsmenn svæðisins og þeirra föruneysi heiðrað með lifandi dagskrá í og við Þjóðveldisbæinn, á Stöng, í Árnesi og víðar um sveitarfélagið, s.s. á þeim stöðum sem landnámsmenn bjuggu. E.t.v. má hafa þetta tveggja daga hátíð. Lagt er til að skipaður verði undirbúningshópur til að vinna að undirbúningi fyrsta



Gaukur á Stöng, ástfanginn upp fyrir höfuð

landnámsdagsins þegar árið 2004. Landnámsdagarnir árin 2004 og 2005 gætu verið haldnir í tengslum við verkefnið Destination Viking Sagalands. Ástæða er ekki eingöngu þátttaka hreppsins í verkefninu heldur þátttaka Víkingasafnsins á Borg í Lófóten, sem staðsett er í vinabæjarsveitarfélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vestvágøy. Í verkefninu mun safnið á Borg kynna sögu Ólafs tvennumbrúna frá því að hann var höfðingi í Lófóten og þar til hann sigldi til Íslands og nam Skeið. Þessi kynning gæti m.a. verði liður í Landnámsdeginum.

Sveitasæla á Skeiðum

Hvergi á Íslandi er til miðstöð þar sem sveitalífið fyrr og nú er kynnt með markvissum hætti fyrir gestum þannig að þeir geti tekið þátt í því. Í uppsveitunum eru mörg myndarleg býli, ekki síst á Skeiðunum. Þar væri því tilvalið að gefa ferðamönnum kost á

Því að kynnast búskaparháttum af eigin raun, bæði í fortíð og nútíð. Lagt er til að skoðaður verði sá möguleiki að koma upp miðstöð sveitasællunnar á Skeiðunum en þá hugmynd má síðan útfæra á ýmsa vegu og byrja fremur smátt. Hlöðuböll gætu síðan verið haldin þar á kvöldin undir fjörugum dragspilsleik, hrútasýningar, kerruakstur o.fl. Hugmyndinni er hér með varpað til þeirra öfluglu ferðaþjónustufyrirtækja sem þegar eru starfandi í ferðaþjónustu á Skeiðunum, þ.e. Hestakráarinnar og Hótel Heklu.

Jaðarsetur

Sú hugmynd hefur komið upp að í Þjórsárdal ætti að rísa jaðarsetur sem veitti ferðamönnum sem eru á leið upp á hálendið alhliða þjónustu (sjá skilgreiningu í kafla 3.14.1). Mögulega mætti samþætta þær hugmyndir gestastofu í Þjórsárdal.

Heimildir

Ásborg Arnþórsdóttir og Rögnvaldur Guðmundsson 1998. *Gæði og Gestrisni, stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Uppsveitir Árnassýslu 1998-2002*. Unnið fyrir hreppana í uppsveitum Árnassýslu. RRF.

Bjarni Harðarson 2001. *Landið, Fólkið og Þjóðtrúin, Árnassýsla*. Sunnlenska bókaútgáfan.

Ferðamálaráð Íslands 2003. *Könnun meðal erlendra ferðamanna 2001-2002*. Ferðamálaráð Íslands.

Georg Kamfjörd 1990. *Trollparken*. Lillehammer Høgskole.

Gísli Sigurðsson 1998. *Fjallajardir og framafréttir Biskupstungna*. Árbók Ferðafélags Íslands 1998. Oddi.

Hagstofa Íslands 1998. *Ferðavenjur Íslendinga 1996/Icelandic Tourism Patterns 1996*. Hagstofa Íslands.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar 2003. *Hellisheiðarvirkjun, áhrif á útivist og ferðaþjónustu*. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. RRF.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar 2003. *Gildi hálandisins fyrir ferðaþjónustu og útivist til 2020, áhersla á svæðin norðan Hofsjökuls og Vatnajökuls, Síðuvatnasvæði og Torfajökulssvæði*. Unnið fyrir Orkustofun vegna rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Offset.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar 2003. *Góðir Íslendingar, símakönnun um ferðir Íslendinga um Ísland árið 2002*. Gagnagrunnur RRF.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar 2003. *Dear Visitors, könnun á ferðum erlendra ferðamanna um Íslands sumarið 2003*. Gagnagrunnur RRF.

Umhverfissráðuneytið og Skipulagsstofnun. *Miðhálandi Íslands, svæðisskipulag 2015*. Ráðgjafar Landmótun ehf: Einar E. Sæmundsson, Gísli Gíslason og Yngvi Þ. Loftsson Svansprent.

World Tourism Organization (WTO) 2000. *Tourism 2020, Vision Europe*. WTO.

World Tourism Organization (WTO) 2003. *Tourism Highlights, edition 2003*. WTO.

Viðauki

Niðurstöður hugmyndafunda heimamanna

Bláskógabyggð, fundur í Aratungu

Samvinna, samstarfsaðilar og verkefni

Árlegur samvinnufundur ferðaþjónustuaðila ³³	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Standa saman í gæðamálum	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sameiginleg kynning fyrirtækja	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Nokkrar skipulagðar pakkaferðir innan svæðis	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Ævintýraferðir: jeppar, hestar, göngur, matur, gisting	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sögutengdar ferðir	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Samvinna yfir Kjöl (verkefni á Kili)	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Bændabýli og gróðurhús: veiði og matsala	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Samvinna milli ferðaþjónustuaðila og atvinnuvega	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Samvinna við Fornleifastofnun og Þjóðminjasafn	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Suðurland eitt svæði	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Þematilboð sundlaugar pöbbar o.fl.	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Uppsveitirnar eru hluti af Suðurlandi	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Efla samvinnu milli aðila í héraðinu	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sameiginlega hátíð á nokkrum stöðum t.d. um helgi	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Skóða hjá hvert öðru hvað verið er að gera	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Við skóla, útikennsla, vettvangsferðir	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Félög eldri borgara, hóptilboð, gisting, afþreying	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Auglýsa uppsveitirnar saman í sjónvarpi og blöðum	☹ ☹ ☹ ☹ ☹

Án punkta

Samvinna við þá sem veita ferðaþjónustu á norðanverðum Kili
 Snýrtimennska
 Samningadag í uppsveitunum, samvinnu
 Fá nemendur í verkefni
 Auglýsa saman á heilsíðu í Mogganum
 Byggja upp afþreyingu í Skálholti
 Fjölskyldutilboð
 Skálholt/Þingvellir
 Saga, heilsa, atvinnulíf
 Rólegar rútuferðir milli staða stoppað í öllum verslunum
 Útbúa samstarf í kynningu
 Vísa á aðra í leiðinni

³³. Þýðing merkja: ☹ mikilvægast (nr.1) / ☹ mikilvægt (nr. 2-4).

Selja á 1-4 staði saman í rútuferð

Sameiginlegan fund til að vita hvað fólk er að gera og auglýsa síðan sameiginlega.

Vísa hver á annan í þjónustu

Auka fræðslu til ferðamanna

Vinna 3-5 aðilar saman (pakki)

Markhópar: hestahópar, starfsfélagar, árshátíðir, erlendir ferðamenn, íslenskir ferðamenn, gistifólk, sumarhúsafólk, íþróttahópar, söguhópar, gönguhópar.

Kynning, útgáfumál, merkingar, auglýsingar

Sögukort uppsveitanna	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sameiginleg kynning á sambærilegri þjónustu	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Internetið heimasíður og auglýsingar	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Útbúa merki fyrir uppsveitir Árnessýslu	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sveitin sækir sýningar og kynnir hver sitt fyrirtæki	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Ein vefsíða fyrir landshlutann	☹ ☹ ☹
Gott slagorð fyrir Bláskógabyggð	☹ ☹ ☹
Markaðsátak sameiginlegt 2003	☹ ☹ ☹
Gæðastaðal	☹ ☹ ☹
Gæði og gestrisni tryggir endurkomu, besta kynningin	☹ ☹ ☹
Bæta kortið sem þegar er til	☹ ☹
Býður þig velkominn í Bláskógabyggð	☹ ☹
Stóra auglýsingu ekki hver á sínu frímerki	☹ ☹
Merkingar	☹ ☹
Sameiginleg heimasíða	☹ ☹
Þjóða ferðaskrifstofum árlega	☹ ☹
Meðvitund heimamanna	☹
Lógó fyrir Bláskógabyggð	☹
Bæklingur um þjónustu og afþreyingarmöguleika á svæðinu	☹
Fækka bæklingum	☹
Pemabæklingar	☹
Pemakort	☹
Efla Uppsveitavef ML	☹
Kynning í sjónvarpi	☹
Auglýsa saman alla afþreyingu fyrir Bláskógabyggð	☹
Áhersla á sögu og menningu.	☹
Kynna jarðhitánýtingu betur.	☹

Án punkta

Gullni hringurinn á verðlaunapeninga

Upplýsingar á vef hrepps

Bláskógafréttir á netinu

Sameiginleg auglýsing fyrir uppsveitirnar í fjölmiðlum

Sameiginlega auglýsingu í ferðabæklingum

Sameiginleg auglýsing í sjónvarpi

Sameiginleg auglýsing í blöðum

Sífelld að angra fréttamenn með fréttum

Sameiginlega kynningu með uppákomum í 2-3 daga
Hátíðar - og kynningarhelgi
Bæklingar fyrir Íslendinga inn á öll heimili
Uppsveitakort
Myndabækling
Landakort með afþreyingarmerkjum
Efla Internetkynningu
Fyrirtækjamerkingar á fötum
Internetið
Greinaskrif í blöð
Kynning innanlands
Kynna hver annan
Vera saman í t.d. Sumar á Suðurlandi
Sameina á kynningu á svæði í heild
Slagorð
“Sveitin heima”
“Himnaríki á jörðu”
Uppsveitir í 1. sæti dregur að fleiri
Áhersla á fegurð gæði og gestrisni
Snigla kynning
Þjóðgarðsmynd
Veðurfarsmæling, besta veðrið
Bláskógabæklingur
Gæði
Fjölbreytni
Bækling á hvert heimili
Á öðrum síðum
Kort á netið

Afþreying, þróun núverandi afþreyingar og hugmyndir að nýsköpun

Laugarvatn, baðstaður fjölskyldunnar	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Áhersla á börn (leikur og upplifun)	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Virkja handverksfólk á svæðinu (sbr. Laugarvatn)	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sagnaskemmtanir	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Fellgöngur safna fellum	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sýning á gömlum vinnubrögðum	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Leikjagarður	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Gönguleið kringum Langjökul	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sögur úr sveitinni	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Náttúruskoðunarferðir	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Festival	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Heilsulindir úti í náttúrunni	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Fuglaskoðun	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Vetrarparadís, skoðunarferðir	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Gefa plöntur til gróðursetningar	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Stuttar ferðir með svæðisleiðsögn, akandi og gangandi	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹

Skipulagðar gönguferðir með nesti og leiðsögn	😊😊
Haukadalur	😊😊
Sögukynning á Skálholtsstað	😊😊
Glímusýning	😞
Heilsustyrking, nudd, böð, göngutúr	😊
Heilsuhelgi. Skipulögð dagskrá fyrir fólk á besta aldri	😊
Hestasýning	😊
Sigling á Hvítárvatni	😊
Vatnasport	😊
Gönguferðir með leiðsögn staðkunnugra	😊
Fyrirtækjaheimsóknir, opnir staðir	😊
Markaður	😊
Hestaferð að Hagavatni 3 daga	😊
Efla dýragarðinn	😊
Skemmtigarð	😊
Tívoli	😊
Spilakvöld	😊
Fuglaskoðun með leiðsögn	😊
Kynna vín og fjallalambið	😊
Markaður	😊
Kynning á landslagi og örnefnum	😊
Draugastaðir	😊
Miðnæturgolf	😊
Minigolf	😊
Sögumenn	😊

Án punkta

Bergþór í Bláfelli - hver er sterkastur
 Vín- og bjórkyrningar
 Gera upp gufubaðið á Laugarvatni
 Bátaleigur
 Íþróttasetur
 Íþróttatengdar óvissuferðir
 Söguskoðunarferðir
 Barnagarða, vatnsleiki
 Gönguferðir á sagnatengdum leiðum
 Ratleiki um göngustíga
 Glímukennsla
 Ratleikur
 Leikur, leitinn að veigum lífsins
 Fræðslustígar út frá stöðum
 Keilusalur
 Pílukeppni
 Billiard
 Hestaferðir
 Gönguleiðir, sumar og vetur
 Skíðagöngubrautir

Norðurljós
Afmælis dagar
Skipulagðar gönguferðir
Nýting náttúruauðlinda, heitt, kalt vatn
Gönguleiðir á fjöll
Sögusýning um Gissur Þorvaldsson í Haukadal
Fara oftár út að borða
Söguferðir um landnám Ketilbjarnar
Golfvöllur
Leiðsögn
Blóma og grænmetismarkaður
Upplifun, t.d. þegar brauð er tekið úr hver
Norðurljósaferð og heitur pottur
Sögustund
Siglingar á Hvítárvatni
Heimsókn til bænda
Atvinna fólksins, búskapur, list, gúrkur
Atvinnuþróun, gamalt og nýtt
Gera meira úr réttardegi
Dvöl á sveitabæ
Vísna og söngkvöld
Opin býli, garðyrkja, mjólk og sauðfé
Fleiri opin atvinnufyrirtæki
Fræðslugróðurhús
Leikrit, söguleg á Þingvöllum
Kynning á dýralífi
Hestaleiga
Hestaferðir
Sýning á gangtegundum hesta
Veiðiferðir í silungsvötn og læki
Efla ferðaþjónustu við Hlöðufell og Skjaldbreið
Hagamúsín
Óvissuferð í skógi
Köfun
Listanámskeið með listamönnum
Veiði
Heilsudagar, hollur matur, skipulögð hreyfing
Heilsuhótel
Landgræðsla
Dagsferð á jeppa

Umræður

Náttúruleg böð! Heitar laugar! (Marteinslaug)

Grímsnes- og Grafningshreppur, fundur á Borg

Afþreying, þróun núverandi afþreyingar og hugmyndir að nýsköpun

Kynning á sögu / þjóðsögu	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sundlaug og pottar á Borg	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Afréttarferðir	☺ ☺ ☺ ☺ ☺
18 holu golfvöllur m/ gistihúsum og golfskála	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Kaffihús, kabarett, myndlistarsýning, fræðsla	☹ ☹ ☹ ☹
Bílferðir innan svæðis með leiðsögn	☹ ☹ ☹
Gönguferðir með leiðsögn	☺ ☺ ☺
Hestaferðir	☺ ☺ ☹
Þjónusta við hestafólk	☺ ☹
Fellagöngur (safna fellum)	☺ ☹
Ferðir um sveitina með leiðsögn	☺ ☹
Dorgveiði	☺ ☹
Interaktívar skoðunarferðir	☹ ☹
Uppsveitavíkingurinn	☹ ☹
Göngustígar með uppl. um menningu og náttúru	☹
Kynning, skoðun hjá bændum, fyrirtækjum	☹
Minigolf	☹
Göngustígar með uppl. um jarðfræði og merka staði	☺
Vatnarennibraut (í vötn)	☺
Umhverfisfræðsla	☺
Jólaferðir, jólagjafir	☺
Leikhús, uppákomur	☺
Unglingavinna: leiklist og gamla barnaleiki, þjóðsögur	☺
Sagnakvöld	☺
Handverkssýning á gömlu / sýnikennsla	☺

Án punkta

Smalamennska
 Námskeið
 Myndlistarsýning
 Spila, tefla, dansa
 Göngu-, hesta-, bíltúrar
 Kabarettisýning
 Leiðsögn, sögukynning
 Kynna sögu svæðisins
 Handverksmiðstöð
 Óvissuferð í skógi
 Skógarganga með sögumanni
 Myndmenntakennsla
 Kennsla á handverki
 Gönguferð með leiðsögn
 Fljótasigling
 Kynning á næsta umhverfi, gönguleiðum og sögustöðum

Útsýnisflug
Hálendisferðir
Óvissuferðir
Efla ferðapjónustu við Hlöðufell/Skjaldbreið
Dýragarð
Golf
Vistmenning
Golfvöll á Nesjavöllum
Dagskrá fyrir börn sumarhúsafólks
Kynning á gróðri og náttúru
Silungsveiði
Planta tré
Umhverfisfræðsla (interaktív)
Veiðikeppni á vötnum
Tengja gróðursetningu á tré og bændagistingu
Sportbar
Veiðimennska s.s. fiskur, fuglar, refur, minkur
Kajakasiglingar
Skotveiði (eldisfugl)
Veiðitjarnir í næsta nágrenni við golfvöll
Fuglaskoðun
Motorcross
Draugastaðir
Dagsferðir um sveitina
Sögumenn
Hvalaskoðun
Fjallgöngur
Gömul vinnubrögð
Rally
Vatnarallý
Sundlaug með rennibraut
Hestaferðir
Sund
Heilsurækt
Vísnaqvöld á Gömlu-Borg
Skipulagðar gönguferðir
Tengja saman gönguferðir Hengill-Ingólfsfjall-Grímsnes
Heilsurækt

Samvinna, samstarfsaðilar og verkefni

Ferðamiðstöð	
Sveitarstjórn styðji við ferðapjónustu meira en nú er, samvinna.	
Pakka; menning, matur, afþreying.	
Samvinnudagur 2x á ári	
Uppsveitir auglýsi saman	
Samvinnufundir ferðapjónustuaðila á svæðinu	
Samvinnu meðal ferðapjónustuaðila við ferðaskrifstofur	

Ferðaþj.aðilar vinni saman að ná Íslendingum á svæðið allt árið	😊😊😊
Sameiginlegt veiðikort	😊😊
Fá ferðamálabrautir skóla í samvinnu	😊😊
Sameiginlegar augl, fræðandi og spennandi frá hreppnum	😞
Samtenging fyrirtækja: menning, list, náttúra, matur og gisting	😞
3-5 aðilar búa til pakkatilboð	😞
Uppskeruhátíð ferðaþjónustuaðila	😊
Fyrirtækjaferðir fyrir starfsfólk erlendra og innlendra fyrirtækja	😊

Án punkta

- Ferðaþjónusta og leikhópar
- Bændabýli, veiði, gróðurhús, matsala
- Samvinna með ferðaþjónustu víða, hérlendis og erlendis
- Samvinna bílaleigu og fyrirtækja innan svæðis
- Samvinna ferðaskrifstofu og fyrirtækja innan svæðis
- Samvinna innan svæðis, sveitarfélags, uppsveita, sýslu
- Ferðaþjónustuaðilar bjóði hver öðrum heim
- Samvinna við Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum
- Samvinna um gerð bæklinga
- Ferðaþjónustuaðilar af ólíkum toga búa til pakka fyrir hópa, óvissuferðir.

Kynning, útgáfumál, merkingar, auglýsingar

Sögukort	😞😞😊😊😊😊😊😊😊😊😊😊😊😊
Auka merkingar við vegi	😊😊😊😊😊😊😊😊😊😊
Ferðaþjónustuaðilar auglýsi saman	😊😊😊😊😊😊😊😊
Hreppurinn augl. í "Á ferð um Ísland" "Sumar á Sl."	😞😊😊😊😊😊😊
Slagorð "Grímsnesið góða"	😊😊😊😊😊😊
Kynna sérstöðu Grímsness fyrir útlendingum	😊😊😊😊
Fræðandi upplýsingar um staðhætti	😞😞
Gerum okkur mikilvægari í augum ferðamannsins	😞😞
Við ákveðum hvaða ímynd ferðamenn hafa af okkur	😞😊
Merking sögustaða	😞😊
Gönguleiðakort	😊😊
Merkja þjóðsögustaði	😊
Meiri áhersla á að kynna Íslendingum	😊
Internet heimasíða	😊
Efla heimasíðu uppsveitanna	😊

Án punkta

- Veðursæld
- Páttagerð í útvarpi, sjónvarpi
- Kynning á gömlum eldstöðvum
- Samræmd skilti innan svæðis
- Samkeppni um logo sveitarfélagsins, merki
- Bæklingar
- Internet

Hrunamannahreppur, fundur á Efra-Seli

Samvinna, samstarfsaðilar og verkefni

Sameiginlegt átak um betri vegi	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Sameiginleg kynning fyrirtækja	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
3-5 aðilar vinni saman að því að búa til pakka	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Markaðsráð uppsveitanna skipað formönnum ferðamálanefnda	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Samvinna matsala, framleiðsla, afþreying	☹ ☹
Ferðaþjónustuaðilar vísi hver á annan	☹ ☹
Bæta enn hið ágæta uppsveitakort	☹ ☹
Vinna með fréttastofum, fréttamönnum	☹ ☹
Nemendur vinna verkefni	☹
Hótel Flúðir, garðyrkjubændur, mjólkurframleiðendur	☹
Hótel Flúðir, hestar, vélsleðar, jeppar, hálandisferðir	☹
Menning heimam, kirkja, sóknarnefnd, félagasamtök, heimafólk	☹
Samstarfsfundir ferðaþjónustuaðila (1-2 ári)	☹
Brúarhátíð v/Hvítárbrúar kórar og fleiri atriði beggja megin	☹
Framleiðslufyrirtæki heima, ferðaskrifstofur og hótel í Rvk.	☹

Án punkta

Skóli, aðrir skólar
 Ferðamálanefndir vinni að heildarkynningu fyrir uppsveitirnar
 Samvinna allra vegna Iðandi daga
 Samvinna um að vera barnvæn
 Sveitastjórn, ferðamálaráð, kynningarfyrirtæki, ferðaskrifstofur
 Samvinna í gæðamálum
 Vetrardagskrá, menningarkvöld
 Aukið samstarf við ferðaskrifstofur
 Óvissuferðir fyrir hópa - einstaklinga
 Ferðaþjónustuaðilar á staðnum
 Ferðaþjónustuaðilar starfi saman, ekki of stíf samkeppni
 Hreppar, ferðaþjónusta, framleiðendur
 Hreppurinn í kynningu á staðnum
 Verslun, hótel, framleiðendur
 Öll fyrirtæki á staðnum
 Opið hús á garðyrkjustöðvum vissa daga

Kynning, útgáfumál, merkingar, auglýsingar

Góð heimasíða á netinu	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Góð heimasíða sveitarfélagsins	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Íbúaþing, hvar ætlum við að vera eftir 3-5-10 ár	☹ ☹ ☹ ☹ ☹ ☹
“Fallegt og friðsælt á Flúðum”	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Merkja sögustaði	☹ ☹ ☹ ☹ ☹
Kynna sérstöðu í framleiðslu	☹ ☹ ☹ ☹
Uppsveitamatsaðill, kjöt, grænmeti	☹ ☹

Brugga Eyvindaröl eða Hrunadansdrykk	😊😊
Upplýsingaskilti við innkomu í sveitina (kort nöfn)	😊😊
Sögukort	😊😊
Upplifun	😊😊
Merki fyrir hreppinn, t.d. dansandi prest	😊
Göngukort	😊
Sameiginlegt Lógó Uppsveita	😊
Upplýsingabækling um hvað er í boði hér	😊
Í vinsælum útvarpsþáttum	😊
Markaðssókn sveitarfélagsins	😊
Fyrirtæki auglýsi sameiginlega	😊
Rólegheit, afslöppun	😊

Án punkta

Fræðsluskilti á merkum stöðum
Útsýnisskífur á gönguleiðir
Merkja sögustaði m/sögu staðarins
Merkja þjóðsögustaði, draugar, álfar...
Flúðir vagga matjurtaræktunar
Hafa leiðsögumenn til staðar ef á þarf að halda til í hvað sem er
Kynna betur menningu og sögu svæðisins
Leggja áherslu á veðursæld
Kynna betur kjörorðið "Gæði og gestrisni"
Búa til þema fyrir svæðið t.d. suðræna veðurparadís svo sem tré, músik, mat, drykk
Kyrrð
Nota Flúðir í kynningum fremur en Hrunamannahreppur
Sameiginlegt merki uppsveita
Kynna golfið erlendis
Fjölskylduvænt

Afbreyting, þróun núverandi afbreytingar og hugmyndir að nýsköpun

Byggðasafnið Gröf og Fjalla-Eyvindarstofa (samruni)	😊😊😊😊😊😊😊😊
Jarðarberjadagur	😊😊😊😊😊😊😊😊
Betri sunaðstaða	😊😊😊😊😊😊😊😊
Veiðivatn	😊😊😊😊😊😊😊😊
Sveppadagur	😊😊😊😊😊😊😊😊
Leikjagarður	😊😊😊😊😊😊😊😊
Gönguferðir með sögumann	😊😊😊😊😊😊😊😊
Fuglaskoðunarferðir	😊😊😊😊😊😊😊😊
Áhættumót í Laxárgljúfrum í anda "Fear factor"	😊😊😊😊😊😊😊😊
Heimamenn skemmta gestum	😊😊😊😊😊😊😊😊
Skemmtisögur	😊😊😊😊😊😊😊😊
Skoðunarferðir í hestakerru	😊😊😊😊😊😊😊😊
Menningarsamkomur, söngur, sögur, þjóðdansar	😊😊😊😊😊😊😊😊
Dekurferðir fyrir örþreytt fjölskyldufólk (barnlaust)	😊😊😊😊😊😊😊😊
Dansnámskeið fyrir ferðamenn	😊😊😊😊😊😊😊😊

Fljótasiglingar	😊
Jarðfræðistofa, kynning á jarðfræði hitasvæði	😊
Opin atvinnufyrirtæki	😊
Ferðir um sögustaðir, draugar, álfar, útilegumenn	😊

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, fundur í Árnosi

Samvinna, samstarfsaðilar og verkefni

Reglulegt samráð ferðaþjónustuaðila	😊 😊 😊 😊 😊 😊 😊 😊
Samvinna yfir Sprengisand, Mývatn	😊 😊 😊 😊 😊
Hafa það sjáanlegt að við stöndum saman	😊 😊 😊 😊
Fundir ferðaþjónustuaðila á svæðinu 4 sinnum á ári	😊 😊 😊
Verkefni með Landsvirkjun	😊 😊 😊
Samvinna við Rangárvallasýslu	😊 😊 😊
Uppsveitirnar áfram saman að málum	😊 😊
Sameiginlegur markaðsmaður á vegum ferðaþjónustuaðila	😊 😊
Selja gönguferðir m/leiðsögn, mat, nesti og gistingu (öll gistih)	😊 😊
Samstarf um ferðir leiðsögn og gistingu	😊 😊
Suðurland eitt svæði	😊
Samstarf fyrirtækja á svæðinu, kynning, fjármögnun	😊
Mismunandi fyrirtæki pakka, samvinnu	😊
Afrþeyingarpakki, Gnúp.og Skeið	😊
Matsala – bóndi (kjöt), veiði (fiskur), gróðurhús (grænmeti)	😊

Án punkta

Samvinna milli sveita og við nágrannasýslur
Samvinna við Þjóðminjasafn og Minjavernd
Nemendaverkefni
Ferðaþjónustuaðilar vinni saman og búi til pakka
Fjölbreyttar pakkaferðir
Árlegur samvinnufundur
Kynning einu sinni á ári innan svæðis
Samvinna um gæðamál
Verða barnvæn samvinna
Standa vörð um þá ferðamenn sem koma á svæðið (sameiginlega)
Samstarf við Norðmenn (Lófóten) og fleiri þjóðir
Samvinna milli ferðaþjónustuaðila, vísa hver á annan

Kynning, útgáfumál, merkingar, auglýsingar

Myndir á mjólkurfernur	😊 😊 😊 😊 😊 😊 😊 😊 😊
Sögukort	😊 😊 😊 😊 😊
Heimasíða með eftirfylgni	😊 😊 😊 😊
Fyrirtæki auglýsi saman	😊 😊 😊 😊
Fá betri merkingar frá þjóðvegi eitt í uppsveitirnar	😊 😊 😊 😊
Merkja sögustaði	😊 😊 😊

Kynna afréttinn, hálendið	😊😊
Kynna Þjósárdal betur	😊😊
Tengja svæðið Landnámssögu	😞
Fossabæklingur	😊
Plaköt Foss-Fjall-Hvar-Hvað	😊
Getraunatengd kynning	😊
Sameiginlegt uppsveitamerki	😊
Vandað kort m.a. vegir, gönguleiðir, reiðgötur	😊
Slagorð “Í friði og ró”	😊

Án punkta

Gönguleiðakort
 Vel merkt kennileiti eru áhugavekjandi
 Kynningarhópur með farandkynningu
 Sýningar
 Umslag með kynningu á svæðinu, bæklingar
 Pakkatilboð
 Ferðaþjónustuaðilar auglýsi saman
 Aukið samstarf ferðaþjónustuaðila í kynningarmálum
 Bækling um náttúruperlur sem eru nálægt
 Gagnvirkur kynningardiskur
 Ferðaþjónustuaðilar hafi gott viðmót við gesti
 Gott orðspor
 Náttúrufegurð, fjöllin, fossarnir, hálendið
 Gamli reiðvegurinn um Skeiðin, merktur vel
 Kynna fornar þjóðleiðir/slóða
 Gæði og gestrisni
 Slagorð, nafn, merki fyrir svæðið
 Kynna Þjósárdalinn betur
 Sögu (kynningar) skilti í alfaraleið
 Merkja þjóðsögustaði, draugar, álfar...
 Merkja áfangastaði t.d. Þjósárdal
 Öflug heimasíða allt um ferðaþjónustu
 Ein vefsíða á landshluta

Afþreying, þróun núverandi afþreyingar og hugmyndir að nýsköpun

Lifandi fortíð; líf/leikhóp/víkingasýningar í Þjóðveldisbænum	😊😊😊😊😊😊😊
Skipulagðar gönguferðir	😞😊😊😊😊
Víkingadag í Þjósárdal	😞😊
Stuttar ferðir m. leiðsögn gangandi akandi	😞
“Drullupoll” við sundlauginu í Þjósárdal	😞
Námskeið tónlist, leiklist, trjárækt o.fl.	😞
Heimsókn til gamalla karla og kvenna sögufróðra	😞
Landnámsdagur, minnst landnámsmanna	😊
Stangveiði, sleppilón	😊
Fornar slóðir	😊

Skógurinn	☺
Siglingar á Þjórsá	☺
Internet hraðtengingu Árnes-Brautarholt	☺

Án punkta

Upplýsa ferðamenn um svæðið
Opna menningarlíf heimamanna fyrir gestum
Halda tónleika og söngkvöld á veturna
Menningarkvöld
Sagnaskemmtanir
Lifandi Þjóðveldisbæ með leikþáttum
Kanínu veitingahús
Matseðla með áherslu á heilsumat úr íslensku hráefni
Barnaþorp á tjaldsvæði
Uppákomur í Þjóðveldisbæ
Ferðir með smölun á haustin
Gönguferðir með leiðsögn um Þjórsárdal
Gönguleiðir á afrétti, Gljúfurleit
Sýning á gömlum vinnuaðferðum
Merktar gönguleiðir í byggð
Opinn sveitabæ
Fjósaskoðun
Merktar gönguleiðir
Fræðsla tengd jarðfræði landsins
Göngur og réttir
Árneseyjan
Minigolf
Gönguferðir með sögumanni
Ævintýraferðir byggðar á eða tengdar þjóðsögum
Óvissuferðir
Merkja, afmarka, byggja upp staði tengda Landnámu
Hestaferðir